

# ÁRSSKÝRSLA HOFSTADASKÓLA



**2008-2009**





## Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR .....</b>	<b>5</b>
<b>1. ANNÁLL SKÓLAÁRSINS .....</b>	<b>6</b>
<b>2. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR.....</b>	<b>12</b>
Stjórnendur .....	12
Starfsmenn .....	12
Nemendur .....	12
Húsnæði .....	13
Skóladagatal .....	16
Samstarf heimila og skóla .....	16
Foreldrafélag Hofsstaðaskóla.....	16
<b>3. ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI.....</b>	<b>18</b>
Símenntun stjórnenda/kennara/starfsmanna .....	18
Heimaskólaverkefni - vettvangsnám .....	18
Starfsáætlun skólans 2008-2009 og framkvæmd hennar .....	19
Mat á skólastarfi - sjálfsmat.....	24
Inngangur að sjálfsmatsskýrslu Hofsstaðaskóla fyrir árið 2008 .....	27
Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2008 .....	28
Færni miðað nám í stærðfræði og ensku .....	46
Samræmd próf .....	49
Læsi í 1. og 2. bekk.....	51
Vettvangsferðir.....	52
Þemadagar- fjölgreindaleikar.....	54
Grænfánaskóli.....	55
<b>4. ÝMSAR SKÝRSLUR.....</b>	<b>58</b>
Skýrsla deildarstjóra yngri og eldri deilda.....	58
Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk .....	59
Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk .....	60

---

Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk .....	62
Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk .....	64
Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk .....	66
Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk .....	67
Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk .....	69
Skýrsla um kennslu í erlendum tungumálum .....	74
Skýrsla Bókasafns Hofsstaðaskóla .....	76
Skýrslur kennara í list- og verkgreinum .....	78
Heimilisfræði .....	78
Myndmennt .....	80
Textilmennt .....	81
Smíði .....	82
Tónmennt .....	85
Íþróttir .....	87
Sundkennsla .....	89
Skýrsla sérkennslunnar .....	90
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa .....	93
Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni .....	96
Skýrsla kerfisstjóra Hofsstaðaskóla .....	105
<b>5. TÓMSTUNDAHEIMILI .....</b>	<b>108</b>

## INNGANGUR

Markmiðið með útgáfu ársskýrslu grunnskólanna er að gera grein fyrir helstu atriðum í skólastarfinu skólaárið 2008-2009. Leitast er við að gefa yfirlit yfir það fjölbreytta starf sem fram fer í skólanum. Auk þess að fjalla um daglegt starf koma fram ýmis atriði sem tókust sérstaklega vel, og ábendingar um sitthvað sem betur má fara. Að gerð skýrslunnar koma kennarar, deildarstjórar o.fl. auk skólastjóra og aðstoðar-skólastjóra sem ritstýrir verkinu.

Skýrslan skiptist í fimm kafla, auk formála: Hagnýtar upplýsingar, samstarf heimila og skóla, áherslur í skólastarfi, ýmsar skýrslur og skýrslu tólmstundaheimilis. Skýrsluna prýða ljósmyndir úr starfi vetrarins og gefa þær vonandi innsýn í þau margvíslegu viðfangsefni sem nemendur fást við.

Skýrslunni er dreift til skólaráðs, stjórnar foreldrafélagsins, skólanefndar Garðabæjar, forstöðumanns fræðslu- og menningarsviðs, deildarstjóra skóladeildar, auk þess sem hún er aðgengileg á heimasíðu skólans og liggur frammi á skrifstofu hans.

Ýmsar frekari upplýsingar um daglegt starf í Hofsstaðaskóla er að finna á vefsíðu skólans: <http://www.hofsstadaskoli.is>

Hofsstaðaskóla í júní 2009  
Margrét Harðardóttir skólastjóri

## 1. ANNÁLL SKÓLAÁRSINS

Skólasetning í Hofstaðaskóla var föstudaginn 22. ágúst þegar nemendur komu sinn fyrsta skóladag á skólaárinu. Eins og oft áður mættu mjög margir foreldrar og forráðamenn með börnum sínum á skólasetninguna. Nemendur fóru heim að lokinni stund með umsjónarkennurum og mættu síðan samkvæmt stundaskrá í skólann mánudaginn 25. ágúst. Margir starfsmenn sóttu námskeið í vísindum og útikennslu sem haldið var í skólanum með styrk frá menntamálaráðuneytinu. Kennarar sátu ennfremur námskeið sem haldið var á vegum Skólaþróunar í ágúst.

Starfsmenn skólans skipulögðu hópeflisferð í Kjósina í ágúst. Þennan föstudag var rok og rigning, en engu að síður var farið í ratleik og borðað í tjaldi sem skátafélagið Vífill hafði komið upp við sumarbústað. Starfsmenn voru mjög ánægðir með ferðina, sem vonandi verður að árvissum atburði.

Svokallaðar skjátöflur eða gagnvirkar töflur hafa verið að ryðja sér til rúms í íslenskum skólum á undanförunum misserum. Hofstaðaskóli er þar engin undantekning því skólinn hefur fjárfest í þremur slíkum töflum á undanförunum árum. Keyptar voru þrjár *Smartboard* töflur af *Varmás* í Mosfellsbæ. Ein taflan er staðsett í tölvustofunni en hinar tvær í kennslustofum 4. bekkja. Umsjónarkennarar í 4. bekk og kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni unnu að þróunarverkefni um notkun skjátaflanna.

Haufundir með foreldrum voru haldnir dagana 9.-11. september, en þá kynntu umsjónarkennarar námsefni vetrarins, skólareglur, heimanám og ýmsa aðra þætti skólastarfsins. Fundirnir voru mjög vel sóttir og sýna vel áhuga foreldra á skólastarfinu og skólanum.

Í september var umferðarvika og verkefninu „Göngum í skólann“ var ýtt úr vör. Langþráður battavöllur var vígður 12. september við mikinn fögnuð nemenda og kennara. Ýmislegt annað var á döfinni, s.s. Skólamjólkdagurinn og Evrópski tungumáladagurinn. Barnabókahátíðin „Draugar úti í mýri“ var á dagskrá á bókasafninu í þriðju viku september.



„Loksins battavöllur“

Góðir gestir komu í heimsókn í lok mánaðarins en það voru starfsmenn Selásskóla í Reykjavík. Tilgangurinn með heimsókn þeirra var að kynna sér skólastarf í Hofstaðaskóla og í Garðabæ.

Nemendur í 6. bekk fóru í sína árlegu vettvangsferð að Vífilsstaðavatni, sem hluta af námi í náttúrufræði. Aflinn sem nemendur drógu að landi var fluttur í skólann og krufinn. Sumum fannst þetta heldur ógeðslegt, en aðrir voru mjög spenntir og skoðuðu og skilgreindu að hætti vísindamanna.

Í október fóru nemendur í 5. bekk á Þjóðminjasafnið í tengslum við verkefni í samfélagsfræði. Menntamálaráðuneytið lagði samræmd könnunarpróf fyrir nemendur í 4. og 7. bekk.

Hofsstáðaskóli hefur gert samstarfssamning við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um vettvangsnám kennaranema. Fyrsta heimsókn nema á skólaárinu var í október. Aðstoðarskólastjóri kynnti skólann og skólalastarfið fyrir nemunum en þeir koma til okkar af og til í æfingakennslu á meðan þeir eru í námi.

Nemendur í 7. bekk buðu jafnöldrum sínum í Flataskóla og Sjálandsskóla á hrekkjavökuball í október, en áður höfðu nemendur unnið þemaverkefni í ensku um „Halloween“.

Á bókasafninu var árlegur bangsadagur bókasafna haldinn hátíðlegur. Yngri nemendur mættu með bangsa í skólann og bókasafnsbangsinn var dreginn fram í fullum skrúða.

Nemendur í 2. bekk fengu góða gesti í heimsókn, en það voru konur úr Lionsklúbbum *Eik* í Garðabæ. Þær sögðu krökkunum frá starfi sínu og gáfu þeim litabók sem þær gefa sjálfar út.

Við fengum aftur góða gesti í heimsókn. Að þessu sinni voru það starfsmenn frá Varmalandsskóla í Borgarfirði sem heiðruðu okkur með návist sinni, en tilgangur heimsóknar þeirra var að kynna sér skólalastarfið.

Nemendur í 7. bekk fóru í skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði vikuna 3.-7. nóvember, en það er orðin hefð í Garðabæ. Dagskrá skólabúðanna er byggð á náttúrufræði, íþróttum og lífsleikni. Nemendur skólans stóðu sig mjög vel og tóku þátt í dagskránni af lífi og sál.

Góðir gestir komu í heimsókn í *Norrænu bókasafnsvikunni*, lásu og kynntu norrænar bókmenntir fyrir nemendum og lásu kafla úr völdum bókum.

Skemmtunin á sal föstudaginn 14. nóvember var tileinkuð *Degi íslenskrar tungu* en þá komu nemendur á yngri stigi saman og hlýddu á upplestur. Það voru Sólon Baldvin og Jón Gunnar úr 4. R.S. og Freydis og Hilda úr 4. B.S. sem lásu sögu um tröllastrákinn Dynk og sýndu myndir. Í lok dagskrár var samsöngur. Einnig má segja að undirbúningur að *Stóru upplestrarkeppninni* hefjist þennan dag.

Skólaráð var stofnað við skólann 17. nóvember sbr. grunnskólalög nr. 91/2008. Í skólaráðinu sitja: Margrét Harðardóttir skólastjóri, Anna Magnea Harðardóttir kennari, Ragnheiður Stephensen kennari, Agnes Kragh stuðningsfulltrúi, Vala Guðný Guðnadóttir, Kristbjörg Ágústsdóttir og Hildur Pétursdóttir fulltrúar foreldra og grenndarsvæðis. Helga Þöll Guðjónsdóttir og Óskar Þór Þorsteinsson voru kjörin fulltrúar nemenda. Við óskum nemendum innilega til hamingju með kjörið og hlökkum til að vinna með þeim að ýmsum hagsmunamálum nemenda. Auk þess situr Hafdís Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri fundina. Starfsreglur skólaráðs hafa verið samþykktar og eru að finna á heimasíðu skólans. Skólaráð fundaði þrisvar á skólaárinu.

Fjölgreindaleikar voru á dagskrá 19.-20. nóvember, í stað hefðbundinna þemadaga. Nemendur reyndu sig í ýmsum þrautum í tvo daga. Þeim var skipt í hópa þvert á aldur og voru eldri nemendur liðsstjórar og aðstoðarmenn þeirra yngri. Ánægjulegt var að sjá hve eldri nemendur tóku hlutverk sitt alvarlega og voru duglegir að hjálpa þeim yngri.



Liðstjórar safna saman liði sínu

Tímabilið 27. nóvember til 11. desember fóru fram kannanir á vegum sjálfsmatshóps skólans. Kannanirnar eru rafrænar og voru sendar nemendum, foreldrum og starfsfólki skólans í tölvupósti. Þátttaka meðal nemenda og starfsmanna var mjög góð, en þátttaka foreldra viðunandi eða um 60%

Árlegur laufabrauðsdagur foreldrafélagsins var laugardaginn 29. nóvember, en þá mættu nemendur og foreldrar í skólann og skáru út og steiktu laufabrauð.

Foreldrafélag skólans gaf skólanum hljómflutningstæki af fullkornustu gerð sem gera okkur kleift að stjórna flottu diskóteki í salnum. Hugmyndin er síðan að koma upp liði tæknimanna úr hópi nemenda.

Mánudaginn 1. desember var tekin upp hægri umferð í Hofsstaðaskóla. Ákveðið var að taka hægri umferðina upp með eftirminnilegum hætti og fara í skruðgöngu um skólann. Búið var að setja upp merkingar og broskarla um alla ganga sem minna okkur á að halda okkur hægra megin þegar við ferðumst um skólann. Þetta er gert til að nemendur rekist síður hver á annan, sérstaklega í stigunum.

Nemendur og starfsfólk snæddu saman jólamat - hangikjöt og tilheyrandi 17. desember. Þessi samvera er orðin að skemmtilegri hefð í skólanum. Jólaleyfi hófst 20. desember.

Skólastarf hófst í byrjun janúar að loknu jólaleyfi. Prófadagar í 5.-7. bekk voru á sínum stað. Foreldra- og nemendaviðtöl voru í lok janúar þar sem farið var yfir námsmat og stöðu hvers og eins nemanda.

Páll Ólafsson félagsráðgjafi á Bæjarskrifstofu Garðabæjar hélt erindi fyrir starfsfólk og nemendur í 5.-7. bekk um lífsleikni og samskipti. Hann bauð ennfremur upp á fræðslufund fyrir nemendur í 7. bekk og foreldra þeirra um unglingsárin - 7 ráð fyrir 7. bekk.

Nemendur í 4. bekk tóku þátt í verkefninu *Börn hjálpa börnum* með því að ganga í hús í nágrenni skólans og safna fyrir *ABC barnahjálp*. Alls söfnuðust kr. 123.402,-, en sú upphæð dugir fyrir 2.468 skólamáltíðum handa nemendum í barnapörpi ABC.

Nemendur í 6. bekk héldu þorablót í febrúar og slógu upp myndarlegri veislu og buðu foreldrum sínum, og kennurum. Þorablótið var veglegt að vanda og nemendum til mikils sóma. Búið var að æfa dans í íþróttum og komu nemendur foreldrum sínum á óvart með fótafiminni.

Lestraráttak hófst í 2. 3. og 4. bekk og voru foreldrar boðaðir á fund með deildarstjóra sérkennslu og umsjónarkennurum þar sem þeir fengu í hendur leiðbeiningar um hvernig þeir geta hjálpað börnum sínum heima til að ná settum markmiðum í lestrinum.

Öskudagurinn var með svipuðu sniði og verið hefur. Nemendur og starfsfólk mætti í margvíslegum búningum og höfðu allir greinilega lagt sig fram um að setja skemmtilegan svip á daginn. Settar voru upp mismunandi stöðvar bæði í íþróttahúsinu og inni í skólanum og völdu nemendur þær stöðvar sem þeir höfðu áhuga á. Diskótek var haldið fyrir alla nemendur og nýttist ný tækjabúnaðurinn í salnum gríðarlega vel.

Hofsstaðaskóli var á haustmisseri 2008 meðal 39 grunnskóla á landinu þar sem fram fór úttekt á sjálfsmatsaðferðum. Í 11 af þeim 39 skólum sem voru í úttektinni voru viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats uppfyllt af öllu leyti. Hofsstaðaskóli var einn af þeim skólum.

Nokkrir nemendur í 7. bekk tóku þátt í verkefninu *Raddir barna í Ríkisútvarpinu*, en UNICEF – Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna mælist til að fjölmiðlar helgi 1. mars röddum barna og ungmenna. Nemendur tóku þátt í dagskrárgerð og fjölluðu m.a. um Bláfjallasvæðið, Náttúrustofu í Kópavogi og Hestaleigu í Laxnesi.

Kynningarfundur á vegum Skólaskrifstofu var haldinn í Tónlistarskólanum í byrjun mars. Foreldrar verðandi 6. ára barna og barna sem eiga að fara í 5. bekk var boðið á þennan fund til þess að auðvelda þeim valið á milli skóla í bæjarfélaginu.

Foreldrafélag Hofsstaðaskóla, í samstarfi við *Heimili og skóla*, bauð foreldrum/forráðamönnum barna í skólum Garðabæjar á fyrirlestur um örugga netnotkun barna og unglinga. Erindið var gagnlegt, en gaman hefði verið að sjá fleiri foreldra nemenda á fræðslufundinum.



Nemendur í 3. og 6. bekk fengu góðan gest í heimsókn í tengslum við námsefni um himingeiminn, en Sævarr Guðmundsson eigandi *Stjörnuversins* setti það upp í hátíðarsal skólans. *Stjörnuverið* er sýndarheimur þar sem nemendur fræðast um stjörnur, reikistjörnur og tunglið. Með *Stjörnuverinu* er auðveldara að útskýra og miðla einföldum grunnatriðum himinhvolfsins á myndrænan og eftirminnilegan hátt.

Leikskólabörn í Garðabæ komu í heimsókn til að skoða sinn væntanlega vinnustað og nemendur í 7. bekk heimsóttu Garðaskóla og Sjálandsskóla.

Í tilefni af hönnunardögum 26.-29. mars – Hönnunarmars - sýndu nemendur skólans afrakstur vinnu sinnar í list- og verkgreinum á Garðatorgi. Verkin voru síðan sýnd í *IKEA* versluninni þannig að fjöldi gesta lagði leið sína á sýninguna og góður rómur var gerður að verkum nemenda.

Nemendum var boðið upp á *Tækni-Lego* námskeið í skólanum í mars. Til gamans má geta að á námskeiðinu voru um 100 kíló af tækni-LEGO kubbum. Tómsundaheimilið stóð fyrir þessu námskeiði.

*Stóra upplestrarkeppnin* var að þessu sinni haldin Tónlistarskólanum í Garðabæ en Sóley Ásgeirsdóttir nemandi í 7. BV í Hofstaðaskóla lenti í öðru sæti. Við erum stolt af okkar stelpu og óskum henni hjartanlega til hamingju.

Tómsundaheimili Hofstaðaskóla fékk loks nafn, en haldin var samkeppni meðal barnanna. Tómsundaheimilið var skírt með viðhöfn og hlaut nafnið *Regnboginn*. Reiknað er með að tómsundaheimilið flytji í nýtt húsnæði í kjallara skólans í haust.

Nemendur í 7. bekk héldu árshátíð í lok apríl - þemað í ár var stjörnur og var salurinn skreyttur í anda kvikmyndastjarna. Foreldrum og kennurum var boðið til kvöldverðar og haldin var glæsileg hæfileikakeppni. Veitt voru þrenn verðlaun, fyrir glæsilegasta atriðið, fjögugasta atriðið og frumlegasta atriðið. Að borðhaldi og skemmtiatriðum loknum fóru foreldrar heim og unglíngarnir stigu dans við dúndrandi tónlist. Allir lögðust á eitt við að gera þessa hátíð sem glæsilegasta og nýttust mismunandi hæfileikar og áhugi nemenda við það.



Hitað upp fyrir hlaupið

*Vímuvarnarhlaup Lions*, undir stjórn Lionsklúbbsins *Eikar*, fór að venju fram í maí og tóku nemendur 5. bekkja þátt í því. Fyrir hlaupið ræddi Ragnheiður Ragnarsdóttir sundkona við nemendur og hvatti þá til heilsusamlegra lífnaðarháttá. Nemendur stóðu sig með mikilli þryði en 5. ÓHG sigraði að þessu sinni.

Fulltrúar frá Kiwanisklúbbum *Setbergi* komu færandi hendi í maí og gáfu nemendum í 1. bekk hjólahjálma að gjöf sem börnin eru hvött til að nota alltaf þegar þau hjóla, eru á hlaupahjólum eða línuskautum.

Samstarf við leikskóla bæjarins var með miklum blóma. Áfram var haldið með sérstakt samstarfsverkefni við leikskólann Hæðarból. Nemendur unnu að sama sögurammanum og komu í heimsókn í íþróttatíma og bókasafn svo eitthvað sé nefnt. Vorskólinn var á sínum stað í apríl og maí.

Nemendur í 2. og 6. bekk unnu saman að hreinsun meðfram Arnarneslæk frá Bæjarbraut að Reykjanesbraut og fengu að launum hvatningastyrk frá bænum. Ákveðið var að einn eldri bekkur og einn yngri bekkur yrði saman. Föstudaginn 8. maí fóru nemendur í 6-LK og 2-ÁS í sína hreinsum og gekk allt mjög vel fyrir sig. Nemendum samdi mjög vel og tókst í sameiningu að fylla nokkra ruslapoka. Sumt rusl komst þó ekki ofan í pokana eins og eldgamlir sólstólar, 4 metra löng járnör o.fl. Allt rusl var þó fjarlægð og því raðað fallega upp við ruslagám skólans.

4. bekkur fékk það hlutverk að gróðursetja 20 aspir á skólalóðinni. Nemendur unnu saman í fjögurra manna hópum og gróðursetti hver hópur tvær plöntur. Allir nemendur stóðu sig einstaklega vel og verður gaman að fylgjast með þessum plöntum vaxa á næstu árum og gaman fyrir krakkana að fá tækifæri á að skilja eftir sig eitthvað varanlegt við skólann.

Foreldrar verðandi 1. bekkinga voru boðaðir á kynningarfund um miðjan maí. Fjórir nemendur í 6. bekk tóku að sér að kynna skólann sinn og gerðu það með stakri þryði.

Dagana 6. – 26. maí tóku nemendur og starfsmenn Hofsstaðaskóla þátt í verkefninu *Hjólalá eða gengið í skólann*. Þátttaka og áhugi nemenda var alveg frábær en að meðaltali komu 93% nemenda hjólandi eða gangandi í skólann þessa daga. Starfsmenn stóðu sig einnig mjög vel en um það bil 75% þátttaka var í starfsmannahópnum.

Skólakór Hofsstaðaskóla setti upp söngleikinn *Ávaxtakörfun* í byrjun maí undir stjórn Unnar Þorgeirsdóttur tónmenntakennara. Nemendum á yngra stigi var boðið að horfa á söngleikinn á skólatíma, auk þess sem foreldrum var boðið á sýningu. Leikskólabörnum og nemendum í 1. bekk í Langholtsskóla var einnig boðið. 37 stelpur tóku þátt í sýningunni og stóðu sig allar með mikilli þryði.



Litríkir „ávextir“

*Íslensku menntaverðlaunin* voru veitt í fimmta sinn 28. maí 2008. Leitað var til Hofsstaðaskóla um að hýsa athöfnina að þessu sinni, og er það mikill heiður. Kvenfélag Garðabæjar sá um veitingar. Blásarasveit Tónlistarskólans sem í eru nemendur í Hofsstaðaskóla á aldrinum níu til tólf ára spiluðu tvö lög undir stjórn Jóhanns Björns Ævarssonar hornleikara og tónlistarkennara.

Íþróttadagur var á dagskrá 4. júní og tóku allir nemendur þátt. Í lok dagsins var keppni í Mýrinni á milli nemenda í 7. bekk og starfsmanna. Starfsmenn unnu í reiptogi og nemendur í kappáti og þrautahlaupi. Veðrið lék við okkur þennan dag og allir voru glaðir í bragði.

Nemendur unnu til margvíslegra verðlauna í íþróttum o.fl., bæði sem einstaklingar og í hópíþróttum. Þeim er óskað hjartanlega til hamingju með árangurinn.

Síðustu dagar skólaársins einkenndust að venju af útiveru og óhefðbundnara skólastarfi. Nemendur fóru í fjöruferðir, hjólaferðir, bæjarferðir Vífilsbúð í Heiðmörk og í ýmsar aðrar vettvangsferðir. Þetta árið voru nemendur meira á heimaslóðum en oftast áður.

Skólastjórnendur og skólaliðar grillaðu pylsur fyrir alla nemendur og starfsfólk, en sólin skein skært á meðan grillað var. Alls voru grillaðar rúmlega 600 pylsur.

Miðvikudaginn 10. júní sl. voru skólaslit í Hofsstaðaskóla. Skólanum var þá slitið í 32. skipti við mikið fjölmenni. Skólakórinn söng á skólaslitunum og allir sungu saman undir stjórn Soffiu Fransisku Rafnsdóttur tónmenntakennara.

Veitt voru verðlaun í nýsköpunarkeppni í 5. bekk, en þeir sem hlutu verðlaun að þessu sinni voru: Grétar Logi Mánason, Eldey Ósk Mánadóttir og Elísabet Ágústadóttir. Það er gaman að segja frá því að Eldey Ósk og Grétar Logi eru tvíburar.

Ennfremur voru veitt verðlaun í lampasamkeppni, sem er valgrein í 6. bekk. Veitt voru fern verðlaun: Hönnuður skólans er Sara Líf Sigsteinsdóttir, en aðrir verðlaunahafar eru Helga Þöll Guðjónsdóttir, Kári Þór Arnarsson og Óskar Þór Þorsteinsson. Ikea og Marel veittu nemendum vegleg verðlaun - iPod og myndavélar ásamt merktum Ikea lömpum.

Kiwanisfélagar veita líkt og undanfarin ár nemendum í 7. bekk viðurkenningu fyrir góðan árangur í íslensku. Þeir sem hlutu verðlaun í ár voru: Guðmundur Einar Hannesson, Harpa Guðrún Hreinsdóttir og Sólveig Erla Sigurðardóttir.

Í Hofsstaðaskóla er hefð fyrir því að veita verðlaun fyrir bestan samanlagðan námsárangur og umsagnir í hverjum 7. bekk. Að þessu sinni hlutu eftirtaldir nemendur þessi verðlaun: Unnur Andrea Ásgeirsdóttir 7. AMH, Harpa Guðrún Hreinsdóttir, 7. BV og Marín Elvarsdóttir 7. EP

Í ár voru einnig veitt verðlaun fyrir góðar framfarir í textíl og smíðum í 7. bekk en Halla Björk Vigfúsdóttir og Stefán Örn Þórarinsson urðu fyrir valinu.

Skólafólk talar gjarnan um að nemendur hafi mismunandi námstíla og ólík áhugasvið. Einn nemandi í 7. bekk hefur verið svo lánsamur að fá að rækta hæfileika sína hér í skólanum undir dyggri leiðsögn Elísabetar Benónýsdóttur kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni, en það er Jóhann Hinrik Jónsson. Jóhann hefur verið okkar aðaltækniamaður, upptökumaður og klippari, en Garðaskóli fær að njóta hæfileika hans næsta skólaár. Jóhann fær sérstaka tæknimannaviðurkenningu frá Nýherja.

Nemendur í 7. bekk bjuggu til myndband um skólagöngu sína í Hofsstaðaskóla með aðstoð kennara sinna. Brynja Lía Þórisdóttir kynnti myndbandið og taldi að það yrði gaman að skoða það aftur eftir 20 ár.

Starfsfólk Hofsstaðaskóla óskar nemendum, foreldrum/forráðamönnum og öðrum velunnurum skólans gleðilegs sumars – með þökk fyrir samstarfið í vetur.

398 nemendur hafa verið innritaðir í skólann fyrir næsta skólaár Skóladagatal skólaársins 2009-2010 er á heimasíðu skólans og ennfremur er bent á atburðadagatalið sem má nálgast sömu síðu.

Margrét Harðardóttir skólastjóri

## 2. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

### Stjórnendur

**Skólastjóri:** Margrét Harðardóttir

**Aðstoðarskólastjóri:** Hafdís Bára Kristmundsdóttir

**Deildarstjóri yngri deilda: (1.-4. bekk):** Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir

**Deildarstjóri eldri deilda: (5.-7. bekk):** Kristrún Sigurðardóttir

**Deildarstjóri sérkennslu:** Margrét Einarsdóttir

### Starfsmenn

Við skólann störfuðu, auk skólastjórna, 39 kennarar, þá má nefna kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni, tölvuumsjónarmann, umsjónarmann tómsundaheimilis öll í 100% starfi. Námsráðgjafi var í 80% starfi. Bókasafnsfræðingur í 75% starfi. Talmeinafræðingur, sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur í hlutastarfi. Aðrir starfsmenn voru 30, nokkrir í hlutastarfi. Nánari upplýsingar um starfsmenn skólans er að finna á vefsíðunni <http://www.hofsstadaskoli.is>.

### Leyfi, veikindaleyfi

Björg Jónsdóttir var í fæðingarorlofi frá september og út skólaárið. Elva Björk Ágústsdóttir námsráðgjafi var í námsleyfi á skólaárinu. Brynja Jónsdóttir var í veikindaleyfi til 1. október. Björk Ólafsdóttir var einnig í veikindaleyfi frá 1. október fram í byrjun desember. Áslaug Hreiðarsdóttir var í veikindaleyfi frá 23. febrúar til páska. Bryndís Svavarsdóttir fór í veikindaleyfi um miðjan maí. Jytte Hjartarson var í veikindaleyfi í október og nóvember.

Eftirtaldir starfsmenn létu af störfum í lok skólaárs: Norma Haraldsdóttir skólaliði hætti störfum eftir 8 ára veru í skólanum og eru henni færðar bestu þakkir fyrir frábært starf í gegnum árin. Harpa Maren Sigurgeirsdóttir námsráðgjafi og Erla Björk Pálsdóttir kennari létu af störfum, en þær komu inn í afleysingar fyrir Björgu Jónsdóttur og Elvu Björk Ágústsdóttur. Jóhanna Mjöll Þórhallsdóttir hjúkrunarfræðingur hætti störfum. Ingibjörg Símonardóttir talmeinafræðingur lét af störfum í byrjun skólaársins og í hennar stað kom Gréta E. Pálsdóttir. Öllum þessum starfsmönnum eru færðar þakkir fyrir gott samstarf og óskað alls hins besta á nýjum vettvangi.

### Nemendur

Á skólaárinu voru 388 nemendur í Hofsstaðaskóla, þar af voru 54 í 1. bekk. Nemendum hefur fjölgað um 43 frá árinu 2004. Í júní 2009 eru skráðir 398 nemendur í skólann. Fjölgað hefur talsvert í verðandi 5. bekk og leita þarf leiða til að bregðast við ef fleiri bætast við því húsnæði skólans býður ekki upp á fjölgun bekkjardeilda. Afar brýnt er að huga strax að stækkun skólans til þess að hægt verði að halda fjölda í bekk hæfilegum og taka á þeim nýnemum sem flytjast í nærliggjandi hverfi s.s. Akralandi.

Fjöldi nemenda í Hofsstaðaskóla síðustu fimm ár

	2004	2005	2006	2007	2008
Fjöldi nemenda	345	396	391	400	388

Skipting í bekk skólaárið 2008-2009 var þannig að í 4. bekk voru tvær bekkjardeildir en þrjár bekkjardeildir í 1.-3. og 5.-7. bekk. Fjöldi nemenda í bekk var frá 17 til 23. Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda nemenda í bekk og kynjaskiptingu þeirra.

Fjöldi drengja og stúlkna í bekkjardeild í Hofsstáðaskóla 2008-2009

Bekkjardeild	Fjöldi drengja	Fjöldi stúlkna	Samtals
1. ÁH	8	10	18
1. IS	9	7	17
1. ÞÞ	8	11	19
2. ÁS	10	9	19
2. HS	8	10	18
2. RJ	10	12	22
3. ABR	12	11	23
3. GP	11	10	21
3. US	8	13	21
4. BS	9	14	23
4. RS	13	8	21
5. HK	7	11	18
5. ÓHK	7	9	16
5. ÖM	8	10	18
6. BÓ	6	11	17
6. LK	7	13	20
6. ÓP	9	10	19
7. AMH	8	11	19
7. BV	10	10	20
7. EP	10	9	19
<b>Samtals</b>	<b>178</b>	<b>210</b>	<b>388</b>

## Húsnæði

Auk skólabyggingarinnar er kennt í 5 „Hofum“ eða lausum kennslustofum. Þrjú Hofanna voru bekkjarstofur 3. bekkinga, og í tveimur þeirra fer fram kennsla í náttúrufræði og ritþjálfu auk tónlistarkennslu á vegum Tónlistarskóla Garðabæjar.

Öll rými sem mögulegt er að nýta í vinnu með nemendum eru nú í notkun enda kalla breyttir kennsluhættir á aukið og fjölbreyttara húsnæði. Gangar eru mikið notaðir til kennslu t.d. í hópastarfi og þemavinnu. Nauðsynlegt er að huga að uppbyggingu upplýsingavers sem inniheldur bæði skólasafn og tölvuaðstöðu fyrir minni og stærri hópa í fjölbreyttri verkefnavinnu.

Í skólanum eru almennar kennslustofur 21 og bekkjardeildir 20. 21. stofan er sérkennslustofa. Þá er ekki gert ráð fyrir viðbótarhúsnæði vegna fjölbreyttari kennsluhátta svo og mismunandi þarfa nemenda. Á skólaárinu hefur nemendum með sértækar greiningar s.s. einhverfu fjölgað frá því sem áður var. Útbúið var nýtt rými með lokun í enda gangs á efri hæð til þess að búa til viðbótaraðstöðu vegna nemenda með sérþarfir.

Aðstaða kennara er fremur þröng ef frá eru taldar kennslustofur. Vinnuherbergi kennara fékk andlitslyftingu og var einnig útbúið sem fundarherbergi. Slíkt var nauðsynlegt vegna þess að vöntun var á aðstöðu fyrir stærri fundi og samstarf fjölmargra hópa sem myndaðir eru bæði vegna verkefna og nemenda. Einn galli er þó á því að um leið þrengir að vinnuaðstöðu kennara og annarra starfsmanna vegna bókonar funda og þess að ganga þarf í gegnum herbergið til þess að komast út á svalir í sal sem hafa að geyma tækniúnað við svið og aðstöðu í salnum.

Aðstaða sérfræðinga er fremur bágborin og bæst hefur í hóp þroskþjálfarar sem þurfa viðunandi vinnu- aðstöðu. Því er brýnt að huga nú þegar að byggingu nýrrar álmu við Hofsstaðaskóla sem mætir þörfum skólafélags í stöðugri þróun.

Endurbætur á sal skólans héldu áfram og er hann orðinn mjög vel útbúinn. Byggðar voru svalir fyrir ljósa- og tæknibúnað. Settur var upp sýningarskjár, skjávarpi og fullkomin hljómflutningstæki. Það sem er eftir er einkum ljósabúnaður og síðan má huga að betri hljóðvist í salnum.

Loksins var battavelli komið fyrir á lóð skólans en nemendur höfðu beðið lengi eftir honum. Völlurinn hefur verið gríðarlega vel nýttur í vetur og hafa nemendur Fjölbrotarskólans t.d. fengið aðgang að honum í íþróttatímum þeirra. Völlurinn var byggður ofaná fyrrverandi fótboltavöll þannig að ekki er um viðbót að ræða við leikvelli skólalóðarinnar. Enn á eftir að bæta undirlag körfuboltavallar en þar vill safnast mikið vatn þegar rignir.

Í lok síðasta skólaárs var hafist handa við að finna lausn á húsnæðisvanda tómstundaheimilisins. Ákveðið var að breyta kjallara skólans í tómstundaheimili. Var þegar hafist handa við hönnun og svo framkvæmdir sem hófust með því að grafið var frá húsinu og gerðir gluggar og hurð inn í borðtennissal í kjallaranum. Salurinn var á árum áður nýttur af íþróttafélaginu Stjörnunni. Framkvæmdir hafa gengið vel og þrátt fyrir þröngan fjárhag var hægt að ljúka þeim og stóð til að opna nýtt tómstundaheimili um miðjan apríl. Af því gat því miður ekki orðið vegna þess að hljóðvist í húsnæðinu er óásættanleg og stenst ekki reglugerðir. Nú er unnið að því að leysa það mál og verður vonandi hægt að hefja starf tómstundaheimilisins í sérútbúnum aðstæðum strax í upphafi næsta skólaárs. Húsnæðið er um 300 fm. að stærð. Þar er ágæt aðstaða fyrir starfsmenn og nemendur. Innangengt er úr skólanum og aðgengi að leiksvæði barnanna mun batna verulega.

Samfara framkvæmdum við tómstundaheimilið var tekið til hendinni í kjallaranum. Skólinn fékk nýja geymsluaðstöðu og bókaeymslu sem auðveldar aðgengi að hvoru tveggja. Ekki spillir fyrir að búið er að fara yfir og velja úr það sem er nýtilegt og farga öðru sem safnast hefur saman í árána rás. Aðstaða til þess að geyma endurnýtanlegt efni sem stöðugt er safnað í skólanum stórbatnar og mun án efa verða til þess að slíkt verður meira notað.



Vaskir starfsmenn við víslu battavallarins



## Skipting námsgreina

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda kennslustunda í hverri námsgrein og heildarstundafjölda hvers árgangs. Auk þess var nemendum í 1.–4. bekk boðið upp á næðisstund að morgni í 15 mínútur og nemendum í 5.–7. bekk 10 mínútna stund. Þá er kennari mættur í bekkjarstofu og á stund með nemendum. Foreldrar geta komið og hitt kennara.

Skipting námsgreina skólaárið 2008-2009

Námsgrein / árgangur	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.
Íslenska skiptist í:	8	7	7	6	5	5	5
Markviss málörvun	*						
Málrækt		*	*	*	*	*	*
Stafsetning		*	*	*	*	*	*
Ljóð		*	*	*	*	*	*
Ritun	*	*	*	*	*	*	*
Bókmenntir				*	*	*	*
Skrift	*	*	*	*	*	*	*
Lestur	*	*	*	*	*	*	*
Framsögn		*	*	*	*	*	*
Lesskilningur	*	*	*	*	*	*	*
Hlustunarskilningur	*	*	*	*	*	*	*
<b>Stærðfræði</b>	6	5	6	5	5	5	5
<b>Samfélags- /kristin- sið- og trúarbragðafræði (1)</b>	3	3	3	2	4	4	2
<b>Náttúrufræði og umhverfismennt (2)</b>	2	2	1	1	3	3	2
<b>Enska</b>	1	1	1	1	3	3	3
<b>Danska</b>							3
<b>Lífsleikni/salur</b>	2	2	2	2	2	2	2
<b>Ritþjálf</b>				1	1	1	
<b>Hringekja ****</b>			1	3	1,5	1,5	2
<b>Tölvur</b>	1	1	1	1	1	1	1
<b>List og verkgreinar***</b>	2	4	4	4	4	4	4
<b>List og verkgreinar / val **</b>						1	1
<b>Tónmennt</b>	2	2	2	2			
<b>Íþróttir</b>	2	2	2	2	2	2	2
<b>Sund*****</b>	1	1					
<b>Nesti</b>	5	5	5	5	4,38	4,38	4,38
<b>Samtals</b>	35	35	35	35	35,88	36,88	36,38

\*Stjórnumertir reitir í íslensku skilgreina þá þætti sem kenna á. Ekki þarf að skrá á stundatöflu nemenda hvað verið er að kenna í íslenskutímum.

\*\*Nemendur eru hálfan veturinn í vali, tvær kennslustundir í senn. 7. bekkur fyrir áramót en 6. bekkur eftir áramót.

\*\*\* Sund er kennt á námskeiði í list og verkgreinaskipulaginu hjá 1., 2., 3., 5., 6. og 7. bekk

\*\*\*\* Sund er kennt á námskeiði í hringekjuskipulagi hjá 4. bekk

\*\*\*\*\* Sund er kennt á námskeiði eftir skóla, 2x1 kennslustund á viku í 1.b en ein kennslustund í 2.b. til viðbótar tímum í LV skipulagi.

(1) Á stundatöflu nemenda heitir greinin samfélagsgreinar.

(2) Á stundatöflu nemenda heitir greinin náttúrufræði.

## Skóladagatal

Starfsemi skólans var í samræmi við samþykkt skóladagatal ársins 2008-2009. Það var unnið í samráði við foreldraráð skólans og skólaskrifstofu. Sjá nánar á: <http://www.hofsstadaskoli.is>.

Skólaasetning var 22. ágúst 2008. Jólaskemmtanir voru 19. desember, bæði fyrir eldri og yngri deildir, og jólafrí frá 20. desember til 4. janúar 2008. Vetrarfrí var frá 16.-20. febrúar. Páskafrí frá 6.-13. apríl og skólaslit voru 10. júní 2009.

## Samstarf heimila og skóla

Samstarf heimila og skólans hefur aukist mjög á undanförunum árum. Margir kennarar eru nánast í daglegu sambandi við foreldra gegnum tölvupóst. *Mentor* er í stöðugri þróun og verður sífellt þægilegri og auðveldari í notkun. Þar geta foreldrar fylgst náið með námsframvindu barna sinna og ástundun þeirra. Heimasíða skólans er sívirk og þess gætt að hún birti stöðugt gagnlegar upplýsingar og fréttir úr skóla-starfinu. Yfirumsjón með heimasíðunni hefur Elísabet Benónýsdóttir kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni og sér hún einnig um að fræða kennara um nýjungar í samskiptum og tölvumálum.

Skólaráð Hofsstáðaskóla var formlega stofnað 17. nóvember 2008. Skólaráðið starfar samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/2008.

Skólastjóri boðaði til fundar skólaráðs sbr. sömu lög. Kjörnir fulltrúar í foreldraráði óskuðu eftir að sitja í skólaráði, þ.e. sem fulltrúar foreldra og fulltrúi grenndarsvæðis. Fulltrúar kennara og starfsmanna voru kjörnir á starfsmannafundi. Nemendur voru að þessu sinni valdir af deildarstjóra eldra stigs, en í framtíðinni verða þeir kosnir af nemendum í 6. og 7. bekk.

Í skólaráði sitja: Margrét Harðardóttir skólastjóri, Vera Guðmundsdóttir og Vala Guðný Guðnadóttir fulltrúar foreldra, Kristbjörg Ágústsdóttir, fulltrúi grenndarsvæðis og/eða viðbótarfulltrúi foreldra, Anna Magnea Harðardóttir og Ragnheiður Stephensen fulltrúar kennara, Agnes Kragh fulltrúi annarra starfsmanna og Helga Þöll Guðjónsdóttir og Óskar Þór Þorsteinsson nemendur í 6. bekk fulltrúar nemenda.

## Foreldrafélag Hofsstáðaskóla

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Markmið foreldrafélagsins er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Rannsóknir hafa sýnt að ef foreldrar eru virkir í samstarfi þá líður börnunum betur í skólanum og námsárangur þeirra eykst. Einn mikilvægasti liður í starfsemi félagsins er að stuðla að öflugri bekkjarstarfi. Þeir koma að félagslífi í samstarfi við kennara, bekkjarkvöldum og ferðum ásamt því að aðstoða á ýmsan hátt við stærri viðburði s.s. jólaskemmtun, þorrablót 6. bekkja og árshátíð 7. bekkja. Foreldrar eru vakandi yfir framboði og gæðum matarins sem börnunum stendur til boða í skólanum. Foreldrar stóðu einnig fyrir bekkjarmyndatökum í nóvember.



Foreldrafélagið hefur milligöngu um að kosnir séu tveir bekkjarfulltrúar í hverjum bekk sem síðan hafa það hlutverk að skipuleggja og halda utan um félagsstarf bekkjarins í samvinnu við kennara. Markmið bekkjarstarfsins er meðal annars að byggja upp góðan félagsanda innan bekkjarins og stuðla að því að nemendur, kennarar og foreldrar kynnist betur. Það leiðir til aukinnar vellíðunar nemenda í skólanum og minnkar líkur á einelti. Einnig geta foreldrar samræmt reglur um útivist o.fl.

Í stjórn foreldrafélagsins sitja sex fulltrúar foreldra. Þeir eru kosnir á aðalfundi í maí, ýmist til eins eða tveggja ára. Stjórnin fundar mánaðarlega, að jafnaði fyrsta mánudag í hverjum mánuði. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans.

### **Eftirtaldir foreldrar skipuðu stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2008-2009**

Iðunn Bragadóttir formaður

Guðrún Willardsdóttir varaformaður

Herdís Guðmundsdóttir ritari

Þorgeir Axelsson gjaldkeri

Haraldur Líndal meðstjórnandi

Helga Kristinsdóttir meðstjórnandi



Hressar stúlkur í frímínútum

### 3. ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

#### Símenntun stjórnenda/kennara/starfsmanna

Ný símenntunaráætlun fyrir skólann var unnin á vorönn fyrir skólaárið 2009-2010 og kynnt fyrir starfsmönnum í apríl. Skólinn fékk styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að halda námskeið um vísindi og útikennslu.

Kennarar/starfsmenn fara margvíslegar leiðir í persónulegri endurmenntun og gera grein fyrir henni á sérstöku eyðublaði sem farið er yfir í starfsmannasamtölum í febrúar/mars. Á skólaárinu var m.a. eftirfarandi sí- og endurmenntun á dagskrá:

- Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sátu námskeið í stjórnun hjá HR
- Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sátu námskeið um Uppbyggingarstefnuna
- Sérkennarar og þroskajálfar sátu námskeið um einhverfu, lestrarkennslu o.fl.
- Nokkrir starfsmenn sátu námskeið á vegum Greiningarstöðvar ríkisins um einhverfu.
- Fjórir kennarar og aðstoðarskólastjóri eru í framhaldsnámi við Menntavísindasvið HÍ
- Tveir stuðningsfulltrúar eru í réttindanámi í þroskajálfun á Menntavísindasviði HÍ
- Kennarar í 1. og 2. bekk sátu námskeið í markvissri málörvun
- Skólastjóri og deildarstjórar sóttu ráðstefnu skólastjóraráðs Reykjaness
- Kennarar og starfsmenn sátu nokkur örnámskeið í upplýsingatækni
- Hópur kennara sótti námskeið um huglæga matslista Gerd Strand
- Námsráðgjafi sat námskeið m.a. um Uppbyggingarstefnuna og hugræna atferlismeðferð
- Nokkrir kennarar sátu námskeið um notkun skjátöflu í kennslu
- Tveir kennarar sóttu námskeið um blindrakennslu í Noregi
- Auk þess sóttu flestir starfsmenn námskeið sem snýr að þeirra kennslugrein og áhugasviði

#### Heimaskólaverkefni - vettvangsnám

Haustið 2007 gerði Hofsstáðaskóli samning við Kennaraháskóla Íslands nú Menntavísindasvið HÍ um vettvangsnám kennaranema. Sú nýbreytni er höfð á að nemar eignast heimaskóla og eru tengdir honum öll námsárin þó með ýmsum tilbrigðum. Nemarnir koma oftast á vettvang en áður var og dvelja skemur í einu. Í öllum námskeiðum í HÍ er tenging við vettvang sem getur falist í athugun á kennslu í einstökum námsgreinum eða aldurshópum, fyrirlögn verkefna og eða kennslu allt eftir kjörsviðum og hvar nemarnir eru staddir í námi sínu. HÍ greiðir skólanum ákveðna upphæð pr. nema á önn og í Hofsstáðaskóla rennur sú upphæð til þeirra kennara sem taka að sér nema í aðstoð og æfingakennslu.

Hópur reyndra og áhugasamra kennara tekur á móti nemunum í umsjá aðstoðarskólastjóra sem er tengiliður við HÍ. Heimaskólaverkefnið er kærkomið tækifæri til aukins starfsþroska kennara vegna þess að þeir þurfa að skoða eigið starf og færa rök fyrir ákvörðunum á vali t.d. kennsluaðferða og námsefnis. Þeir verða að stíga út fyrir starfið og skoða sjálfan sig og starfsaðferðir með augum annarra. Það er einnig bæði gagnlegt og gefandi að taka á móti nýliðum og miðla til þeirra af reynslu sinni. Tengingin við Menntavísindasvið gefur ennfremur tilefni til margs konar samvinnu s.s. um rannsóknir á skólastarfi og þróunarstarfi auk tækifæra til þess að fylgjast með nýjungum í kennslufræðum. Þannig getur heimaskólaverkefnið verið í senn tækifæri og vettvangur skólaþróunar.

Á haustönn voru sex kennaranemar í HÍ með samning við Hofsstáðaskóla og um áramót bættust við tveir til viðbótar sem hófu þá nám í HÍ. Nemarnir voru bæði á 1. og 2. ári. Kjörsvið þeirra voru kennsla yngri barna, samfélagsfræði, enska og upplýsingatækni. 1. árs nemar unnu rannsóknarverkefni í aðferðafræði þar sem þeir kynntu sér t.d. viðhorf nemenda í 7. bekk til þess að skipta um skóla og fara í 8. bekk í annan skóla.

Þess má geta að nemendur Hofsstáðaskóla voru afar jákvæðir gagnvart skiptunum og kviðu engu. Á haustönn voru tveir kennaranemar á 3. ári af myndmenntakjörsviði í vettvangsnámi hér í skólanum en þeir voru þeir síðustu sem koma inn skv. „gamla“ kerfinu.

Eftirtaldir kennarar veittu kennaranemunum leiðsögn: Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Bryndís Svavarsdóttir, Erla Björk Pálsdóttir, Elísabet Benónýsdóttir, Kristrún Sigurðardóttir, Lilja Karlsdóttir, Ragna Jóhannsdóttir, Ragnheiður Stephensen og Sólrún Guðbjörnsdóttir. Hreinn Októ Karlsson og Ragnheiður Þórdís Ragnarsdóttir tóku á móti tveimur nemum í íþróttáfræðum við HR. Tveir nemar í þroskaþjálfun við Menntavísindasvið HÍ voru í vettvangsnámi hjá Guðnýju Sigurjónsdóttur og Ragnhildi Sigurðardóttur.


Hafdís Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólalastjóri

## Starfsáætlun skólans 2008-2009 og framkvæmd hennar

Í eftirfarandi umfjöllun er gerð grein fyrir framkvæmd þeirra markmiða sem sett voru fyrir árið og hvernig þeirri vinnu miðar.

- Námskeið um náttúruvísindi/eðlisvísindi – útikennslu og einstaklingsmiðað nám- styrkt af menntamálaráðuneyti. Umsjónarmenn Gunnar Börkur Jónasson og Hlín Helga Pálsdóttir kennarar við Háteigsskóla í Reykjavík. Í lok námskeiðsins verður gerð formleg áætlun í útikennslu og skólanámskrá í vísindum verður endurskoðuð og samræmd. Markhópur: Kennarar, sérfræðingar og stuðningsfulltrúar. Stýrihópur: Deildarstjórar stiga og umsjónarkennari í 4. bekk.

Námskeiðið hófst í ágúst 2008 og lýkur formlega í ágúst 2009. Þátttakendur voru alls 39. Námskeiðið var í formi fyrirlestra og vinnuhópa sem skiluðu af sér verkefnum sem hægt er að nota í útikennslu. Matslisti var lagður fyrir þátttakendur. Námskeiðið hefur greinilega kveikt í nokkrum kennurum auk þess að vera fín upprifjun. Útikennsla þarf ekki að vera flókin og hugmyndabankinn mun gagnast vel. Nokkrir hafa notað gagnabankann á vordögum og verið með útikennslu t.d. í stærðfræði, íslensku, eðlisvísindum og listgreinum. Þegar horft er til næsta vetrar telja kennarar að gagnabankinn muni nýtast vel og að það þurfi að gera ráð fyrir útikennslu við gerð kennsluáætlana og jafnvel setja hana fast á stundaskrá. Ánægja var með leiðbeinendur á námskeiðinu, en það var talið bæði skemmtilegt og fræðandi.



Tilraun í eðlisvísindum

- Í framhaldi af þróunarverkefni sl. skólaárs um enskukennslu frá 1.-7. bekk verður unnið að því að renna styrkari stoðum undir námsgreinina. Eins og undanfarin ár er sérstakur fagstjóri í ensku, en hlutverk hans er m.a. að halda utan um verkefnabanka í ensku, kaupa og útbúa námsgögn og gæta þess að samfella sé í náminu frá 1.-7. bekk. Unnið undir stjórn fagstjóra í tungumálum.

Kennsla í ensku gekk almennt vel í flestum bekkjum. Kennarar nýttu sér það námsefni sem í boði var og leituðu til fagstjóra eftir þörfum. Haldnir voru fundir með yngra og eldra stigi þar sem fjallað var sérstaklega um enskukennslu og það sem henni tengdist. Sjá nánari í umfjöllun um námsgreinar og árganga.

- Samstarf við leikskólann Hæðarból var aukið til muna sl. skólaár sem hluti af þróunarverkefni sem unnið var í skólanum af kennurum og nemendum í 1. og 2. bekk. Skólaárið 2008-2009 verður lögð áhersla á að auka enn samstarfið undir styrki stjórn deildarstjóra yngra stigs.

Á þessu skólaári hefur verið gott samstarf við leikskólann Hæðarból. Deildastjóri yngra stigs og leikskólakennari á Hæðarbóli gerðu drög að áætlun sl. haust. Fyrir áramót voru nemendur leikskólans meðal annars í samsöng með 1. bekk og notuðu íþróttahús skólans. Eftir áramót tóku nemendur leikskólans þátt í vinnu með 1. bekkingum sem tengdist sögurammanum „Álfar og bústaðir þeirra“. Nemendur voru duglegir og verkefnið tókst vel. Íþróttahúsið var einnig notað eftir áramót sem og bókasafn skólans.

Leikskólanemendur fengu kynningu á skólanum en hún var í umsjón eldri nemenda og deildarstjóra. Í apríl var öllum nemendum sem skráðir eru í 1. bekk í Hofsstáðaskóla á næsta skólaári boðið í vorskóla. Þá tóku nemendur þátt í nestistíma, kennslustundum og frímínútum með 1. bekk.

Í maí var nemendum leikskólans boðið á söngleikinn um Ávaxtakörfuna sem skólakór Hofsstáðaskóla flutti. Fyrstu bekkingar í Hofsstáðaskóla fóru í heimsókn á Hæðarból í lok skólaárs þar sem nemendur áttu góða stund saman.

- Innleiðing á skjátöflum (smartboards). Kennsluráðgjafi og tveir umsjónarkennarar í 4. bekk fengu styrk frá KÍ til að vinna og þróa kennsluáðferðir með þessari tækni og bera þær ábyrgð á þróunarverkefninu í skólanum.

Þróunarverkefninu lauk formlega vorið 2009 og skiluðu styrkhafar skýrslu til VONarsjóðs KÍ. Verkefnið vakti áhuga innan skólans og munu kennarar halda áfram að þróa notkun á töflunum en með þeim hafa opnast nýjar víddir í námi. Áhugi nemenda var mikill og stuðluðu skjátöflurnar að aukinni para- og hópavinnu og urðu til þess að kveikja áhuga hjá nemendum á að ræða um námsefnið. Niðurstaða styrkhafa er sú að skjátöflurnar hafa auðgað starfið og innlög og nýting á stafrænu efni hafa aukist til muna. Á skjótan og auðveldan hátt er hægt að nálgast efni af netinu og það má segja að auðvelt sé að flytja heiminn inn í kennslustofuna. Nemendur tóku verkefninu mjög vel og fannst það skemmtileg viðbót enda höfðar það til flestra skilningarvita og gefur þeim tækifæri til að sjá, heyra og snerta.

- Aukin samvinna innan árganga og milli árganga sbr. þróunarverkefni sem unnið var skólaárið 2007-2008. Unnið undir stjórn deildarstjóra stiga.

Á þessu skólaári hafa verið unnin tvö samvinnuverkefni á yngra stigi, annars vegar um „Tröll“ og hins vegar um „Árstíðir“. Í október og nóvember vann 3. og 4. bekkur saman að verkefninu um tröll. Verk nemenda voru sett upp í bekkjarstofum og í sameignlegu rými fyrir framan stofur 101 og 102, það rými fékk nafnið Tröllheimar. Þemaverkefnið endaði með sýningu fyrir fjölskyldur nemenda í lok skóladags. Verkefnið heppnaðist afar vel og gaman var að sjá mismunandi útfærslur nemenda á tröllum og umhverfi þeirra. Verkefnið ýtti undir samvinnu kennara en góð undirbúningsvinna fór fram áður en verkefnið fór af stað og einnig á meðan á því stóð.

Í febrúar og mars vann 1. og 2. bekkur að verkefni um árstíðarnar. Nemendum var skipt upp í sex hópa sem fóru á milli kennara til að vinna mismunandi verkefni. Verkefni nemenda voru hengd upp og höfð til sýnis á ganginum hjá 1. og 2. bekk. Verkefnið tókst vel og það var gaman að sjá nemendur vinna saman, auk þess sem nemendur fóru í stofur hjá eldri og yngri bekkjum.

Á næsta skólaári verður samvinnan á yngra stigi aukin enn frekar en þá munu nemendur vinna eitt náttúrufræðiverkefni á vorönn undir stjórn deildastjóra yngri deilda.



Góðar vinkonur

- Aukin samvinna textíl- og smíðakennslu ásamt áherlsu á nýsköpun. Ábyrgð á höndum viðkomandi kennara.

Í vetur var unnið tilraunaverkefni í textíl og smíði í vali í 7. bekk. Nemendum var falið að hanna lampa og fengu til þess aðstoð og leiðbeiningar bæði hjá textílkennara og smíðakennara. Í textíl unnu nemendur með ýmis efni, munstur og áferð en í smíði var unnið að hönnun, lýsingu og smíði. Afraksturinn voru ákaflega fallegir lampar. Það hefur ennfremur verið hefð að nemendur í 4. bekk búi til bangsa í textíl og smíði handa honum rúm í smíðum.

- Haldið verður áfram að endurskoða námsmat, en vinna við það hófst vorið 2008 í tengslum við námskeið um einstaklingsmiðaða kennsluhætti og námsmat. Unnið undir stjórn deildarstjóra.

Fjölbreytni í námsmati hefur aukist mikið í Hofsstáðaskóla. Kennarar eru meðvitaðri um fjölbreytt námsmat og mörgum námsgreinum lýkur með óformlegu námsmati í stað prófa áður. Þá er samþætt námsmat algengara en áður. Margir kennarar hafa notað verkefnabækur í *Mentor* og birt foreldrum jafnt og þétt niðurstöður úr verkefnum og prófum.

Mörg börn eru með einstaklingsnámskrár og hefur færni kennara aukist við gerð þeirra. Allt hefur þetta stuðlað að fjölbreyttara og sanngjarnara námsmati.

*Mentor* kemur einnig reglulega með nýjungar sem munu verða teknar inn og prófaðar að einhverjum árgangi/árgöngum á næsta skólaár.

- Aukin áhersla verður lögð á markvissa umferðarfræðslu – endurskoðun í skólanámskrá 2009-2010. Allir starfsmenn skólans sátu fræðslufund um umferðaröryggi í ágúst. Til þess að vel takist til er mikilvægt að foreldrar séu með okkur í liði. *Unnið undir stjórn skólastjóra og deildarstjóra stiga.*

Á haustdögum sátu allir starfsmenn fyrirlestur sem tengdist umferð- og umferðaröryggi. Í framhaldi af honum voru kennarar hvattir til að huga sérstaklega að umferðarfræðslu á einn eða annan hátt við gerð námsvísa. Á heimasíðu skólans voru sett hvatningarorð um að bæta umferðarmenningu og einnig var bent á þá hættu sem stafar af bílaumferð við skólann á morgnana og þegar skóla lýkur. Einnig voru hvatningarorð send í tölvupósti til allra foreldra. Á veggum skólans voru hengd veggspjöld með umferðarmerkjum. Á vordögum voru kennarar hvattir til að rifja upp og sinna umferðarfræðslu.

- Kennsla og aðstoð við kennara um gerð einstaklingsnámskrár. Samræmingu verði náð. Unnið undir stjórn deildarstjóra í sérkennslu.

Kynningarfundur var haldinn um gerð einstaklingsáætlana fyrir alla kennara skólans. Farið var í skilgreiningar á markmiðum, leiðum, kennsluáferðum, námsmati og fyrir hverja einstaklingsáætlanir eru. Vinnan í vetur hefur verið þverfagleg og hafa sérkennarar, umsjónarkennarar, sérgreinakennarar, foreldrar,

þroskþjálfar og talmeinafræðingur unnið saman, en leiðarljósið er að aðlaga námið sem best að hverjum nemanda.

- Unnið verður að því að innleiða agastjórnunarkerfi. Undirbúningur og innleiðingarferli stendur frá maí 2008-mars 2009. Starfsmenn fá fræðslu um mismunandi kerfi á tímabilinu ásamt því að vinna að undirbúningi. Unnið undir stjórn aðstoðarskólalastjóra.

Vorið 2007 kynnti Hildur Karlsdóttir kennari við Álftanesskóla *Uppbyggingarstefnuna* og haustið 2008 kynnti Hjördís Jónsdóttir kennari í Hvaleyrarskóla *SMT*. Starfsmenn Hofsstaðaskóla tóku þá ákvörðun að bíða með að velja ákveðið agastjórnunarkerfi en fara í heildarendurskoðun á skólareglum og vinnuferlum í agamálum. Markmið þeirrar vinnu var að setja skýrari ramma utanum agastjórnun, skólareglur og viðurlög. Að efla samstöðu um ákveðin gildi og viðmið sem byggja á umhyggju og virðingu fyrir öllum. Ábyrgð nemenda á eigin hegðun sé höfð í fyrirrúmi ásamt skýrum mörkum um ásættanlega og óásættanlega hegðun.

Á skipulagsdegi og vinnufundum var skipulögð hópvinna allra starfsmanna þar sem farið var yfir reglur sem til eru og þær endurskoðaðar. Einnig var litið til annarra skóla og hvernig þeir setja skólareglur og vinnuferla fram. Aðstoðarskólalastjóri tók síðan saman niðurstöður hópunnar og lagði fram til frekari vinnu í hópum

og loks voru í maí lagðar fram lokatillögur að skólareglum og vinnuferlum í agamálum með það markmið að stefna að jákvæðum og uppbyggilegum uppeldisaðferðum þar sem þarfir nemandans eru hafðar í fyrirrúmi ásamt grunngildum og leiðarljósi skólans.

Reglurnar verða kynntar í haust um leið og þar taka gildi. Skólareglur Hofsstaðaskóla eru unnar í samræmi við reglugerð nr. 270/2000 um skólareglur í grunnskóla en þar segir m.a. „*Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks í öllu því er skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin*“.

Skólareglur Hofsstaðaskóla

Við eigum að:	Við eigum aldrei að:
sýna hvert öðru virðingu, tillitssemi og kurteisi	beita ofbeldi í orði eða verki
fara að fyrirmælum alls starfsfólks	ögra starfsmönnum eða öðrum nemendum
vera stundvís og hafa nauðsynleg gögn meðferðis	ógná öryggi annarra
skapa og virða vinnufrið	yfirgefa skólalóðina á skólatíma án leyfis
fara vel með og bera ábyrgð á eignum okkar og annarra	

Auk þessara reglna eru lagðar grunnur að sáttmála um umgengni og framkomu í skólanum ásamt vinnuferli í agamálum þar sem umsjónarkennarinn er lykilaðili og nýtur aðstoðar og stuðnings ýmissa aðila við úrlausn mála.

- Áfram verður unnið að endurskipulagningu bókasafns. Í lok skólaárs verður skoðað hvort þau markmið sem fram koma í skýrslu starfshóps hafi náðst. Unnið undir stjórn bókasafnfræðings.

Á síðasta ári var skipaður starfshópur til að vinna tillögur um hvernig mætti gera gott bókasafn betra. Í vetur var byrjað að vinna eftir tillögum hópsins. Bókasafnsfræðingur kom að kennslu í hringekju hjá 2. bekk. Starfsmaður safnsins aðstoðaði nemendur við upplýsingaleit og verkefnavinnu ásamt kennurum. Ennfremur vann bókasafnsfræðingur í samstarfi við kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni verkefni í samfélagsfræði í samstarfi við umsjónarkennara í 5. og 7. bekk. Áfram verður unnið að því að hrinda tillögum starfshópsins í framkvæmd á næsta skólaári.



- Unnið er samkvæmt móttökuáætlun fyrir alla nýja nemendur. Mat verður lagt á áætlunina vorið 2009. Unnið undir stjórn skólastjóra og deildarstjóra stiga.

Unninn hefur verið gátlisti vegna móttöku nýrra nemenda, en hann er hluti af skólanámskránni. Gátlistinn hefur reynst vel og er verkaskipting skýr og vel skilgreind. Móttökuáætlun fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál eins og það heitir á heimasíðunni skólans var ekki í gangi þar sem enginn slíkur nemandi kom í skólann, en áætlunin er fyrir hendi ef grípa þarf til hennar.

- Metið verður í lok skólaársins hvernig til hefur tekist að vinna með foreldrum um hollara nesti í morgunhressingu. Unnið undir stjórn skólastjóra.

Foreldrar og nemendur í yngri bekkjum hafa verið mjög duglegir að útbúa og koma með hollt nesti í morgunhressingu. Hins vegar er meiri losarabragur á hlutunum hjá eldri nemendum. Sumir virðast eiga erfitt með að skilgreina hvað er hollt og hvað ekki. Næsta vetur verður lögð enn meiri áhersla á þennan þátt og honum fylgt betur eftir. En í þessu sem og mörgu öðru þá er það hlutverk hinna fullorðnu að fylgja þessu eftir.

- Sjálfsmatsáætlun skólans- sjálfsmatsteymi – byggt á stefnu bæjarins og framkvæmdaáætlun skólans – hluti af skólanámskrá. Menntamálaráðuneyti leggur mat á sjálfsmatsaðferðir skólans í október 2008. Haldið verður áfram að vinna samkvæmt sjálfsmatsáætlun skólans en hún nær til ársloka 2009. Unnið undir stjórn skólastjóra og sjálfsmatshóps.

Skólinn fékk fullt húsa stiga í mati menntamálaráðuneytis á sjálfsmatsaðferðum skólans á þessu skólaári. Sjálfsmatsáætlun skólans nær til loka ársins 2009. Skýrsla fyrir almanaksárið 2008 birtist aftur í ársskýrslunni.

- Stefna um útikennslu og hreyfingu – *Allt gerir gagn einkum við sjálf* – hluti af skólanámskrá. Markmið og gátlisti fyrir útikennslu verður notaður vorið 2009. Unnið undir stjórn deildarstjóra stiga.

Áður hefur verið fjallað um námskeið í útikennslu sem tengist þessu markmiðið og hvernig sú vinna hefur þegar borið árangur. Í október tók skólinn þátt í verkefninu „Göngum í skólann“ en þátttaka var afar góð. Fjórum bekkjum á yngra stigi og einum bekk á eldra stigi voru veittar viðurkenningar „Gullskór“ fyrir góða þátttöku.



Útivera og leikir

Í febrúar og mars tóku nemendur og starfsmenn þátt í verkefninu „Lífshlaupið“ og var þátttaka nokkuð góð. Þá skráðu þeir sem tóku þátt alla hreyfingu sem þeir tóku þátt í yfir daginn.

Í maí tóku starfsmenn og nemendur þátt í verkefninu „Hjólað í vinnuna/skólann“ þar sem nemendur og starfsmenn voru hvattir til að ganga eða hjóla í skólann. Mikil þátttaka var í verkefninu bæði hjá nemendum og starfsmönnum.

Göngum í skólann, Lífshlaupið og Hjólað í vinnuna/skólann stuðla að aukinni hreyfingu hjá nemendum og starfsmönnum og draga úr bílaumferð við skólann. Við teljum þau hafa skilað góðum árangri í umhverfismálum auk þess að vera heilsuþætandi.

Sjö sinnum yfir veturinn hefur verið útvíst á föstudegi í samverutíma hjá yngri og eldri nemendum. Einnig hefur verið nokkuð um vettvangsferðir í nágrenni skólans yfir skólaárið. Nemendur hafa þá farið í þær fótgangandi, hjólandi eða í strætó/rútu.

Á haustin og á vorin eru íþróttatímarnir utandyra. Í september var einn dagur skilgreindur sem útvístardagur, þá voru kennarar hvattir til að vera með nemendum í útikennslu eða hreyfingu. Einnig var skipulagður íþróttadagur í byrjun júní þar sem allir nemendur skólans tóku þátt í.



Ýmsar kúnstir æfðar í útiveru

Þegar horft er til næsta vetrar sjá deildarstjórar stiga það fyrir sér að kennarar leggi áherslu á það við gerð kennsluáætlana að útikennslan fái meira vægi og að hún samþættist sem flestum námsgreinum. Lögð verður áhersla á að hún verði að ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði, það fer reyndar svolítið eftir fögum og umfangi þeirra greina sem verið er að kenna.

- Stefna Garðabæjar – framkvæmdaáætlun skólans – unnið að beiðni skólanefndar – hluti af skólanámskrá – stefna bæjarins gildir fram á mitt ár 2009. Unnið undir stjórn skólastjóra.

Unnið er jafnt og þétt í þessu verkefni og má ætla að lagt verði mat á það í árslok 2009.

## Mat á skólastarfi - sjálfsmat

Samkvæmt grunnskólalögum 66/1995 með síðari breytingum ber grunnskólum að leggja mat á eigin starfsemi. Í því felst að sérhver skóli skal innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan hans. Í Hofsstáðaskóla verður sjálfsmatið byggt á þeim þáttum sem fram koma í skólastefnu Garðabæjar og framkvæmdaáætlun skólans sem er útfærsla af skólastefnunni. Vefkannakerfið *Survey Console* er notað til að meta ýmsa þætti skólastarfsins. Vefkannanir eru hluti af sjálfsmatsferli skólans en kannanir eru sendar út í ýmsum viðfangsflokkum. Áætlun skólans er til þriggja ára – jafnlöng gildistíma skólastefnunnar eða frá ársbyrjun 2007 til ársloka 2009.

Tilgangur sjálfsmats er að leggja grunn að sívirkri umbótastarfi í hverjum skóla, greina þarfr skólans fyrir breytingar og umbætur með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Sjálfsmati er ætlað að skilgreina styrkleika og veikleika, draga fram það sem vel er gert og benda á það sem betur má fara.



Skipaður var matshópur sem í sitja skólastjóri, deildarstjóri og umsjónarkennarar (yngra og eldra stig) og sérgreina-/sérkennari og stuðningsfulltrúi.

Sjálfsmatsskýrsla sem unnin er í lok hvers árs (desember/janúar) er kynnt starfsmönnum skólans, skólaráði nemendum og skólanefnd. Skýrslan er birt á vefsíðu skólans. Nokkuð hefur verið brugðið út frá upprunalegum hugmyndum um innihald kannana, en því verða gerð frekari skil í ársskýrslu 2010.

### Þriggja ára matsáætlun Hofsstaðaskóla

Tími 1. ár - 2007	Áætlun um framkvæmd	Framkvæmdaraðilar og þátttakendur
Febrúar -	Könnun lögð fyrir <b>foreldra</b> um vetrarfrí	Skólaskrifstofa
Febrúar-apríl	Undirbúningsvinna – <b>framkvæmdaáætlun</b> skólans sbr. Skólastefnu Garðabæjar	Skólastjórnendur og starfsmenn skólans
Febrúar-mars	<b>Starfsmannasamtöl</b> – samantekt um veikar og sterkar hliðar, ábendingar og athugasemdir – hugmyndir að umbótum	Skólastjórnendur
Maí	Könnun lögð fyrir <b>nemendur</b> í 5.-7. bekk um skipulag á færnimiðuðu námi	Deildarstjóri eldra stigs
Október	Tengslakönnun lögð fyrir <b>nemendur</b> í október	Námsráðgjafi og umsjónarkennarar
Október	Kynning fyrir <b>starfsmenn</b> á samantekt starfsmannaviðtala í febrúar	Aðstoðarskólastjóri
Nóvember	Könnun lögð fyrir <b>nemendur</b> um viðhorf þeirra til mótuneytis	Kennari Hofsstaðaskóla í námsleyfi
Nóvember	Könnun um nám og kennslu lögð fyrir <b>nemendur</b> í 4.-7. bekk	Matshópur
Nóvember	Könnun lögð fyrir <b>foreldra</b> um nám og kennslu	Matshópur
Nóvember	Könnun lögð fyrir <b>kennara</b> um nám og kennslu	Matshópur
Desember/janúar	<b>Sjálfsmatsskýrsla unnin</b> , þar sem fram koma sterkar og veikar hliðar skólastarfsins og hugmyndir að umbótum sem byggjast á framangreindri gagnaöflun og öðru mati sem farið hefur fram á árinu	Matshópur

Tími 2. ár - 2008	Áætlun um framkvæmd	Framkvæmdaraðilar og þátttakendur
Janúar	Skil á áfangaskýrslum vegna <b>þróunarverkefna</b>	Deildarstjóri yngri deilda verkefnisstjórar og kennarar í 1. og 2. bekk
Febrúar	Könnun um líðan og samskipti lögð fyrir <b>starfsmenn</b>	Matshópur
Mars	Könnun lögð fyrir <b>kennara</b> um tilhögun námsmats	Matshópur
Febrúar-mars	<b>Starfsmannasamtöl</b> -samantekt um veikar og sterkar hliðar, ábendingar og athugasemdir – hugmyndir að umbótum	Skólastjórnendur
Apríl	Könnun lögð fyrir <b>nemendur í 4.-7. bekk og foreldra</b> um nám og kennslu - námsgreinar	Matshópur
Mái	Könnun lögð fyrir <b>nemendur og foreldra</b> í 5.-7. bekk um skipulag á færnimiðuðu námi	Deildarstjóri eldra stigs
Júní	Lokaskil vegna <b>þróunarverkefna</b> skv. umsókn	Deildarstjóri yngra stig, verkefnis-stjórar og kennarar í 1. og 2. bekk
Júní	Verklök <b>námskeiðs</b> um einstaklingsmiðað skólastarf	Stýrihópur
Október	Tengslakönnun lögð fyrir <b>nemendur</b> í október	Matshópur og námsráðgjafi
Október	Könnun lögð fyrir <b>foreldra</b> um skólann, stjórnun og stefnumótun og upplýsingastreymi	Matshópur
Október	Kynning fyrir <b>starfsmenn</b> á samantekt starfsmannaviðtala í febrúar	Aðstoðarskólastjóri
Nóvember	Könnun lögð fyrir <b>starfsmenn</b> – almennt um skólann	Matshópur
Desember/janúar	<b>Sjálfsmatsskýrsla</b> unnin, þar sem fram koma sterkar og veikar hliðar skólastarfsins og hugmyndir að umbótum sem byggjast á framangreindri gagnaöflun og öðru mati sem farið hefur fram á árinu	Skólastjórnendur og matshópur

Tími 3. ár - 2009	Áætlun um framkvæmd	Framkvæmdaraðilar og þátttakendur
Febrúar	Könnun lögð fyrir <b>starfsmenn</b> –stjórnun og stefnumótun og upplýsingastreymi	Matshópur
Febrúar-mars	<b>Starfsmannasamtöl</b> – samantekt um veikar og sterkar hliðar, ábendingar og athugasemdir – hugmyndir að umbótum	Skólastjórnendur
Apríl	Könnun lögð fyrir <b>nemendur</b> um líðan, samskipti og skólann	Matshópur
Maí	Könnun lögð fyrir <b>nemendur og kennara</b> í 5.-7. bekk um skipulag á færnimiðuðu námi	Deildarstjóri eldra stigs
Október	Tengslakönnun lögð fyrir <b>nemendur</b> í október	Námsráðgjafi og umsjónarkennarar
Október	Könnun lögð fyrir <b>nemendur og foreldra</b> um viðhorf þeirra til mötuneytisins	Matshópur
Október	Kynning fyrir <b>starfsmenn</b> á samantekt starfsmannaviðtala í febrúar	Aðstoðarskólastjóri
Nóvember	Könnun um lögð fyrir <b>foreldra</b> um líðan og samskipti nemenda	Skólastjórnendur og matshópur
Nóvember	Könnun lögð fyrir <b>kennara</b> um nám og kennslu - námsgreinar	Matshópur
Desember/janúar	<b>Sjálfsmatsskýrsla</b> unnin, þar sem fram koma sterkar og veikar hliðar skólastarfsins og hugmyndir að umbótum sem byggjast á framangreindri gagnaöflun og öðru mati sem farið hefur fram á árinu	Skólastjórnendur og matshópur

## Inngangur að sjálfsmatsskýrslu Hofstaðaskóla fyrir árið 2008

Tilgangur með sjálfsmati skóla er að mati Gerðar G. Óskarsdóttur að meta gæði eða gildi mikilvægra þátta skólastarfs, bera niðurstöður saman við markmið, viðmið eða staðla og taka ákvarðanir er byggja á þessum niðurstöðum.

Í riti menntamálaráðuneytis um sjálfsmat skóla (bláa kverið) kemur fram að tilgangur með mati eigi að auðvelda skólafólki að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla þannig að umbótum. Sjálfsmatið á að vera liður í frekari þróun skólans og eðlilegur hluti af starfs- og þróunaráætlunum hans. Sjálfsmat á að draga fram sterkar og veikar hliðar skólastarfsins.

Matshópurinn hefur ofangreind atriði að leiðarljósi í þessari vegferð og vill leggja á það áherslu að litið sé á niðurstöður matsins sem tækifæri til umbóta og að umbótaáætlun verði fylgt úr hlaði.

Haustið 2007 óskaði skólastjóri eftir fulltrúum starfsmanna til að vinna að sjálfsmatsáætlun fyrir Hofstaðaskóla sem tæki til næstu þriggja ára þ.e.a. hún hefði sama gildistíma og Skólastefna Garðabæjar. Lögð var áhersla á að í hópnum væru starfsmenn allra hagsmunahópa, en hópin skipa: Margrét Harðardóttir skólastjóri, Anna Magnea Harðardóttir umsjónarkennari fulltrúi kennara á eldra stigi, Anna

Laxdal stuðningsfulltrúi, Ásta Kristjánsdóttir kennari, fulltrúi kennara á yngra stigi, Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir deildarstjóri yngra stigs, Ester Jónsdóttir textilkennari og Margrét Einarsdóttir deildarstjóri sérkennslu.

Hópurinn útbjó matsáætlun til þriggja ára sem byggir að mestu á könnunum sem lagðar verða fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Hver könnun er um 20 spurningar, en spurt er um atriði sem snúa m.a. að kennslu, skipulagi, stjórnun og líðan nemenda og starfsfólks í skólanum. Sjálfsmatshópurinn áskildi sér rétt til að breyta áherslum í sjálfsmati m.t.t. aðstæðna hverju sinni. Þær kannanir sem lagðar hafa verið fyrir eru því nokkuð breyttar frá upprunalegum áherslum, en eru engu að síður mikilvægar fyrir skólastarfið á hverjum tíma.

Kennsluráðgjafi skólans í tölvu- og upplýsingatækni, Elísabet Benónýsdóttir, var hópnun innan handar um kaup og uppsetningu á vefkannanakerfinu *Survey Console*. Hún sá einnig um að senda og vinna úr spurningakönnunum, nema þeirri sem lögð var fyrir nemendur í 1.-3. bekk, en það gerði Helga Sigrún Sveinsdóttir skólaritari. Könnun fyrir nemendur í 1.-3. bekk var lögð fyrir á pappír, en svarmöguleikarnir voru prens konar broskarlar.

Stefnt er að því að nota stefnumiðað árangursmat (*BSC*) sem matstæki fyrir árið 2010, en þeir þættir sem hér eru skoðaðir rúmast allir innar vidda skorkortsins.

## Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2008

Þegar gerð er áætlun um sjálfsmat er leiðarljós skólans sá vegvísir sem varðar leiðina. Unnið hefur verið að því undanfarin tvö ár að einstaklingsmiða skólastarfið, auka samvinnu kennara/starfsmanna, endurskoða kennsluáferðir og námsmat. Ennfremur er lögð áhersla á að skoða skólanámskrána út frá breyttri heimsmynd t.d. hvað varðar samskipti á netinu og flutning fólks milli landa eða atvinnusvæða.

### Skólastefna Garðabæjar

Hofsstáðaskóli vinnur áfram að yfirmarkmiðum skólastefnu Garðabæjar samkvæmt nánari útfærslu skólans sem unnin var í mars 2007. Í lok ársins 2009 verður lagt mat á hvernig skólanum tókst í heildina að uppfylla þau markmið sem sett eru fram í skólastefnu Garðabæjar.

### Matsáætlun

Gerð var matsáætlun fyrir árið 2008 en sjálfsmatshópurinn leyfði sér að bregða aðeins út af áætluninni m.a. vegna þess að þegar til kom þótti rétt að forgangsraða með öðrum hætti en í fyrstu var gert ráð fyrir. Hefðbundnar kannanir voru lagðar fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra og var forritið *Survey Console* notað til þess að leggja fyrir rafrænar kannanir. Til viðbótar leggja stjórnendur áherslu á að mæla og meta fleiri þætti, auk þess sem ábendingar frá starfsfólki berast jafnt og þétt yfir skólaárið, en reynt er að verða við þeim eftir því sem auðið er.

### Skóladagatal

Skóladagatal Hofsstáðaskóla var lagt fram af stjórnendum skólans og samþykkt á skólanefndarfundum í mars. Heimild fékkst til að færa tvo undirbúningsdaga til. Annar var notaður í hópefli og hinn í fræðslufund annars vegar og samstarf/undirbúning kennslu hins vegar. Eins og fram kom í könnun um líðan í apríl 2008 var bent á að hópefli væri til þess kjörið að styrkja starfsmannahópin og bjóða nýja starfsmenn velkomna, en hópeflið var 29. ágúst. Almenn ánægja var með daginn. Ekki verður lagt mat á skóladagatalið, enda er það fyrst og fremst ákvörðun skólanefndar Garðabæjar skv. lögum svo og dagsetning vetrarleyfis.

### Starfsáætlun

Starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2008-2009 liggur fyrir, en þar er lögð áhersla á að festa í sessi nýjungar sem innleiddar voru skólaárið 2007-2008, ásamt öðrum þáttum, m.a.: Notkun á skjátöflum, gerð einstaklingsnámskráa, umferðarfræðslu, endurskoðun námsmats, endurskipulagningu á starfsemi bókasafns, innleiðingu agastjórnunarkerfis, útikennslu og stofnun skólaráðs.

## Þróunarverkefni

Í janúar lágu fyrir áfangaskýrslur um þróunarverkefni í ensku fyrir alla árganga skólans og heildarskipulag kennsluhátta og samfella milli skólastiga, en lokaskýrslum um þau verkefni var skilað í júní 2008. Þar með lauk þeim þróunarverkefnum formlega, en verkefni skólans er hvergi nærri lokið. Enska er nú kennd í öllum aldurshópum og unnið er áfram að markvissara samstarfi milli leik- og grunnskóla ásamt því að auka samvinnu innan árganga og milli árganga.

## Starfsmannasamtöl

Að venju voru starfsmannasamtöl tekin í febrúar og mars. Starfsmenn fóru að öllu jöfnu í viðtal til síns næsta yfirmanns. Að samtölunum loknum unnu stjórnendur samantekt þar sem settar voru fram veikar og sterkar hliðar og ábendingar og athugasemdir starfsmanna varðandi hugmyndir að umbótum. Stjórnendur bregðast af fremsta megni við þeim ábendingum sem fram koma, en samantektin var kynnt á starfsmannafundi í júní. Sem betur fer er oft hægt að bregðast við og lagfæra það sem þarfnast umbóta, a.m.k. því sem er hlutlægt.

## Símenntun

Námskeiði um einstaklingsmiðað skólastarf og endurskoðun á námsmati lauk í júní 2008. Nokkur gagnrýni beindist að leiðbeinendum á námskeiðinu en þeir virtust stundum illa undirbúnir og stóðu því ekki undir væntingum. Í mati kennara kom fram að námskeiðið ýtti þó við þeim og þeir nálgast viðfangsefni á annan hátt og námsmat er almennt í endurskoðun undir stjórn deildarstjóra. Það sem kennurum þótti gagnlegast var að fá kynningu á verkefnum sem unnin voru í hverjum árgangi fyrir sig.

Símenntunaráætlun er endurskoðuð og uppfærð árlega. Sótt var um styrk til að halda námskeið í náttúru- og eðlisvísindum en því líkur í ágúst 2009. Að öðru leyti var markmiðum áætlunarinnar náð. Starfsmenn skila yfirliti yfir námskeið og fræðslufundi sem þeir hafa sótt á árinu, en það er notað til að bera saman endurmenntun starfsmanna milli ára.



Starfsmenn á námskeiði við upphaf skólaárs

## Úttekt á sjálfsmatsaðferðum skólans

Fyrirtækið Attentus gerði úttekt á sjálfsmatsaðferðum Hofsstaðaskóla í september 2008 fyrir hönd menntamálaráðuneytis. Í skýrslu frá Attentus kemur fram varðandi stöðu sjálfsmats að fyrir liggi skrifleg og opinber verkáætlun um sjálfsmat, að kerfisbundið sjálfsmat hafi farið fram þar sem tekið er á öllum helstu þáttum skólastarfsins og að sjálfsmatsskýrsla hafi verið gefin út. Niðurstaða Attentus er að sjálfsmat Hofsstaðaskóla fullnægi viðmiðum ráðuneytis um stöðu, aðferðir og framkvæmd.

## Tengslakönnun

Tengslakönnun er að jafnaði lögð fyrir nemendur tvisvar á ári, í október og janúar, fyrir foreldra- og nemendaviðtöl. Umsjónarkennarar leggja könnunina fyrir í samráði við námsráðgjafa. Umsjónarkennarar vinna með niðurstöður og nýta þær til að bæta samskipti í bekknum og til að gæta að félagslegri velferð nemenda. Niðurstöður eru varðveittar hjá námsráðgjafa, enda trúnaðarmál.

### Árangur á samræmdum prófum

Árangur á samræmdum prófum var í samræmi við væntingar og vel yfir meðallagi á landinu. Nemendum í 7. bekk hefur almennt farið fram ef bornar eru saman einkunnir milli 4. og 7. bekkjar. Deildarstjórar vinna úr niðurstöðum og kynna fyrir umsjónarkennurum. Í framhaldi af því er lögð áhersla á að styrkja þann námsþátt sem kemur verst út hjá hverjum hópi fyrir sig.

### Skólavísir

Ekki er hægt annað en vera sáttur við niðurstöðuna í ársreikningi. Samt sem áður fór tölvuleigan 6.3 milljónir yfir áætlun, gerður var þjónustusamningur um ljósritunarbúnað í stað kaupleigu, en kostnaður var upp á rúmlega 2 milljónir. Forföll voru mikil, sérstaklega lengri veikindi. Keyptur var hlutur í blindraprentara, auk þess sem liðir eins og hiti og rafmagn voru vanáætlaðir, en líklegt er að það sé vegna battavallar. Ekki var gert ráð fyrir viðbótarfjármagni til upphitunar og lýsingar á vellinum.

### Kannanir

Árið 2008 voru lagðar sjö kannanir fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Ein fyrir hvern markhóp að vori og önnur að hausti, auk þess var í upphafi skólaárs lögð könnun fyrir foreldra nemenda sem þá voru að byrja í 1. bekk. Niðurstöður úr öllum könnunum liggja fyrir.

### Könnun fyrir foreldra nemenda í 1. bekk

Í tengslum við skólabyrjun nemenda í 1. bekk hefur verið boðið upp á nokkra fundi þar sem fjallað hefur verið um ýmislegt sem tengist skólastarfinu. Til þess að meta gildi fundanna voru foreldrar beðnir um að svara nokkrum spurningum m.a. um gagnsemi fundanna, fjölda þeirra og tímasetningu. Niðurstaðan er að 84% foreldra kjósa sama fyrirkomulag á fundum en 16% vilja annað fyrirkomulag. Þessar niðurstöður verða hafðar til hliðsjónar fyrir næsta skólaár.

Í apríl var lögð fyrir könnun um líðan og samskipti fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Könnunin var rafræn fyrir nemendur í 4.–7. bekk en á pappír með broskörpum fyrir nemendur í 1.–3. bekk. Könnunin var kynnt starfsfólki á starfsmannafundi, foreldrum á fundi foreldraráðs og kennararáðs og fyrir nemendum á veggspjaldi sem hengt var upp á vegg á gangi skólans, ásamt því að kennarar fjölluðu um niðurstöðurnar.



Ánægðir félagar

## Könnun um líðan og samskipti nemenda

Í apríl var öllum nemendum í 4.-7. bekk skólans send könnun í tölvupósti um líðan og samskipti í skólanum. Nemendur voru hvattir til að svara könnuninni heima í góðu næði. Þegar svörun reyndist ekki nægileg með þeim hætti létu umsjónarkennarar nemendur sem ekki höfðu svarað könnuninni svara á skólatíma. 246 nemendur svöruðu könnuninni eða 92% nemenda í þessum árgöngum. Heldur fleiri stúlkur svöruðu könnuninni en drengir, 134 stúlkur eða 55% svarenda en 112 drengir eða 46% svarenda. 20% svarenda voru í 4. bekk, 26% í 5. bekk, 25% í 6. bekk og 30% í 7. Bekk.


Ef marka má niðurstöður könnunarinnar þá er ljóst að langflestum nemendum líður vel í skólanum og eiga þar góð samskipti við starfsfólk og aðra nemendur.

Í spurningu 3 er spurt hvort nemendum finnst gaman eða leiðinlegt í skólanum. 56% nemenda finnst frekar gaman eða mjög gaman í skólanum en 32% finnst hvorki gaman né leiðinlegt. Því miður þykir 12% nemenda frekar leiðinlegt eða mjög leiðinlegt í skólanum.

Í næstu tveimur spurningum er kannað hvernig nemendum líður í skólanum annars vegar og þegar þeir eru ekki í skólanum hins vegar. 75% nemenda líður nokkuð vel eða mjög vel í skólanum en 85% líður mjög vel eða frekar vel þegar þeir eru ekki í skólanum. 20% nemenda líður hvorki vel né illa í skólanum en 13% eru hlutlausir hvað varðar líðan sína, 5% nemenda líður frekar illa eða mjög illa í skólanum en 2% líður þannig utan skólans. Virðist því sem það sé nokkur hópur nemenda sem líður betur utan skólans en innan hans.

Spurning 6 snýr að líðan í frímínútum og virðist sem nemendum líði almennt vel þar en 93% nemenda líður mjög vel eða frekar vel í frímínútum, um 6% líður hvorki vel né illa en einungis einn nemandi segir að sér líði mjög illa eða 0,4% (mynd 1).

Mynd 1



Spurt er um stríðni innan og utan skólans og hvar sú stríðni eigi sér einkum stað, í spurningum 9, 10 og 11. 66% nemenda telja að þeim hafi mjög sjaldan eða aldrei verið strítt í skólanum. 26% hefur frekar sjaldan verið strítt eða hvorki oft né sjaldan. 8% nemenda telja sig hafa frekar oft eða mjög oft orðið fyrir stríðni í skólanum. Þegar spurt er hvar sú stríðni eigi sér einkum stað virðist langalgengast að strítt sé í frímínútum (70 nemendur) en því næst í skólastofunni (33 nemendur) og á göngum skólans (30) og á öðrum óskilgreindum stöðum (32). Utan skólans segjast 88% nemenda sér mjög sjaldan eða frekar sjaldan strítt, en einungis 4% mjög oft eða frekar oft.

Því næst er spurt hversu oft nemendum finnst kennarar hrósa sér þegar þeir gera vel. 44% nemenda finnst þeim oft eða mjög oft hrósað, en 30% hvorki oft né sjaldan. Því miður finnst 26% nemenda þeim frekar sjaldan eða mjög sjaldan hrósað.

Í spurningu 8 er sjónum beint að því hvort nemendum finnst hæfileikar þeirra njóta sín í skólanum. 63% nemenda telja hæfileika sína njóta sín vel í skólanum, 27% hvorki vel né illa en 10% frekar illa eða mjög illa.



Í spurningu 12 er spurt hvort nemendur telji sig fá þá hjálp sem þeir þurfa innan skólans. 62% nemenda telja sig frekar oft eða mjög oft fá þá hjálp sem þeir þurfa. 27% nemenda telja sig hvorki oft né sjaldan fá hjálp en 11% frekar sjaldan eða mjög sjaldan.

Í spurningu 13 er sjónum beint að samskiptum nemenda við ýmsa starfsmenn skólans. Áberandi er hversu góð samskipti nemendur telja sig almennt eiga við starfsfólk skólans og þó langbest við þá er mest samskipti eiga við þau eða kennarana eins og taflan hér fyrir neðan sýnir. Jafnframt virðist sem nemendur telji sig einkum eiga slæm samskipti við starfsfólk mötuneytis.

	Mjög/frekar góð	Hvorki góð né slæm	Frekar/mjög slæm
Skólaliðar	68%	22%	10%
Starfsfólk mötuneytis	51%	33%	16%
Starfsfólk íþróttahúss	84%	12%	4%
Skólastjórnendur	74%	18%	8%
Aðra kennara	74%	21%	5%
Umsjónarkennarar	83%	11%	6%

Næstu tvær spurningar snúa að samskiptum nemenda við aðra krakka á skólatíma og utan skólatíma. Greinilegt er að nemendur telja sig eiga góð samskipti við aðra krakka bæði innan skólans og utan, en 85% telja sig eiga mjög góð eða frekar góð samskipti á skólatíma en 83% utan skólatíma. 11% (innan) og 13% (utan) nemenda telja sig eiga hvorki eiga góð né slæm samskipti og einungis 4% telja sig eiga frekar slæm eða mjög slæm samskipti við aðra krakka bæði innan og utan skólatíma.

Í spurningu 16 er kannað hversu mikla virðingu nemendur bera fyrir starfsfólki skólans. 74% nemenda segjast bera frekar mikla eða mjög mikla virðingu fyrir starfsfólki skólans, 23% hvorki mikla né litla virðingu og 3% frekar litla eða mjög litla virðingu fyrir starfsfólki skólans.

Lokaspurningin kannar hversu oft nemendur leita til starfsfólks skólans eftir hjálp þegar eitthvað er að. Þar kemur fram að nemendur telja sig ekki mjög oft leita eftir aðstoð starfsfólks. 32% segjast frekar sjaldan eða mjög sjaldan leita eftir aðstoð, 29% hvorki oft né sjaldan og 39% mjög oft eða frekar oft.

### Samantekt

Það sem við viljum athuga nánar og bæta er:

- Hafa vakandi auga og reyna að finna þann hóp nemenda sem virðist líða mjög illa í skólanum, leiðist mjög og fær ekki notið sín.
- Vera enn duglegri við að hrósa nemendum.
- Bæta enn frekar gæslu í frímínútum, með því að gera gæslumenn sýnilegri og gæta þess að allir séu á sínum stað, því þar virðist stríðni helst eiga sér stað.
- Skoða hvers vegna nemendur telja sig eiga einna verst samskipti við starfsfólk mötuneytis og hvort eitthvað sé hægt að gera til að bæta það.



## Könnun um líðan og samskipti starfsfólks

Fyrstu viku aprílmánaðar var lögð könnun fyrir allt starfsfólk Hofstaðaskóla um líðan og samskipti á vinnustað. Starfsmenn eru 70 talsins. Sendar voru út þrjár áminningar og ýtt á fólk til þess að það svaraði. Fjórir starfsmenn svöruðu könnuninni ekki m.a. vegna þess að þeir telja sig ekki hafa nægilega greiðan aðgang að tölvum. Alls svöruðu 93% starfsfólks könnuninni.

Ef marka má niðurstöður könnunarinnar þá er starfsfólk upp til hópa mjög ánægt með vinnustaðinn sinn og samskipti við aðra - nemendur, starfsfólk, skólastjórnendur og foreldra.

Í spurningum nr. 3 og 11 er spurt um líðan á vinnustað, en 93% starfsfólks líður vel í vinnunni og 91% finnst Hofstaðaskóli góður vinnustaður.

Í spurningum nr. 4, 5 og 6 er spurt hvort starfsfólki sé hrósað af samstarfsfólki, skólastjórnendum og foreldrum. Í tilviki einstakra starfsmanna á þessi spurning ekki við þar sem bein samskipti þeirra við foreldra eru nánast engin.


21% starfsfólks telja sér frekar sjaldan eða mjög sjaldan hrósað af samstarfsfólki sínu. 46% telja að þeim sé hrósað mjög oft eða frekar oft. Hér getum við tekið okkur á og sett okkur það markmið að vera dugleg að hrósa hvert öðru, samstarfsfólki, nemendum, vinum og fjölskyldu.

Einungis 26% starfsfólk telur að foreldrar hrósi þeim mjög oft eða frekar oft, en 32% telur að því sé frekar sjaldan eða mjög sjaldan hrósað af foreldrum. Sjálfsgagt er að beina því til foreldra að starfsfólki þykir vænt um að heyra þegar það gerir vel og þá er líka auðveldara að benda á það sem miður fer.

32% starfsmanna telja að skólastjórnendur hrósi þeim mjög oft eða frekar oft, 27% telja að þeim sé frekar sjaldan eða aldrei hrósað sem er ekki nógu gott, en góð ábending um það sem betur má fara.

Í spurningu 8. er spurt um starfsandann, en enginn starfsmaður telur að hann sé frekar slæmur eða mjög slæmur. 79% telja hann mjög góðan eða frekar góðan (mynd 2).

Mynd 2




Í spurningu 13 er spurt um vinnuáðstæður og telja 13% áðstæður frekar slæmar eða mjög slæmar, en 78% telja áðstæðurnar mjög góðar eða frekar góðar. Skólastjórnendur vita að bæta þarf áðstæður í smíðastofu, vinnuherbergi og Hofum

Spurt er í spurningu 7 hvort starfsmaður taki þátt í að bæta starfsandann í skólanum, en einungis 41% telja sig gera það mjög mikið eða frekar mikið, en 18% telja sig gera frekar lítið eða mjög lítið í því að bæta starfsandann. Nú er spurning um að við hvert og eitt tökum okkur á og vinnum saman í þá átt að bæta starfsandann. Gott væri að fá fram hugmyndir um hvað við sem hópur getum gert í þeim efnum (mynd 3).

73% starfsmanna telja sig vera virka í samstarfi við vinnufélagana, en einungis 7% telja sig ekki vera það, en um það er spurt í spurningu 14.

Mynd 3



Í spurningu 12 er spurt um samskipti við nemendur, foreldra, starfsfólk og skólastjórnendur. 98% telja sig eiga mjög góð eða frekar góð samskipti við nemendur, 72% við foreldra en hér á aftur við að hluti starfsmanna á ekki bein samskipti við foreldra. 96% segja samskipti við starfsfólk mjög góð eða frekar góð og 96% telja samskipti mjög góð eða frekar góð við skólastjórnendur. Enginn þátttakenda telur að samskipti séu frekar slæm eða mjög slæm.

53% telja sig taka mjög mikinn eða frekar mikinn þátt í auglýstu félagsstarfi starfsfólks, en 25% taka frekar lítinn eða mjög lítinn þátt.

Boðið var upp á að svara í málstofu, en einungis 11 þátttakendur notfærðu sér það. Þar kom fram, almenn ánægja með vinnustaðinn, samstarfið og skólann. Bent var á að gott væri að hafa námskeið í hópefli á starfsdögum í upphafi skólaárs til að þjappa fólki saman.

### Samantekt

Það sem við viljum bæta er að:

- Fólki sé hrósað meira.
- Vinnuaðstæður í smíði, vinnuherbergi og Hofum í samráði við Bæjarskrifstofu. Skólastjóri hefur skilað greinargerð um húsnæðisþörf og stækkun á skólanum til Fræðslu- og menningarsviðs, en hún er líklegast á borði skipulagsnefndar sem vonandi lætur fara fram þarfagreiningu skv. þar til gerðum reglum.
- Auka fjölbreytni í félagsstarfi til þess að fleiri taki þátt t.d. gönguferðir, leikhúsferðir og keila.
- Fleiri starfsmenn verði mjög ánægðir með starfsandann t.d. með því að hrósa fólki, taka eftir því sem vel er gert og fylgjast með högum hvers og eins.
- Til þess að viðhalda þessari góðu útkomu er nauðsynlegt að skólastjórnendur og starfsmenn fylgist vel með öllum breytingum og láti hver annan vita um það sem betur má fara.


## Könnun um líðan og samskipti - lögð fyrir foreldra

Í apríl var foreldrum allra nemenda send könnun í tölvupósti um líðan og samskipti í skólanum. Könnuninni svöruðu 284 foreldrar eða um 82%. Augljóst er að það eru mæður sem sinna samskiptamálum mest á heimilum en 93% svarenda voru mæður en einungis 3% feður og í 5% tilfella leystu foreldrarnir könnunina saman. Svörun var nokkuð jöfn milli foreldra yngra og eldra stigs, 49% svöruðu af yngra stigi en 51% af eldra stigi. Svörun var einnig álíka hjá foreldrum stúlkna 51% og drengja 49%.

Ef marka má niðurstöður könnunarinnar þá er augljóst að mikill meirihluti foreldra er ánægður með samskipti sín við skólann. Einnig er greinilegt að flestir foreldrar telja barni sínu líða vel í skólanum og að það eigi þar góð samskipti.

Í spurningu 5 er spurt hversu gott eða slæmt samstarf við skólann sé að mati foreldris. Greinilegt er að foreldrar eru almennt ánægðir með samstarfið því 85% telja það mjög eða frekar gott, 13% telja það hvorki gott né slæmt og einungis 1% telja samstarfið frekar eða mjög slæmt (mynd 4).

Mynd 4



Í spurningum 6-8 er sjónum beint að því hversu góð eða slæm samskipti foreldra séu við ýmsa starfsmenn skólans. Ljóst er að foreldrar telja sig almennt eiga góð samskipti við alla starfsmenn skólans. Jafnframt virðast þeir jákvæðastir gagnvart samskiptum sínum við þann aðila sem þeir eiga mest samskipti við þ.e. umsjónarkennarann eins og taflan hér að neðan sýnir.

	Mjög/frekar góð	Hvorki góð né slæm	Frekar/mjög slæm
Annað starfsfólk	70%	29%	1%
Skólastjórnendur	61%	37%	2%
Aðra kennara	73%	25%	2%
Umsjónarkennarar	86%	13%	1%


Næstu tvær spurningar kanna hversu góð samskipti foreldrar telji barn þeirra eiga við önnur börn, á skólatíma annars vegar og utan hans hins vegar. 89% foreldra telja börn sín eiga mjög eða frekar góð samskipti við önnur börn á skólatíma en 86% utan hans. 9% foreldra telja samskiptin við önnur börn hvorki góð né slæm á skólatíma en 11% utan hans. Um 3% telja barn sitt eiga frekar slæm samskipti við börn á skólatíma en 4% telja svo vera utan skólatíma.

Í spurningu 11 er spurt hversu oft foreldrar leita til starfsfólks skólans þegar eitthvað er að. Um 40% foreldra segist mjög oft eða frekar oft gera það, 30% hvorki oft né sjaldan og 30% frekar eða mjög sjaldan.

Spurt er um líðan barnsins í skólanum að mati foreldra í spurningu 12. Telja 86% foreldra að barni sínu líði mjög eða nokkuð vel í skólanum, um 8% hvorki vel né illa og 7% frekar eða mjög illa.

Næst var spurt hversu mikla ánægju foreldrar telji barn sitt hafa af náminu. 72% foreldra telja barn sitt hafa mjög eða frekar mikla ánægju af náminu. 19% foreldra telja að barn sitt hafi hvorki mikla né litla ánægju af náminu en 9% telja barn sitt hafa frekar eða mjög litla ánægju af því (mynd 5).

Mynd 5



Í 14 spurningu er kannað hversu jákvætt eða neikvætt viðhorf foreldrar hafa til skólans. Um 91% foreldra eru mjög jákvæðir eða frekar jákvæðir í garð skólans. 6% eru hvorki jákvæðir né neikvæðir og 3% frekar eða mjög neikvæðir.

Í næstu tveimur spurningum er spjótum beint að agamálum í skólanum. Nokkur munur var á því hversu mikinn aga foreldrar töldu vera í skólanum almennt, annars vegar og í bekk þeirra barns hins vegar. 45% foreldra töldu mjög eða frekar mikinn aga vera í skólanum en tæp 60% telja svo vera í bekknum hjá barni þeirra. Um 40% telja að agi sé hvorki lítil né mikill í skólanum en einungis 10% telja svo vera háttáð í bekk þeirra barns. Álíka margir telja mjög eða frekar lítinn aga í skólanum og í bekknum hjá barni sínu eða um 11%. 3% foreldra telja sig ekki vita hvernig agamálum sé háttáð í skólanum almennt en um 3% telja sig ekki þekkja það nógu vel hjá bekk barns síns.

Í spurningu 17 er spurt hversu mikla virðingu foreldrar telja starfsfólk sýna barni sínu. 72% telja barni sínu sýnd mjög eða frekar mikil virðing. 23% telja barni sínu hvorki sýnd mikil né lítil virðing og 5% telja barni sínu sýnd frekar lítil eða mjög lítil virðing.

Spurning 18 og 19 fjalla um stríðni. 46% foreldra hafa ekki orðið vör við að barni þeirra hafi verið strítt á skólaárinu. 31% segja barn sitt mjög sjaldan eða frekar sjaldan hafa orðið fyrir stríðni á skólaárinu. 13% telja að barni sínu hafi hvorki oft né sjaldan verið strítt og 9% telja að barni sínu hafi mjög eða frekar oft verið strítt. Foreldrar telja að stríðni eigi sér einkum stað í frímínútum (31%), á skólalóðinni (17%), á göngum skólans (13%) og í skólastofunni (11%).

Samkvæmt svörum við spurningu 20 telja 85% foreldra að barni þeirra líði mjög vel eða frekar vel í frímínútum. 11% telja að barni sínu líði hvorki vel né illa í frímínútum og einungis 4% telja að barni sínu líði frekar eða mjög illa í frímínútum.

51% foreldra telja að barni sínu sé mjög oft eða frekar oft hrósað í skólanum. 26% telja að því sé hvorki oft né sjaldan hrósað. 11% foreldra telja sig ekki vita það nógu vel til að svara því en 12% telja að barni sínu sé frekar sjaldan eða mjög sjaldan hrósað í skólanum.

Í spurningu 17 er spurt hversu vel foreldrar telji að hæfileikar barnsins þeirra njóti sín í skólanum. 66% foreldra telja hæfileikana njóta sín mjög vel eða frekar vel. 30% telja að þeir njóti sín hvorki vel né illa og 6% telja að þeir njóti sín frekar illa eða mjög illa.

Foreldrar virðast fá skjót viðbrögð við erindum sínum í skólanum en 71% telja sig fá mjög skjót eða fremur skjót viðbrögð við erindum sínum. 13% telja viðbrögðin hvorki skjót né sein og 4% telja viðbrögð skólans fremur eða mjög sein. 12% foreldra telja sig ekki hafa þurft að bera upp erindi í skólanum.

Greinilegt er að foreldrar telja sig afar velkomna í skólann en 91% foreldra telja sig mjög eða frekar velkomna í skólann. 8% telja sig hvorki velkomin né óvelkomin en einungis 1% telur sig frekar eða mjög óvelkomin.

Misjafnt virðist hversu mikil samskipti foreldrar eiga við aðra foreldra í bekk barns síns. 35% prósent telja sig eiga mjög mikil eða frekar mikil samskipti sín á milli, en 34% telja sig hafa frekar eða mjög lítil samskipti við aðra foreldra í bekknum. 32% telja sig svo hvorki eiga mikil né lítil samskipti.

### Samantekt

Það sem við viljum athuga nánar og reyna að bæta er í samræmi við skilaboð frá foreldrum:

- Hafa vakandi auga og reyna að finna þennan litla hóp nemenda sem virðist líða illa í skólanum, leiðist mjög, fær ekki nægjanlegt hrós og nýtur sín ekki
- Bæta enn frekar gæslu í frímínútum því þar virðist stríðni helst eiga sér stað
- Vinna í því að bæta aga á göngum og öðrum stöðum utan skólastofunnar til samræmis við þann ágæta aga sem foreldrar telja vera í bekkjunum
- Til að viðhalda þessari frábæru niðurstöðu ætlum við að halda áfram á sömu braut! Greinilegt er að hér er gott starfsfólk sem sýnir nemendum umhyggju og virðingu og skilar góðu starfi og foreldrar upplifa það í gegnum börnin sín

Í desember var lögð fyrir könnun um starfið í skólanum, skólann almennt og námsgreinar, Nemendur starfsfólk og foreldrar svöruðu könnuninni. Könnunin var lögð fyrir rafrænt. Könnunin var kynnt á starfsmannafundi fyrir starfsfólki, fyrir foreldrum á fundi skólaráðs og fyrir nemendum á veggspjaldi sem hengt var upp á vegg á gangi skólans, ásamt því að kennarar fjölluðu um niðurstöðurnar

### Könnun um skólann og starfið í skólanum – lögð fyrir nemendur í 4.-7. bekk

Könnun um skólann og starfið í skólanum var lögð fyrir nemendur í 4.-7. bekk í Hofsstáðaskóla í desember 2008. 243 nemendur hófu könnunina en 204 luku henni eða 84%. Í samantekt kemur fram að 198-218 nemendur svöruðu einstökum spurningum.


Í spurningu 1 voru nemendur spurðir hvernig þeim fyndist skólinn vera. 77% telja skólann mjög góðan eða frekar góðan, en 20% sæmilegan. Stjórnendur telja mikilvægt að yfir 90% nemenda telji skólann mjög eða frekar góðan, en það verður markmið okkar næstu árin.

Nemendur voru spurðir álits á skólareglum í spurningu 2. 70% telja reglurnar mjög sanngjarnar eða nokkuð sanngjarnar, en 27% telja sig ekki geta svarað spurningunni. 10% telja þær hins vegar fremur óréttlátar eða mjög óréttlátar. Það má velta því fyrir sér hvort þetta séu þeir nemendur sem oftast lenda í útistöðum við aðra nemendur og starfsfólk skólans.

Í spurningu 4 var spurt heldur þú að krakkarnir séu almennt ánægðir í skólanum. Það er ánægjulegt að sjá að einungis 4% svara sjaldan eða næstum aldrei. Ánægja nemenda er undirstaða góðs námsárangurs og því lykillinn að vellíðan og góðum og gildum þegnum hvers samfélags. 64% telja að krakkarnir séu frekar oft eða oftast ánægðir í skólanum.


Ekki er tekin afgerandi afstaða í spurningu 3, en þar er spurt hvernig nemendum finnst skólinn sinn í samanburði við aðra. 64% telja hann betri eða jafn góðan og aðra skóla, en 26% mun betri en aðra skóla. Algengasta svarið er jafn góður og en 37% telja að svo sé (mynd 7).

Mynd 7



Í spurningu 4 var spurt heldur þú að krakkarnir séu almennt ánægðir í skólanum. Það er ánægjulegt að sjá að einungis 4% svara sjaldan eða næstum aldrei. Ánægja nemenda er undirstaða góðs námsárangurs og því lykillinn að vellíðan og góðum og gildum þegnum hvers samfélags. 64% telja að krakkarnir séu frekar oft eða oftast ánægðir í skólanum (mynd 8).

Mynd 8



Í spurningu 5 var spurt hvort nemendur haldi að foreldrarnir séu ánægðir með skólann. 92% svara þessari spurningu með oftast eða frekar oft. Þessi niðurstaða bendir til þess að foreldrar tali vel um skólann í eyru barnanna og er það vel. Ánægðir foreldrar eru okkar stoð og stytta.

Nemendur eru ánægðir með aðstöðuna til náms í skólanum en um það er spurt í spurningu 6. 73% nemenda telja hana mjög góða eða nokkuð góða og 24% telja hana í lagi. Það má sjálfsagt velta því fyrir sér með hvaða augum nemendur á þessum aldri líta á aðstöðu til náms.

Í spurningu 7 eru nemendur beðnir um að taka afstöðu til aðstöðunnar í frímínútum. 70% nemenda telja hana mjög góða eða nokkuð góða, en 19% í lagi. Haustið 2008 var vígður nýr battavöllur við skólann og við það varð aðstaðan mun betri en áður en nokkuð fleira virðist vanta til þess að gera aðstöðuna enn betri.

Spurt er um mataraðstöðuna í spurningu 8. Nemendur virðast ekki sérlega ánægðir með hana en aðeins 60% telja hana mjög góða eða nokkuð góða. Nemendur borða í matsal sem er í alla staði vel útbúinn. Það er erfitt að segja hvers vegna þessi spurning fær svo lágt skor en e.t.v. þarft að skoða það nánar. Nemendur hafa ef til vill misskilið spurninguna eða ekki skilið hvað felst í orðinu mataraðstaða.

Í spurningu 9 er spurt hvort nemendur fái að vita um það sem gerist í skólanum t.d. þegar það eru skemmtanir, þemadagar eða útileikfimi. 81% telja að þeir viti það oftast eða oft sem er viðunandi, en jafnframt bendir á mikilvægi skilvirks upplýsingaflæðis heimilis og skóla.

Mér þykir vænt um skólann minn – hversu sammála ert þú þessu er spurt í spurningu 10. 70% nemenda eru mjög sammála eða sammála. 21% eru hlutlaus. Hér mætti niðurstaðan vera betri. Það er ákveðinn samhljómur milli svara við spurningum 1 og 10, enda spurningarnar ekki óskyldar.

### Samantekt


- Það sem við viljum athuga nánar og bæta er:
- Að fleiri nemendum finnist skólinn sinn mjög góður eða frekar góður. Viðmiðið er sett á 90%.
- Að fleiri nemendur verði ánægðir með leikvöllinn. Hér er hægt að fá ráðleggingar hjá nemendaráði skólans.
- Halda áfram að upplýsa nemendur um viðburði og leggja áherslu á að þeir verði enn frekar þátttakendur í eigin námi.

### Könnun um skólann og starfið í skólanum – lögð fyrir starfsfólk

Í desember 2008 var lögð könnun fyrir starfsmenn Hofsstáðaskóla í þeim tilgangi að skoða starfið í skólanum. Könnunin var send 65 starfsmönnum en 55 starfsmenn luku könnunni eða 85%. Spurningum 14.-19. var einungis beint til kennara og þeim svöruðu 38 kennarar. Eftir á að hyggja eru sumar spurninganna óþarflega líkar spurningum í könnun sem lögð var fyrir sama hóp í apríl 2008. Ein breyting var gerð á svarmöguleikum frá fyrri könnunum, en fram hafði komið gagnrýni, bæði hjá starfsmönnum og foreldrum, að svarmöguleikann „ég veit ekki“vantaði.

Í 1. spurningu er spurt hvort starfsfólk skólans sé einhuga um að skapa andrúmsloft, þar sem traust, virðing og sjálfstraust skipi veglegan sess. 91% starfsmanna sem svöruðu könnuninni eru mjög sammála eða sammála þessari fullyrðingu (mynd 9).

Mynd 9



Í 2. spurningu er spurt um ánægju í starfi. 95% starfsmanna eru mjög sammála eða sammála, en í hugum stjórnenda er þessi niðurstaða mjög ánægjuleg og styrkir okkur í því að halda áfram á sömu braut. Lokamarkmiðið er að sjálfsögðu að 100% starfsmanna séu ánægðir í vinnunni.

Í 3. spurningu er spurt um stefnu, markmið og leiðarljós skólans. Töluvert hefur verið unnið með þessa þætti sl. tvö ár, s.s. í hópvinnu, fyrirlestur og með kynningum. 77% starfsmanna telja sig mjög vel eða frekar vel upplýsta um áðurnefnd atriði. Hér mættum við gera betur, hugsanlega með spurningu í starfsmannasamtali.

Í spurningum 4 og 5 var spurt um annars vegar um hvort rætt væri við starfsmenn og hvort leitað væri eftir álit þeirra um það sem talið er skipta máli í skólanum eða hvort rætt væri við þá um frammistöðu í starfi. Flestir voru þeirrar skoðunar eða 69% sögðust oft eða stundum vera spurðir um álit. Hér þurfum við að finna leið til að gera betur. Um frammistöðu í starfi er aðallega rætt í starfsmannasamtölum, en það má hugsanlega setja þessa spurningu í samhengi við spurningu í síðustu könnun þar sem spurt var hvort starfsmönnum væri hrósað nóg. Hér er verk að vinna þar sem 61% svöruðu hvorki né eða frekar sjaldan.

Spurning 6 tengist spurningum 1 og 2 og er niðurstaðan nokkuð samhljóða þeim, en 86% telja starfsumhverfið mjög gott eða frekar gott. Það er vilji stjórnenda að hafa starfsumhverfið gott og það verður skoðað hvernig hægt er að gera betur.

Spurning 7 tengist því hvernig tekst að leysa vandamál en ánægjulegt er að sjá að flestir starfsmenn eða 97% telja sig vita hvernig leysa eigi þau vandamál sem upp koma í starfi. Draga má þá ályktun að upplýsingastreymi, starfsmannasamtöl og óformlegir fundir eigi einhvern þátt í því hve öruggir starfsmenn eru varðandi þennan þátt.

Í spurningu 8 er spurt hvort starfsmenn geti leitað til samstarfsmanna sinna ef upp koma vandamál í starfi. 90% eru þeirrar skoðunar að svo sé. Markmiðið hlýtur alltaf að vera að tengslanet og traust sé það gott að fólk geti leitað til samstarfsmanna í málum sem þessum.

Í spurningu 9 er komið inná breytingar. Nokkuð hefur verið um breytt vinnubrögð, kennsluaðferðir og áherslur í skólanum sl. tvö ár. Í breytingaferli koma gjarnan upp árekstrar og breytingar mæta oft mótspyrnu hjá hluta starfsmanna. Starfsmenn telja að 83% séu frekar tilbúnir eða í meðallagi tilbúnir til að bregðast við breyttum aðstæðum eða vinnuaðferðum.

Ákveðins ósamræmis gætir þegar niðurstöður í spurningu 10 eru skoðaðar í samanburði við spurningu 8 og 9. Aðeins 81% starfsmanna telja að þeim hafi verið gerð grein fyrir hlutverki sínu og starfssvið þeirra skilgreint. Með hliðsjón af niðurstöðum í spurningu 8 og 9 má telja að meira samsvörun ætti að vera milli þessara þriggja spurninga.



Næstu tvær spurningar þ.e. 11 og 12 snúa að mikilvægi þátttöku foreldra í skólastarfi. 79% telja að foreldrastarfið við skólann sé mjög gott eða frekar gott. Svar við þessari spurningu sker sig úr öðrum að því leytinu til að 12 starfsmenn nota svarmöguleikann veit ekki, en það eru líklega þeir starfsmenn sem minnst samskipti hafa við foreldra. Hins vegar telja 84% starfsmann að virkni foreldra skipti sköpum fyrir skólastarfið. Afstaða starfsmanna varðandi þetta atriði bendir okkur enn og ítrekað á mikilvægi foreldrasamstarfs við skólann.

Við grunnskóla starfar fjölbreyttur hópur starfsmanna sem hefur það að markmiði að mennta og taka þátt í uppeldi nemenda. Mikilvægt er að trúnaður og traust ríki á meðal starfsmanna til þess að þeir geti sinnt þessu mikilvæga verkefni. Í spurningu númer 13 var spurt um hversu mikilvægt sé talið að hafa þverfaglega samvinnu í skólanum. 89% telja að það sé mjög eða frekar mikilvægt, en þessi þáttur þyrfti að skora hærra ef vel ætti að vera.


Næstu sex spurningar voru eingöngu lagðir fyrir kennara.

Í spurningu 14 er spurt hvort gert sé ráð fyrir að nægur tími sé ætlaður í samvinnu og samráð þeirra sem vinna með ákveðna námshópa. Haustið 2008 var bundin viðvera lengd til þess að auka möguleika á samvinnu og samráði. Þrátt fyrir það eru einungis 71% kennara sem telja aðstæður bjóða upp á frekar mikið eða hæfilega mikið samstarf. Það má velta því fyrir sér hvernig þessi samráðstími sé nýttur, svo og árgangafundir sem eru ákjósanlegir tímar til samstarfs.

Í spurningu 15 er spurt um virkni í samstarfi við vinnufélagana. 84% telja sig mjög virka eða frekar virka í samstarfinu. 90% telja að samvinna kennara sé mjög mikil eða frekar mikil. Í stefnu skólans hefur verið lögð áhersla á meiri samvinnu kennara en áður tíðkaðist t.d. með samkennslu árganga og kennara innan árgangs. Sl. tvö ár hefur verið lögð áhersla á að þjappa vinnufélögum saman, bjóða upp á skemmtanir og tilefni til samveru.

Spurningar 17 og 18 eru keimlíkar en þar er því velt upp hvort nemendur hafi tækifæri til að hafa áhrif á skipulagið á eigin námi annars vegar og hvort nemendur fái tækifæri til að koma með sínar skoðanir og útfæra eigin hugmyndir í náminu hins vegar. Greinilegt er að kennarar telja að nemendur hafi almennt ekki áhrif á skipulagið á eigin námi, en 73% telja svo vera stundum eða oft. Eingöngu tveir kennarar telja að svarmöguleikinn mjög oft eigi við. Hins vegar telja 86,84% kennara að nemendur fái oft eða stundum að koma með sínar hugmyndir og útfæra eigin hugmyndir í náminu. 95% kennara telja að samstarf skólans við heimilin sé mjög gott eða frekar gott, en tveir nota svarmöguleikann veit ekki. Þessi niðurstaða hlýtur að teljast býsna góð.

Mynd 10



**Samantekt**


- Það sem við viljum bæta er að:
- Endurskoða starfslýsingar þannig að starfsfólki sé hlutverk sitt ljóst. Taka upp starfsgreiningarblöð?
- Auka fjölbreytni í félagsstarfi til þess að fleiri taki þátt t.d. gönguferðir leikhúsfærðir og keila.
- Fjalla sérstaklega um nýtingu á bundinni viðveru.
- Leggja aukna áherslu á samvinnu kennara/starfsmanna.
- Nemendur hafi aukin áhrif á skipulag eigin náms.
- Til þess að viðhalda þessari góðu útkomu er nauðsynlegt að skólastjórnendur og starfsmenn fylgist vel með öllum breytingum og láti hver annan vita um það sem betur má fara.

## Könnun um námsgreinar og nám – lögð fyrir foreldra

Í desember 2008 var lögð könnun fyrir foreldra/forráðamenn allra nemenda í Hofsstáðaskóla. Foreldrar/forráðamenn voru beðnir um að svara könnuninni einu sinni fyrir hvert barna sinna. Í þessari könnun var fyrst og fremst spurt um viðhorf eða skoðun foreldra á einstökum námsgreinum. Svarmöguleikanum „veit ekki“ var bætt við frá síðustu könnun vegna ábendingar frá svarendum. Það má segja að ákveðinn galli sé á þessari könnun þar sem allir foreldrar eru spurðir um allar námsgreinar, en þeir sem t.d. eiga eingöngu barn í 1. bekk geta augljóslega ekki svarað spurningu um dönskukennsluna í skólanum. Hins vegar lítum við svo á að niðurstöðurnar gefi vísbendingu um hvort kennslu í ákveðinni námsgrein sé verulega ábótavant. Það má að vissu leyti segja að spurningarnar séu ekki beint áhuga-verðar vegna þess hve endurtekningin er mikil, þ.e. spurningarnar eru nær allar samhljóða þegar spurt er um mismunandi námsgreinar. Foreldrar 234 barna svöruðu könnuninni, en nemendur við skólann eru 390. Svarhlutfall er því aðeins 60%

Í spurningu 1 er spurt hvað finnst þér um íslenskukennsluna. Þetta er spurning sem flestir geta svarað af einhverri þekkingu og reynslu, en 84% telja kennsluna mjög góða eða nokkuð góða. 8% nýta svarmöguleikann veit ekki.

Mynd 11



75% svarenda telja að stærðfræðikennslan sé mjög góð eða nokkuð góð, en um það er spurt í spurningu 2. 9% nýta hér svarmöguleikann veit ekki. Þar sem að íslenska og stærðfræði eru grunnfög má spyrja með hvaða hætti hægt er að upplýsa foreldra betur um kennsluna í þessum tveimur greinum.

Í spurningu 3 má sjá að 73% notuðu svarmöguleikann veit ekki þegar spurt var um dönskukennsluna. Þeir sem á annað borð taka afstöðu telja kennsluna mjög góða eða nokkuð góða eða 25%.

Þeir sem taka afstöðu í spurningu 4 þar sem spurt er um kennsluna í náttúrufræði telja hana mjög góða eða nokkuð góða eða 69% svarenda. Hér nota margir svarmöguleikann veit ekki eða 26%, en það er býsna hátt hlutfall svarenda.

Í spurningu 5 er spurt um lífsleiknina. Hér er aftur sama sagan þ.e. þeir sem taka afstöðu og segja kennsluna mjög góða eða nokkuð góða eru 65% svarenda en 29% nota svarmöguleikann veit ekki.

6. spurning er spurt um enskukennslu en 67% telja enskukennsluna mjög góða eða nokkuð góða, en 23% svara ég veit ekki. Foreldrar eru almennt jákvæðir varðandi enskukennsluna sem er vel, en haustið 2007 hófst kennsla í ensku í 1. bekk.

Í spurningu 7 svara 32% veit ekki, en þeir sem taka afstöðu og telja hana mjög góða eða nokkuð góða eru 63%, en hér er spurt um kennsluna í samfélagsfræði.

8. spurning tengist tónmennt en 73% telja kennsluna í tónmennt mjög góða eða nokkuð góða, en aftur eru það 20% sem nota svarmöguleikann, ég veit ekki.

Í spurningu 9 er spurt um kennsluna í smíðum í skólanum. Heldur fleiri taka afstöðu, en 78% telja hana mjög góða eða nokkuð góða, en 16% svara ég veit ekki. Nemendur fara heim með þau verkefni sem þeir vinna í smíði og þannig er afraksturinn sýnilegur.


Það sama á við í spurningu 10 en 78% telja kennsluna í myndmennt mjög góða eða nokkuð góða, en 19% svara ég veit ekki. Í myndmennt fara nemendur líka heim með afrakstur vetrarins.

Spurning 11 kemur inn á heimilisfræði en 76% eru mjög ánægðir eða nokkuð ánægðir með kennsluna en 7 telja hana sæmilega. 15% svara ég veit ekki.

Í spurningu 12 er spurt um kennsluna í textílmennnt. 71% telja hana mjög góða eða nokkuð góða, en tæpur fimmtungur eða 20% nota svarmöguleikann veit ekki. 8% telja kennsluna sæmilega. List- og verkgreinar skipa háan sess innan skólans og eru vinsælar greinar meðal nemenda sem smita því viðhorfi án efa heim til sín.

Það er greinilegt að foreldrar eru ánægðir með íþróttakennsluna en 83% telja hana mjög góða eða nokkuð góða, nánast enginn gefur henni lægri einkunn og einungis 10% svara ég veit ekki. Góður árangur það.

Mynd 12




Sundkennslan fær ekki eins háa einkunn í spurningu 14. 74% telja hana góða eða nokkuð góða, 11% telja sæmilega eða frekar lélega en 14% svara ég veit ekki. Erfitt er að átta sig á hvaða áhrif skipulagið á sundkennslunni hefur á afstöðuna, þ.e. sund er kennt á námskeiðum en ekki kennt vikulega allan veturinn.

Í spurningu 15 er spurt um tölvukennsluna, en 77% telja hana mjög góða eða nokkuð góða, en 17% svara veit ekki.

Foreldrar eru ánægðir með að boðið sé upp á valgreinar í skólanum en 62% telja það mjög gott. Heldur fleiri nota svarmöguleikann veit ekki en nokkuð gott eða 21% á móti 15%. Líklega eiga þeir foreldrar sem svara veit ekki börn í 1.-5. bekk og þekkja því ekki valmöguleikana.

Mynd 13



Í spurningum 17 og 18 er ekki spurt um einstakar námsgreinar heldur hvort nemendur geti haft áhrif á skipulag eigin náms og hvort kennslan og námið henti barninu og uppfylli væntingar foreldra. Einungis 7% telja að barnið hafi mjög oft áhrif á skipulag eigin náms, en 58% telja að svo sé stundum eða nokkuð oft á meðan 18% svara veit ekki. Í spurningu 18 eru foreldrar bærilega ánægðir með kennsluna og námið í skólanum en 82% svara oftast eða frekar oft. Einungis 3 svarenda eða 1% eða frekar sjaldan eða næstum aldrei ánægðir með skólann (3 svarendur) á meðan 4% svara veit ekki.

Í málstofu þar sem foreldrar fá tækifæri til að koma sínum skoðunum að óháð beinum spurningum kemur fram að foreldrar eru almennt ánægðir. Minnst er á of mikið heimanám á yngra stigi, aðrir vilja meira heimanám á eldra stigi. Einhverjir vilja kenna meira þrjón og hekl og aðrir telja að á meðan nemendur fá ekki þá valgrein sem þeir setja í fyrsta sætið, þá sé ekki um alvöruval að ræða.

Varðandi námsgreinar þá er nefnt að kenna þurfi betur aðferðir í stærðfræði, það sé ómögulegt að bjóða upp á fleiri en eina leið að svari og í íslensku vilja menn sjá meira af reglum. Óskað er eftir meiri útikennslu og fleiri vettvangsferðum.

Á heildina litið eru foreldrar almennt mjög jákvæðir gagnvart skólanum, en það kemur skýrt fram í málstofunni og ef börnin eru ánægð þá eru foreldrar það líka.

Könnunin í heild er gagnrýnd sbr. það sem kemur fram í 1. efnisgrein, hún er of einhæf og margir eiga í erfiðleikum með að svara einstökum spurningum.

Þó könnunin sé að sumu leyti gölluð þá gefur hún okkur vísbendingar um að nám og kennsla sé almennt í góðu lagi, það er ekkert sem stingur í augun.

**Samantekt**

Það sem við viljum athuga nánar og reyna að bæta er:

- Skoða sérstaklega kennsluna í stærðfræði m.a. með tilliti til þeirra námsgagna sem í boði eru.
- Auka áhrif nemenda á skipulag eigin náms.
- Gera góðan skóla enn betri.

## Niðurstaða

Fylgst er reglulega með og lagt mat á fleiri þætti en hér eru taldir. Má þar nefna stöðu nemenda í lestri og hreyfiproskapróf, en hefð er fyrir því að fjallað sé um þessa þætti í ársskýrslu skólans og verður svo einnig nú.

Árið 2009 er síðasta árið í þriggja ára matsáætlun, en áætlað er að leggja könnun fyrir foreldra næsta haust sem byggð verður á könnun sem Gallup lagði fyrir úrtak íbúa í Garðabæ. Valinn verður sá hluti sem fjallar um skólamál. Markmiðið er að skoða hvort þýðið sem svarar í þeirri skýrslu spegli foreldrahópinn í Hofstaðaskóla.

Ókosturinn við að vera með þriggja ára áætlun er sá að ekki er hægt að bera saman svör við sömu spurningum fyrr en að þremur árum liðnum, en þá er nemendahópurinn, foreldrahópurinn og starfsfólkið ekki það sama og áður. En að þremur árum liðnum ætti að vera hægt að setja viðmið í % sem stefnumiðað árangursmat verður byggt á.

Árið 2010 verður stefnumiðað árangursmat (BSC) tekið upp sem sjálfsmatstæki í skólanum sbr. umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu fyrir árið 2007.

f.h. sjálfsmatshópsins

Margrét Harðardóttir skólastjóri



Áhugasamir í eðlisvísindum

## Færnimiðað nám í stærðfræði og ensku

Stærðfræði í 5.-7. bekk var kennd í þremur færnimiðuðum hópum í 5. og 6. bekk en fjórum í 7. bekk. Hóparnir eru kallaðir, blár, rauður, gulur og grænn. Getumestu nemendurnir eru í bláa hópnum og þeir getuminnstu í græna síðan raðast rauður og gulur þar á milli. Fæstir nemendur eru í grænum hóp og flestir í bláum. Með færnimiðaðri kennslu teljum við okkur koma betur til móts við þarfir og færni hvers og eins nemanda.

Enska í 6. og 7. bekk var kennd í færnimiðuðum hópum, þremur í 6. bekk en fjórum í 7. bekk.

Nemendur í öllum hópum eiga að tileinka sér sömu eða sambærileg markmið samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá Hofsstaðaskóla (sjá námsvísi). Hluti nemenda ræður við fleiri og flóknari markmið (blár hópur) og aðrir nemendur þurfa lengri tíma og laga þarf námið að þeim (grænn hópur).

Kennarar meta reglulega hvort nemendur eru í réttum hóp eða eiga að flytjast milli hópa. Þá er tekið tillit til frammistöðu úr könnunum/prófum svo og skilningi og vinnusemi nemanda miðað við aðra í hópnum

### Námsefni

Misjafnt er eftir árgöngum hvort allir hópar nota sama námsefni eða hvort það er aðlagað að hópnum. Markmiðið er að hver og einn nemandi fái námsefni og kennslu við hæfi.

### Námsmat

Stefna skólans er að kannanir og próf byggi á þeim markmiðum og kröfum sem gerðar eru til nemenda og getur vægi einstakra þátta verið misjafnt, (sjá námsvísa). Misjafnt er eftir árgöngum og hópum hvort þeir taka sömu kannanir og próf.

### Viðhorfskönnun

Rafræn viðhorfskönnun var lögð fyrir nemendur og foreldra í færnimiðuðu námi í stærðfræði og ensku í Hofsstaðaskóla vorið 2009. Mjög góð þátttaka var í könnuninni. 87-93% nemenda svöruðu og um 78% foreldra. Tíu spurningar voru lagðar fyrir nemendur og foreldra með fimm svarmöguleikum.

Hér fyrir neðan eru tekin saman viðhorf foreldra og nemenda til helstu markmiða með færnimiðuðu námi í Hofsstaðaskóla. Þau eru að nemendum líði vel, þeir nái betri námsárangri og þeir fái verkefni miðað við getu. Viðhorf til annarra spurninga koma fram á súlurritunum.

### Stærðfræði


Þegar viðhorf til hópaskiptingar í stærðfræði er skoðað eru 66% nemenda sáttir við hana og 94% foreldra.

67% nemenda voru mjög sammála eða sammála um að þeir *fengju verkefni miðað við getu* og 79% foreldra voru þeirrar skoðunar.


Aðeins 51% nemenda töldu sig *ná betri námsárangri í færnimiðuðu námi* en 42% vissu það ekki. 89% foreldra voru mjög sammála eða sammála þessari spurningu. Þessi mikli fjöldi nemenda sem veit ekki svarið bendir til þess að nemendur eigi erfitt með að skilgreina líðan sína og viðhorf og því hægt að velta fyrir sér hvort spurningarnar séu of erfiðar og/eða fyrir ofan skilning nemenda.

Hvort nemendum líði vel í stærðfræðitímum svöruðu 67% nemenda mjög sammála eða sammála en 23% vissu ekki svarið. Þegar foreldrar voru spurðir sömu spurningar svöruðu 80% þeirra spurningunni játandi sem er mjög jákvætt. Sjá mynd 1 og 2.

Mynd 1



Mynd 2






## Enska


Þegar viðhorf til hópaskiptingar í ensku er skoðað eru 72% nemenda jákvæðir og 87% foreldra. Það hvort nemendur fái verkefni miðað við getu, svara 60% nemenda því játandi og 64% foreldra.

Spurningunni „Ég tel mig ná betri námsárangri í ensku“ svöruðu 53% nemenda mjög sammála eða sammála og 41% vissi það ekki sem er svipað og í stærðfræðinni. 84% foreldra svöruðu þessari spurningu jákvætt. 82% nemenda töldu að þeim líði vel í ensku sem er hærra hlutfall en hjá foreldrum en 78% þeirra svöruðu þeirri spurningu jákvætt. Sjá mynd 3 og 4.

Mynd 3



Mynd 4



## Niðurstöður

Könnunin sýnir jákvæð viðhorf nemenda og foreldra til helstu markmiða með færnimiðuðu námi í Hofsstáðaskóla það er að nemendum líði vel, að þeir nái betri námsárangri og að þeir fái verkefni miðað við getu.

Kristrún Sigurðardóttir deildarstjóri 5.–7. bekk

## Samræmd próf

Í október 2008 voru samræmd próf þreytt í 4. og 7. bekk. Alls tóku 58 nemendur í 7. bekk samræmd próf í stærðfræði en 57 í íslensku. Í 4. bekk tóku 44 nemendur stærðfræðiprófið en 43 íslenskuprófið.

Árangur nemenda í 4. bekk var mjög góður í stærðfræði og góður í íslensku. Árangur nemenda í 7. bekk var yfir landsmeðaltal bæði í íslensku og stærðfræði. Þeir voru einnig yfir meðaltali Reykjavíkur og nágrennis. Sjá nánar í eftirfarandi töflu.

Stærðfræði 4. bekkur

Íslenska 4. bekkur

Ár	Hofsstáðaskóli	Suðvesturkjördæmi	Landið	Hofsstáðaskóli	Suðvesturkjördæmi	Landið
2008 meðaltal	7,1	7,1	6,8	6,7	6,5	6,4

Árangur nemenda í 4. bekk á samræmdum prófum haustið 2008

Stærðfræði 7. bekkur

Íslenska 7. bekkur

Ár	Hofsstáðaskóli	Suðvesturkjördæmi	Landið	Hofsstáðaskóli	Suðvesturkjördæmi	Landið
Okt. 2008 meðaltal	7,0	6,9	6,5	7,6	7,3	7,1
4. b. okt. 2005 meðaltal	7,2	7,0	6,8	7,2	6,9	6,8

Árangur nemenda í 7. bekk á samræmdum prófum haustið 2008


## Framvinda nemenda frá 4. bekk í október 2005 til 7. bekk október 2008

Árangur nemenda í 4. og 7. bekk er mjög svipaður í stærðfræði en í íslensku fækkar aðeins í neðstu hópnum og fjölgar um tæp 10% í hópnum með raðtöluna 50-74. Hafa þeir í huga að meðfylgjandi súlurit gefa ekki endilega alveg rétt mynd af framvindu hópsins í heild þar sem eitthvað er um að nemendur hafi hætt í skólanum og nýir komið í staðin. Sjá meðfylgjandi súlurit:

## Stærðfræði heildareinkunn

Námsframvinda á samræmdum prófum hjá nemendum fæddum 1996


Samanburður á 4. og 7. bekk (hlutfall nemenda)



## Íslenska heildareinkunn

Námsframvinda á samræmdum prófum hjá nemendum fæddum 1996

Samanburður á 4. og 7. bekk (hlutfall nemenda)



Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir deildarstjórar


## Læsi í 1. og 2. bekk

Læsi – lesskimun er próf til að skima lestrarfærni nemenda í 1. og 2. bekk. Þrjú verkefni eru lögð fyrir nemendur í 1. bekk og tvö fyrir nemendur í 2. bekk. Deildarstjóri yngra stigs leggur fyrir Læsi með aðstoð umsjónarkennara.

Nemendur í 1. bekk sýna svipaða færni og nemendur í 1. bekk á síðasta skólaári. Nemendur í 2. bekk sýna talsvert betri árangur heldur en nemendur í 2. bekk í fyrra, meðaltalið hefur hækkað um 13%.

Meðaltal allra prófa í ár og í fyrra eru eftirfarandi:

1. bekkur - 2008	1. bekkur - 2009	2. bekkur - 2008	2. bekkur - 2009
77%	75%	68%	81%



Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir deildarstjóri 1.-4. bekkjar



Glímt við ýmsar þrautir

## Vettvangsferðir

Samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár og útfærslu þeirra í Skólanámskrá Hofsstaðaskóla er lögð áhersla á að hafa skólastarfið eins fjölbreytt og hægt er og að allir eigi kost á námi við hæfi. Starfið er reglulega brotið upp og tækifæri nýtt til ferða og útivistar þegar veður og aðstæður leyfa. Útivistardagar og vettvangsferðir eru mikilvægur þáttur í skólastarfinu og liggur mikill undirbúningur að baki þeim. Huga þarf vel að tengingu við markmið námskráa og tryggja að öllum nemendum líði vel og þeir fái að njóta sín.

Í upphafi skólaársins var gerð áætlun um vettvangsferðir allra árganga og gerð fjárhagsáætlun vegna þeirra. Eins og annað í samfélaginu þetta skólaárið þá stóðst það ekki. Bæjaryfirvöld urðu að skera verulega niður framlög til vettvangsferða og því var ekki hægt að fylgja áætluninni. Foreldrum er lögum skv. ekki heimilt að greiða fyrir ferðir barna sinna og því hefur ekki verið innheimt í bekkjarsjóði.

Í eftirfarandi töflum er yfirlit yfir þær vettvangsferðir sem farnar voru á skólaárinu.

### Eldra stig 5. – 7. bekkur

Mánuður	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
Ágúst/ September	Ferð á bæjarbókasafnið	Hjólaferð Vífilsstaðavatn	Ferð á Gljúfrastein í Mosfellssveit
Október	Hofsstaðir -minjagarður		5 daga ferð á Reyki í Hrútafirði
Nóvember	Þjóðminjasafnið: Vikingasýning í tengslum við Leif heppna	Húsdýragarðurinn vinnudagur	
Desember	Listasafn Íslands: sýningin, Ást við fyrstu sýn	Leikhúsferð nemendasýning	
Mars			Vettvangsferð í Sjáländsskóla og Garðaskóla
Apríl	Þjóðmenningarhús: Surtseyjarsýning		
Maí	Rafheimar	Hjólaferð	
Júní	Hjólaferð í Vífilsbúð Hjólaferð að Vífilsstaðavatni Gönguferð á ylströndina í Garðabæ	Hjólaferð í Heiðmörk Sundferð í Álftaneslaug	Hjólaferð í Vífilsbúð Göngutúr á ylströnd Garðabæjar Gönguferð í ísbúð

Yngra stig 1. – 4. bekkur

Mánuður	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Ágúst/ September			Gönguferð/ trjámæling	Hjólaferð/ Blómaferð
Október		Berjaferð í Heiðmörk	Laufblaðatínsla	
Nóvember			Mjólkursamsalan	
Desember	Árbæjarsafn			
Janúar	Álfaskoðunarferð við Flatirnar í GB	Bæjarferð til Reykjavíkur		
Febrúar			Skoðunarferð/ Himingeimurinn	Árbæjarsafnið (strætóferð)
Mars			Gönguferð á leikvöll	
Apríl		Fjöruferð		Skautuferð (bekkjarsjóðurinn borgaði)
Mái	1. IS - Hæðarból		Fjöruferð og gönguferðir í nágrenni skólans	
Júní	Vorferð í Hellisgerði	Vorferð til Reykjavíkur - Hljómskálagarður	Vorferð – Ylströnd í Garðabæ	



Glaðar í snjónum

## Þemadagar- fjölgreindaleikar

Dagana 19.–20. nóvember voru þemadagar í Hofsstaðaskóla. Að þessu sinni voru þeir með öðru sniði en undanfarin ár. Í ár voru haldnir svokallaðir fjölgreindaleikar en þá var fjölgreindakenning *Howard Gardners* höfð að leiðarljósi. Leikarnir fóru fram bæði í skólanum og í íþróttahúsinu Mýrinni. Annan daginn unnu nemendur í íþróttahúsinu en hinn daginn í skólanum. Starfsfólk mætti í furðufötum og lífgaði það mikið uppá leikana.

Nemendum var skipt upp í 34 lið sem í voru 11-12 nemendur úr öllum árgöngum. Krakkar úr 6. og 7. bekk voru fyrirliðar. Settar voru upp 34 stöðvar og fór hvert liðið á milli þeirra og vann saman að því að leysa margskonar þrautir sem reyndu á mismunandi hæfileika eins og að syngja, dansa, sippa, mála, vélrita, kasta, grípa og búa til smáskilaboð (SMS) svo eitthvað sé nefnt. Á hverri stöð fékk liðið stig fyrir frammistöðu og framkomu liðsmanna.



Unnið með mismunandi hæfileika

Þriðjudaginn 25. nóvember var uppskeruhátíð fjölgreindaleikanna. Nemendur og starfsmenn skólans komu saman á sal. Það voru sungin nokkur lög úr *Singing Bee* sem var ein af þrautunum sem nemendur áttu að leysa á leikunum. Síðan voru veitt verðlaun þeim liðum sem lentu í þremur efstu sætunum. Einnig fengu þeir fyrirliðar sem þóttu skara fram úr viðurkenningu. Að verðlaunaafhendingu lokinni stjórnaði einn kennari línudansi en nemendur lærðu þann dans á einni stöðinni á leikunum. Fjölgreindaleikar Hofsstaðaskóla þóttu takast afar vel.



„Fjölgreindir“ nemendur



## Grænánaskóli

Hofsstaðaskóli hefur verið Grænánaskóli frá haustinu 2007. Skólinn hefur verið „Skóli á grænni grein“ frá árinu 2005. Skólinn fær að flagga Grænánanum í tvö þ.a. að næsta haust þarf að sækja um endurnýjun fánans en sú viðurkenning fæst endurnýjuð ef skólinn hefur sinnt góðu umhverfisstarfi.

Í vetur var unnið markvisst samkvæmt umhverfisstefnu Hofsstaðaskóla sem var endurskoðuð sl. haust. Nýr þáttur bættist við sem miðaði að því að draga úr bílaumferð við skólann og hvatningu til þess að nota umhverfisvænni samgöngumáta. Þættirnir sem unnið er markvisst með á þessu skólaári eru ellefu talsins og eru eftirfarandi:

- Draga úr pappírnotkun og flokka þann pappír sem til fellur
- Draga úr notkun á drykkjarfernum og safna þeim sem til falla
- Draga úr sorpi og flokka sorp
- Vatn er auðlind – stuðla að vatnsdrykkju
- Draga úr notkun á einnota umbúðum og endurnýta umbúðir sem til falla í skólanum
- Safna bylgjupappa
- Ganga vel um umhverfið og hreinsa skólalóð
- Draga úr rafmagnsnotkun
- Auka útikennslu og útiveru nemenda
- Auka fræðslu í umhverfismennt
- Minnka bílaumferð við skólann þ.e. hvetja alla til þess að ganga/hjóla í skólann

Í skólanum er starfandi umhverfisnefnd sem í sitja starfsmenn, foreldri og nemendur. Í ár var nemendum fjölgað um tvo í nefndinni.

### Umhverfisnefnd 2008-9

Jóhann Hinrik Jónsson 7. BV,

Jón Arnar Árnason 4. RS,

Hafsteinn Ari Ágústsson 3. ABR,

Einar Hrafn Árnason 6. ÓP

Kristrún Sigurðardóttir deildarstjóri og verkefnastjóri

Áslaug Þorgeirsdóttir heimilisfræðikennari

Ólöf Harpa Gunnarsdóttir umsjónarkennari

Jóhanna Hafsteinsdóttir 7. EP ,

Guðrún Lóa Sverrisdóttir 4. BS,

Agnes Gunnarsdóttir 3.US

Gunnar Pálmason húsvörður

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir deildarstjóri

Ragna Jóhannsdóttir umsjónarkennari

Kristbjörg Ágústsdóttir (fulltrúi foreldra)


Umhverfisnefndin hélt einn stóran fund þar sem allir aðilar nefndarinnar komu saman og lögðu línurnar fyrir veturinn. Nokkrum sinnum voru smærri fundir og vinnufundir með aðilum úr umhverfisnefndinni í tengslum við ýmiskonar verkefni. Nemendur í nefndinni voru mjög virkir og áhugasamir í umhverfisstarfinu. Þeir gengu í stofur ásamt deildarstjórum til þess að kynna stefnu skólans og markmið starfsins auk þess að taka þátt í umhverfisgæslu. Einnig afhentu þeir viðurkenningar í tengslum við verkefnið *Gengið í skólann*.



Umhverfisnefndin að störfum

Umhverfisgæsla var virk yfir veturinn en hún er hugsuð til að fylgja markmiðum í umhverfisstefnu skólans betur eftir. Þá fóru nemendur í umhverfisnefnd ásamt deildarstjórum í allar bekkjarstofur til að taka út frammistöðu bekkjanna. Eftirfarandi fimm þættir voru metnir: Frágangur á fernum, pappír, rusli, fatahengi og hvort slökkt væri á ljósum í mannlausu herbergi. Bekkirirn gátu fengið grænt spjald sem þýðir að ástandið sé mjög gott og a.m.k. 4-5 atriði í lagi. Ef bekkurinn var með 3 eða færri atriði þá fékk hann ekkert spjald. Í meðfylgjandi súluriti sést hversu margir bekkir fá grænt spjald og hversu margir bekkir fá ekkert spjald (litað rautt) á þriggja mánaða tímabili.

Umhverfisgæsla haust 2008



Í september var einn dagur skilgreindur sem útivistardagur þar sem allir árgangar voru hvattir til að fara út og vinna útivistar- eða umhverfistengd verkefni. Allir árgangar skólans tóku þátt í skipulagðri útivist nokkrum sinnum yfir skólaárið þar sem m.a. var farið í ratleik um skólalóðina. Í október tók skólinn þátt í verkefninu „Göngum í skólann“. Þátttaka nemenda var mjög góð en 85% nemenda komu annað hvort gangandi eða á hjóli í skólann þessa daga. Veittur var *Gullskór* fyrir besta árangur á yngra og eldra stigi. Í maí tóku nemendur og starfsmenn þátt í verkefninu „Hjólað í vinnuna“. Þátttaka og áhugi nemenda var alveg frábær og komu að meðaltali 93% nemenda hjólandi eða gangandi í skólann þessa daga. Starfsmenn stóðu sig einnig mjög vel en um það bil 75% þátttaka var í starfsmannahópnum.

Allir bekkir skólans unnu að fjölbreyttum umhverfistengdum verkefnum s.s 1. bekkur um umferðina, 2. bekkur fór í berjaferð og skoðaði haustlitina, 3. bekkur lærði um húsdýrin, 4. bekkur fjallaði um flokkun á sorpi, 5. bekkingar hjóluðu að Vífilstaðavatni og skoðuðu plöntur og fuglalíf, 6. bekkingar lærðu um lífríki

Vífilsstaðavatns og fóru þangað í vettvangsferðir og 7. bekkingar fóru í Vífilsbúð. Auk ofantalins var unnið með fjölda annarra verkefna og nemendur fóru í fjölmargar ferðir þar sem umhverfisfræðsla kom við sögu. (Sjá nánar í námsvísunum).



Útielhdús í Vífilsbúð

Hver bekkur sá einu til tvisvar á skólaárinu um að hreinsa skólalóðina. Mikið hefur dregið úr fernunotkun og heyra þær nánast til undantekninga í yngri bekkjum skólans. Hvatt er til vatnsdrykkju og voru flestir nemendur með glas eða brúsa í skólastofunni. Á vordögum gróðursettu nemendur í 4. bekk aspir á skólalóðinni í samstarfi við garðyrkjudeild bæjarins.

Nemendur í 2. og 6. bekk unnu saman að hreinsun meðfram Arnarneslæk frá Bæjarbraut að Reykjanesbraut og fengu að launum hvatningarstyrk frá bænum.

Eins og undanfarin ár tóku nemendur í 6. bekk í smíðavali þátt í lampasamkeppni þar sem margs konar efniviður er endurnýttur.

Í tengslum við *Dag umhverfisins* voru kennarar hvattir til að vinna umhverfistengd verkefni og nemendur eldra stigs nýttu útivist á föstudegi til þess að fegra og hreinsa umhverfi skólans. Deildarstjórar bjuggu til umhverfistengt vefrallý en vegna anna í árgöngum var ákveðið að geyma það fram á næsta skólaár.

Í vetur var fræðsla starfsmanna sinnt nokkuð vel m.a. með áðurnefndu námskeiði í útikennslu og náttúruvísindum. Haldnir voru fyrirlestrar, gerðar tilraunir og unnin verkefni sem tengjast náttúrufræði, eðlisfræði, útikennslu og einstaklingsmiðuðu námi. Í lok námskeiðsins unnu þátttakendur í hópum að verkefnabanka í útikennslu sem vonandi á eftir að nýtast skólastarfinu vel í framtíðinni. Stefán Gíslason umhverfistjórnanarfræðingur hélt skemmtilegt erindi fyrir starfsmenn í október sem fjallaði m.a. um mikilvægi fullorðna fólksins sem fyrirmynda og frumkvöðla í umhverfisstarfinu.

Þegar á heildina er litið hefur vinna tengd umhverfismálum vetrarins tekist nokkuð vel. Nemendur hafa tekið virkari þátt í starfinu en áður og er einn af lykilþáttum í góðum árangri.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir

## 4. ÝMSAR SKÝRSLUR

### Skýrsla deildarstjóra yngri og eldri deilda

#### Undirbúningur skólastarfs

Deildarstjórar önnuðust undirbúning skólabyrjunar sem meðal annars felur í sér stundatöflugerð, skipulag list- og verkgreina, íþróttar, færnimiðaðs náms, hópaskiptingar í ýmsum greinum og bekkjarröðun. Skólanámskrá C var yfirfarin, endurskoðuð og uppfærð. Gengið var frá ýmiskonar skipulagi s.s. skemmtunum á sal, skipulagi fyrir matsal, þrifum á skólalóð og innanhúss skóladagatali. Deildarstjórar hafa yfirumsjón með bókageymslu og kennslugögnum og fóru yfir kaup á námsbókum og námsgögnum. Námsvísar og kennsluáætlanir voru yfirfarnar. Haldnir voru fundir með foreldrum verðandi 1. bekinga að vori og foreldrum og nemendum sem koma nýir í 2.–7. bekk að hausti.

Deildarstjórar sitja í stjórnendateymi Hofsstáðaskóla og eru því virkir í daglegri stjórnun skólans. Þeir koma að skipulagningu og halda utan um marga þætti skólastarfsins. Sem dæmi má nefna; skipulag starfsdaga, samræmdra prófa, skipulag á jólaskemmtun, skipulag öskudags, skipulag á *Degi íslenskrar tungu*, námskeiða, fræðslufunda og að hluta til að skipulagi á íþróttadegi. Þeir sáu um skipulagningu þemadaga (fjölgreindaleika). Einnig sátu deildarstjórar í stýrihóp í tengslum við símenntunarnámskeiðið „Náttúrufræði og útikennsla - einstaklingsmiðað nám“.

Þeir sitja í starfshópnum *Gegn einelti í Garðabæ* og stýra þeirri vinnu í skólanum. Deildarstjóri yngri deilda sér um öll samskipti við leikskóla og situr fundi vegna *Brúum bilið* samstarfsáætlunar leik- og grunnskóla. Hann skipuleggur skólaheimsóknir og vorskóla fyrir verðandi 1. bekinga. Hann sér um að leggja fyrir *Læsi* í 1. og 2. bekk og úrvinnslu gagna. Deildarstjóri eldri deilda sér um samskipti við Garðaskóla, þorablót 6. bekinga og árhátið 7. bekinga, *Stóru upplestrarkeppnina* og Reykjaferð. Einnig er hann prófdómari í framsögn hjá nemendum á eldra stigi. Auk þessa og margra fleiri verkefna skipuleggja deildarstjórar og stjórna stigsfundum, þeir sitja nemendaverndarráðsfundi, árgangafundi og fundi með skólastjórum tvisvar í viku. Þeir sitja skilafundi og fundi vegna einstakra nemenda ef þess er óskað. Deildarstjórar önnuðust starfsmannasamtöl við kennara á sínu stigi. Deildarstjóranir eru virkir í umhverfisstarfi skólans, sitja í umhverfisnefnd og annar þeirra er verkefnisstjóri Grænánaverkefnisins.

Haustið 2008 var heimanám endurskoðað í öllum árgöngum undir leiðsögn deildarstjóra. Eitt af aðalmarkmiðum heimanámsins er lestur. Það er mikilvægt að hvetja börn á öllum aldri til að lesa í a.m.k. 15 mínútur í senn. Lestri yngstu nemendanna þarf að sinna á hverjum degi með aðstoð fullorðinna á heimilinu. Menn eru ekki á eitt sáttir um það hvað telst hæfilegt heimanám og er það eins og annað einstaklingsbundið hvað hentar hverjum og einum. Sett eru viðmið fyrir hvern aldurshóp og síðan eru ýmis tilbrigði við það. Fyrirhugað er að vinna efni um heimavinnu sem sett verður á vef skólans. Þ.m.t. hvernig foreldrar geti aðstoðað börn sín við heimanám.

Deildarstjórar halda utan um námsmat í skólanum í samvinnu við kennara og kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni. Sjá um að vinna úr niðurstöðum samræmdra prófa og deildarstjóri eldri deilda gerir m.a. skýrslu um framfaræinkunn nemenda frá 4. til 7. bekkjar. Deildarstjórar sækja fjölbreytt námskeið og fræðslufundi og kynna nýjungar fyrir kennurum.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Kristrún Sigurðardóttir

## Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk

Nemendur í 1. bekk voru alls 55 í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Áslaug Hreiðarsdóttir, Ingibjörg Sigfúsdóttir og Þóra Þórisdóttir, auk Guðnýjar Sigurjónsdóttur þroskaþjálfar sem hafði umsjón með nemanda með fötlun. Bryndís Guðmundsdóttir þroskaþjálfari vann með tvo nemendur í 1. IS. Sigríður Kragh kom í bekkina sem stuðningsfulltrúi. Áslaug Hreiðarsdóttir var í veikindaleyfi hluta af vorönn og Elna Kristjánisdóttir leysti hana af á meðan.

### Helstu áherslur árgangsins

Við upphaf skólaárs var lögð áhersla á að efla félagsleg tengsl nemenda og aðlaga þá að skólaumhverfinu. Allan veturinn var mikil áhersla lögð á lestrarfærni og stærðfræði. Einnig var lögð áhersla á gott samstarf við foreldra.

Áframhald var á samstarfi við leikskólann Hæðarból, undir stjórn deildarstjóra yngra stigs og leikskólakennara á Hæðarbóli. Elstu nemendur leikskólans komu nokkrum sinnum yfir veturinn í heimsókn í skólann og tóku þátt í ýmis konar verkefnavinnu með nemendum í 1. bekk t.d. í tengslum við söguramman *Álfar og bústaðir þeirra*. Einnig komu nemendur í samsöng. Einn bekkur, 1. IS heimsótti leikskólann á vordögum.

### Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Kennsluhættir voru fjölbreyttir, sem dæmi má nefna unnu nemendur einstaklingslega, í hópum, hringekju og í þemavinnu. Einnig var samvinna innan árgangs og milli árganga.

Skil á heimanámi voru vikulega en verkefni tengdust flest íslensku og stærðfræði. Mikil áhersla var lögð á að nemendur læsu heima daglega og þegar líða tók á veturinn að þeir skrifuðu orð úr lesnum texta í skrifarbók.



Frá hundraðdagahátíð

### Námsmat/námsaðlögun

Nemendur fengu afhentan vitnisburð að vori. Í foreldraviðtölum í október og janúar voru foreldrar og nemendur upplýsir um ýmislegt sem tengdist náminu og félagslegri stöðu.

Námsaðstæður voru aðlagaðar fyrir nemendur með frávík, þeir fengu sérstakan stuðning og unnin var einstaklingsáætlun fyrir þá í samvinnu við deildarstjóra sérkennslu og þroskaþjálfar.

### Þróunarstarf

Í vetur var unnið áfram við að þróa samstarf milli fyrsta og annars bekkjar. Verkefnið árstíðirnar varð fyrir valinu og var unnið með fjölbreytta kennsluhætti og samþættingu. Það verkefni tók sex vikur og unnu nemendur í blönduðum hópum að margskonar verkefnum. Samvinna og verkefnið heppnaðist mjög vel. Það var gaman að sjá hversu duglegir eldri nemendur voru að leiðbeina og aðstoða þá yngri.

## Útikennsla

Farið var í gönguferðir til að skoða gróðurinn og hraunið og unnin verkefni út frá því t.d. í tengslum við verkefnið *Álfar og bústaðir þeirra*. Einnig var farið á nærliggjandi útsvæði. Farið var í vorferð í Hellisgerði í Hafnarfirði.

## Umhverfisfræðsla

Í upphafi skólustarfsins var fræðsla um nánasta umhverfi skólans. Nemendur fóru í gönguferðir um nágrennið. Nemendur fengu gefins hjálma frá Kiwanis og hjúkrunarfræðingur kom í heimsókn og fræddi nemendur um hjálmanotkun.

## Lífsleikni

Verkefnið *Vinir Zippýs* var unnið að hluta og unnið var markvist með samskipti nemenda. Námsráðgjafi lagði tengslakönnun fyrir nemendur í tengslum við foreldraviðtöl Samsöngur og samvera á sal var einnig hluti af lífsleikni.

## Skemmtanir og félagslíf

Allir bekkir voru með skemmtun á sal og höfðu sín bekkjarkvöld, eitt á hvorri önn. Foreldrasamstarf var gott og vinnuhópar sem foreldrar skipulögðu voru í öllum bekkjum.

## Mat á starfi vetrarins

Nemendur árgangsins koma vel út námslega og félagsfærni er að eflast og mikilvægt er að fylgja henni vel eftir næsta skólaár. Samstarf allra þeirra sem komu að 1. bekk var mjög gott.

Áslaug Hreiðarsdóttir, Ingibjörg Sigfúsdóttir og Þóra Þórisdóttir



Í álfalandi

## Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk

Nemendur í 2. bekk voru alls 59 í 3 umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Ágústa Steinarsdóttir, Ragna Jóhannsdóttir og Hrafnhildur Ósk Skúladóttir auk Ragnhildar Sigurðardóttur þroskaþjálfar, Sólborgar Pétursdóttur stuðningsfulltrúa og Guðrúnar Daggar Jóhannsdóttur sérkennara.

## Helstu áherslur árgangsins

Aðaláherslan í vetur var lögð á að auka lestrarfærni, þjálfar námstækni, efla lífsleikni og læsi á náttúruna. Sérstök áhersla var lögð á að efla samkennd og samvinnu innan árgangsins með sameiginlegum verkefnum og samverustundum.



## Kennsluhættir/skipulag kennslu

Kennsluhættir voru mjög fjölbreyttir í vetur. Sem dæmi má nefna: þemavinnu, hringekju, útikennslu, hópavinnu, samvinnu milli árganga í hringekjuformi, einstaklings- og nemendamiðað nám.

Skil á heimanámi voru vikulega s.s. stærðfræði, sögugerð og ljóð. Gert var ráð fyrir að nemendur læsu daglega heima í a.m.k. 15 mínútur daglega og skrifuðu 3-5 orð úr lesnum texta í skrifarbók.

## Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var breytilegt eftir fögum s.s. kannanir, umsagnir og mat á vinnubókum. Sjá nánar í námsvísi 2. bekkjar. Námsaðstæður voru aðlagðar fyrir nemendur með frávik, þeir fengu sérstakan stuðning og unnin var einstaklingsáætlun fyrir þá í samvinnu við deildarstjóra sérkennslu og þroskaþjálfu.

## Þróunarstarf/nýbreytni

Í vetur var unnið áfram við að þróa samstarf milli fyrsta og annars bekkjar. Verkefnið *Árstíðirnar* varð fyrir valinu og var unnið með fjölbreytta kennsluhætti og samþættingu. Samvinnan og verkefnið heppnaðist einstaklega vel.

## Útikennsla

Farið var í fjöruferðir og gönguferðir til að skoða gróðurinn og unnin verkefni út frá því. Einnig var farið í tvær bæjarferðir til Reykjavíkur. Í útikennslunni var lögð áhersla á að samþætta námsgreinar svo sem náttúrufræði, íslensku, stærðfræði og ensku. Með þessu var lagður grunnur að læsi á náttúruna sem mun án efa skila sér næsta vetur þar sem hugmyndabanki skólans í útikennslu mun nýtast vel.

## Umhverfisfræðsla

Umhverfisfræðsla hefur verið unnin samhliða Grænfánaverkefninu. Árgangurinn hefur unnið sem heild með skólasamfélaginu til að efla umhverfisvitund. Hreinsun skólalóðarinnar var mikilvægur þáttur í umhverfisfræðslunni. Í vor fengum við ásamt 6. bekk það verkefni að hreinsa Arnarneslækinn. Skemmtilegt verkefni sem skilaði sér í góðum skólaanda og samvinnu.



Árstíðirnar

## Lífsleikni

Samkvæmt námsvísi var lögð áhersla á að byggja upp jákvæðan bekkjaranda, efla sjálfsmynd, æfa sig í að setja sig í spor annarra, virða reglur og varast hættur. Notaðar voru klípusögur, umræður, hlutverkaleikir, samvera og bekkjarfundir.

Námsráðgjafi lagði tengslakönnun fyrir nemendur og tók nokkra nemendur til sín í viðtöl. Samsöngur og samvera á sal var einnig hluti af lífsleikninni.



## Skemmtanir og félagslíf

Allir bekkir voru með skemmtun á sal og höfðu sín bekkjarkvöld.

## Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var gott og vinahópar voru í tveimur bekkjum. Gott samstarf var á milli kennara og bekkjarfulltrúa. Góð þátttaka foreldra var á öllum viðburðum skólaársins.

## Mat á starfi vetrarins

Það sem við lögðum upp með í haust tókst vel og má þar nefna jólahringekjuna og verkefnið um árstíðirnar sem og vinnu með námslega þætti og félagsfærni. Efla má enn frekar lestrarfærni nemenda, þjálfra gagnvirkan lestur og ritun. Í stærðfræði má auka fjölbreytni í verkefnavinnu t.d. útikennslu.

Ágústa Steinarsdóttir, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir og Ragna Jóhannsdóttir

## Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk

Nemendur í 3. bekk voru alls 65 í þremur bekkjum. Umsjónarkennarar voru Anna Birna Rögnvaldsdóttir, Guðrún Pálsdóttir og Unnur Sæmundsdóttir. Stuðningsfulltrúar: Anna Laxdal, Sigríður Kragh og Sigurveig Björnsdóttir. Proskabjálfar: Bryndís Guðmundsdóttir og Guðný Sigurjónsdóttir ásamt Ástu Kristjánsdóttur - kennara sem sá m.a. um sérkennslu.

## Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins voru að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda. Til þess voru notaðar ýmsar aðferðir eins og söguaðferð, upplýsinga- og leitarnám ásamt samvinnu. Áhersla var lögð á lífsleikni í formi bekkjarfunda. Sjálfstjórn og ábyrgð nemenda í verkefnavinnu, framkomu og hegðun, með leiðarljós skólans til grundvallar.

## Skipulag kennslunnar

Auk hefðbundinna þátta var hluti námsins í hringekju og hópastarfi t.d. í gagnvirkum lestri þar sem boðið var upp á bæði einstaklings- og færnimiðað nám.

## Námsmat/námsaðlögun

Námsmatið var í formi símats ásamt könnunum sem teknar voru með ákveðnu millibili. Verkefnavinna nemenda var metin ásamt stöðluðum könnunum og verkefnum sem sérkennarar lögðu fyrir. Verkefnabækur í Mentor voru nýttar og birtar foreldrum.



Samþætting námsgreina

## Próunarstarf/nýbreytni

Gerð var tilraun með útikennsla í ensku. Markvisst var unnið með myndörvun í samfélagsgreinum í formi vinnubóka. Samvinnuverkefni milli árganga 3. og 4. bekkja.

### **Skemmtanir og félagslíf**

Að loknu samvinnuverkefni 3. og 4. bekkja um tröll var haldin sýning fyrir foreldra og aðra aðstandendur. Verkefnið tókst í alla staði mjög vel og leiddi til þess að árgangurinn varð samheldnari. Tvö bekkjarkvöld voru haldin hjá hverjum bekk. Annað kvöldið var spilakvöld og hitt var sýning með skemmtiatriðum hvers bekkjar. Í bekkjunum voru vinahópar sem foreldrarnir sáu um einnig sáu foreldrar um sameiginlegt lokahóf. Tengslakannanir voru gerðar með reglulegu millibili í tengslum við lífsleiknina.



Vettvangsferð á ylströndina í Garðabæ

### **Útikennsla**

Umsjónarkennarar voru duglegir við að fara í vettvangsferðir í nágrenni skólans og nýta nýja gangabankann um útikennslu.

### **Umhverfisfræðsla**

Í tölvutímum var forritið *Umferd.is* talsvert notað. Verkefni um tré og lífið í fjörunni voru unnin ásamt ljóðaverkefni.

### **Lífsleikni**

Mikil áhersla var lögð á að efla bekkjarandann ásamt virðingu og því að setja sig í spor annarra. Deildarstjóri og námsráðgjafi voru til aðstoðar í ýmsum verkefnum. Reglulegir bekkjarsamfundir voru haldnir.

### **Foreldrasamstarf**

Í bekkjunum voru vinahópar sem foreldrarnir sáu um einnig sáu foreldrar um sameiginlegt lokahóf. Samskipti við foreldra voru mikil í formi funda og tölvupósta.

### **Mat á starfi vetrarins**

Þegar á heildina er litið gekk starfið vel í vetur. Samfélagsfræðiverkefni voru vel unnin og nemendur voru mjög áhugasamir. Lestrarkennslan gekk einnig mjög vel og lestrarátak á vegum sérkennara í samstarfi við foreldra skilaði góðum árangri. Samkennsla mætti vera meiri og blöndun í kennslu. Mikið og gott samstarf var milli umsjónarkennara og annars fagfólks innan skólans.

Anna Birna Rögnvaldsdóttir, Guðrún Pálsdóttir og Unnur Sæmundsdóttir

## Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk

Í 4. bekk voru alls 45 nemendur í tveimur umsjónarbekkjum. Umsjónarkennarar voru Bryndís Svavarsdóttir og Ragnheiður Stephensen. Bryndís fór í fæðingarorlof 12. maí og Brynja Jónsdóttir tók þá við umsjón í 4. BS. Anna Eymundsdóttir var sérkennari árgangsins, Ásta Kristjánsdóttir var viðbótarkennari í 4. RS, fimm kennslustundir á viku og Sigurveig Björnsdóttir var með einn stuðningstíma á viku. Stuðningurinn nýttist líka að hluta til í 4.BS í stærri sameiginlegum verkefnum árgangsins.

### Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmiðið í vetur var að auka vandvirkni og sjálfstæði nemenda, efla lesskilning og viðhalda samvinnu og góðum bekkjaranda. Í Leiðarljósinu var aðallega unnið með vellíðan og vinnusemi og í verkefnavinnu var mikið um paravinnu og hópastarf.

### Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Leitast var við að hafa námið einstaklingsmiðað og einkum stuðst við leitarnám, innlagnarkennslu, para- og hópavinnu. Samfélags- og náttúrufræði (að undanskildum eðlisvísindahlutanum) voru kenndar í lotum - oftast en ekki samþættar íslensku og oft stærðfræði. 3. og 4. bekkur unnu saman íslenskuverkefni um tröll. Því lauk með opnu húsi fyrir foreldra. Tvisvar í viku var hringekja í þremur hópum. Einn hópurinn var í sundi, annar í tölvufærni og gangvirkum lestri og sá þriðji í eðlisvísindum, leikrænni tjáningu og myndvinnsluforritinu *Photo Story*.

Í haust voru fimm nemendur árgangsins með einstaklingsnámskrá og þegar leið á veturinn fjölgaði þeim um einn. Sex sinnum í viku fóru nemendur út úr tíma í sérkennslu og vegna innkomu viðbótarkennara var enn meira um hópaskiptingar í 4.RS en 4. BS. Eftir áramót var breytilegur félagsfærnihópur í 4.RS (einn tíma á viku) vegna nemanda með sérþarfir. Heimavinnuáætlun var bæði skráð í *Kompu* í upphafi viku og í *Mentor*. Í *Mentor* var oft að finna nákvæmari lýsingar á heimanáminu. Heimavinnuverkefni voru tvö til fjögur eftir umfangi og heimavinnuskil á miðvikudögum og föstudögum.

### Námsmat/námsaðlögun

Námsmat fór fram samkvæmt kennsluáætlunum. Vægi einstakra efnispáttu breyttist þó lítillega þegar að kennslunni kom. Nemendur sem fylgdu einstaklingsnámskrám voru metnir til samræmis við þær. Aðrir nemendur með sérþarfir t.d. athyglisbrest og/eða slaka lestrarfærni tóku kannanir og próf í aðlöguðu umhverfi.

### Þróunarstarf/Nýbreytni

Notkun *skjátöflunnar* sem kennslutækis var áfram þróunarverkefni innan árgangsins. Áhersla var lögð á náttúrufræði, stærðfræði og íslensk nafnorð. Taflan var nýtt til innlagnar, í stöðvavinnu, til þjálfunar á ákveðnum efnispáttum og til upprifjunar.

### Útikennsla

Útikennsla er að mati kennara ekki sérstök kennsluáferð heldur spurning um staðsetningu. Reynt var að skipta oft um námsumhverfi til þess að skapa fjölbreytni í kennslunni. Hentugir efnispættir í stærðfræði, náttúrufræði, íslensku og lífsleikni voru kenndir úti þegar til þess viðraði annars víðs vegar um skóla-bygginguna.



## Umhverfisfræðsla

Nemendur voru fræddir um Grænfánaverkefnið, pappír flokkaður í pappírskassann og fernum og skilagjaldsskildum umbúðum skilað til endurvinnslu. Nemendur hreinsuðu skólalóðina tvisvar yfir veturinn og í vor hreinsuðu þeir svæði í tengslum við hreinsunaráttak bæjarins. Nemendur lærðu um náttúruna (*Náttúran allan ársins hring*), um endurvinnslu (*Sorpið okkar – sorpa.is*) og um gróðursetningu. Lokaverkefnið var gróðursetning 20 aspa á skólalóðinni í samvinnu við Skógræktarfélag Garðabæjar.

## Lífsleikni

Helstu áhersluatriðin í lífsleikni voru vellíðan, vinátta, virðing, fjölbreytileiki einstaklinga, mikilvægi þess að geta unnið með ólíkum einstaklingum og umhverfið okkar. Þetta var í raun samofið öllu starfinu í bekknum. Undirbúningur og flutningur á skemmtiatriðum (bekkjarsýning og jólaskemmtun) var stór þáttur í lífsleiknináminu.



Allir með hjálm í hjólaferð

## Skemmtanir og félagslíf

Nemendur fluttu atriði á jólaskemmtun yngri nemenda. Nokkrir nemendur úr báðum bekkjum sýndu jólaguðspjallið, 4. BS sýndi leikritið *Jólasveinninn* og 4. RS leikritið *Vakandi á jólanótt*. Nemendur fóru hjólandi í blómaskoðun að hausti, á Árbæjarsafnið í janúar og í skautiferð í mars. Bekkirir voru báðir með bingókvöld fyrir áramót og sýningu fyrir foreldra í febrúar, 4. BS var með spilakvöld eftir áramót og bekkirnir fóru saman í hjólaferð upp í Heiðmörk í júní. 4. RS fór svo í hvalaskoðunarferð og 4. BS upp í Heiðmörk, þær ferðir voru í boði foreldra.

## Foreldrasamstarf

Samstarf við foreldra var mjög gott. Reglulegir fundir voru haldnir með foreldrum nemenda með sérþarfir, gott tölvupóstsamband var við aðra foreldra og fundað var með þeim þegar þurfa þótti. Félagsstarfið í bekkjunum var ekkert sérstaklega mikið en þátttakan var góð.

## Mat á starfi vetrarins

Starf vetrarins gekk mjög vel fyrir sig. Það ríkir góður andi í árganginum og vináttan milli bekkjanna er alveg sérstök. Það sem gekk ekki nógu vel var t.d. enskukennsla. Hún var stopul. Óvenjulega mikil getudreifing í ensku hamlaði kennslu í 4.RS. Vegna forgangsröðunar var skriftarkennsla með minnsta móti svo nemendur komust ekki nægilega vel á skrið í tengiskrift.

Brynja Jónsdóttir og Ragnheiður Stephensen



## Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk

Nemendur í 5. bekk voru alls 51 í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru: Ölrun Marðardóttir, Hrönn Kjærnested og Ólöf Harpa Gunnarsdóttir. Sigurveig Björnsdóttir og Agnes Kragh voru stuðningsfulltrúar auk Vigdísar Agnarsdóttur þroskaþjálfara. Anna Eymundsdóttir, Ásta Kristjánsdóttir og Guðrún Dögg Jóhannsdóttir sáu um sérkennslu. Erla Björk Pálsdóttir og Bergljót Vilhjálmisdóttir kenndu ensku í tveimur bekkjum og Ölrun í þeim þriðja. Í stærðfræði kenndi Krístrún Sigurðardóttir bláum hópi, Hrönn rauðum, Ólöf gulum og Ásta kenndi grænum hópi.

### Helstu áherslur árgangsins

Stuðst var við *Aðalnámskrá grunnskóla*. Lögð var áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og það að mæta þörfum hvers og eins nemanda með því að sníða kennslu og námsefni að þörfum hans. Einnig var lögð áhersla á að styrkja bekkjaranda og félagatengsl.

### Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Á haustönn var að mestu unnið í einstaklings- og paravinnu í íslensku. Á vorönn skiptum við árganginum í færnimiðaða hópa eftir stöðu þeirra í lestri og íslensku almennt. Unnið var út frá heildstæðri móðurmálskennslu með bækurnar *Öðruvísi fjölskylda* (haustönn) og *Benjamín dúfa* (vorönn).

Kennt var í lotum í samfélagsfræði þar sem lögð var áhersla á hópa- og paravinnu og fjölbreyttar kennsluáðferðir.

Námsmat var fjölbreytt s.s. símat, hefðbundin próf, kannanir, kennaramat, gagnvirk próf og sjálfsmat.

Heimanám var samræmt í árganginum. Lesa átti fyrir hvern dag en annað heimanám fór heim á föstudegi og var skilað á fimmtudegi u.þ.b. viku síðar.

### Námsaðlögun

Nokkrir nemendur fengu einstaklingsnámskrá og próf voru aðlöguð. Nokkrir nemendur fengu tímabundna sérkennslu í íslensku (u.þ.b 8 vikur í senn).

### Nýbreytni

Unnið var heildstætt í íslensku á vorönn. Eftirfylgd var mikil í lestri.

### Útikennsla

Útikennsla var í tengslum við stærðfræði og náttúrufræði.

### Umhverfisfræðsla

Almennar umræður og fræðsla í tengslum við Grænfána og þeirri flokkun sem nemendur bera ábyrgð á innan skólans.

### Lífsleikni

Unnið var með fjölbreytt námsefni og bekkjarfundir haldnir reglulega. Gott samstarf var við námsráðgjafa þar sem m.a. var unnið með hópa og einstaklinga í tengslum við samskipti innan hópsins.

### Skemmtanir og félagslíf

Félagsvist var haldin á haustönn og skemmtikvöld á vorönn.

### Foreldrasamstarf

Vinahópar voru starfandi í einum bekknum á haustönn. Samstarf við foreldra í árganginum gekk vel.

### Mat á starfi vetrarins

Fjölbreyttir kennsluhættir virkuðu vel í árganginum. Nemendur áttu auðvelt með að tileinka sér nýja hluti í náminu. Hópa- og paravinna gekk oft vel. Lotufyrirkomulag og gagnvirk próf í lok lotu virkuðu vel fyrir



nemendur. Æskilegt væri að hafa meira af gagnvirkum prófum þar sem nemendum eru afar jákvæðir gagnvart formi prófsins almennt. Heildstæð móðurmálskennsla með bókina *Öðruvísi fjölskylda* þyrfti að byrja fyrr á haustönn. Lestrarkennslan gekk vel og við mælum með lestrarkvittunarheftinu sem við notuðum þar sem við höfðum góða yfirsýn yfir lestur nemenda og eftirfylgd foreldra. Endurskoða þarf námsefnið í kristinfræði í 5. bekk og marka betri stefnu um hvað taka eigi fyrir.

Skipulag varðandi heimanám gekk ágætlega en gott væri að setja krækju inn á heimasíðu skólans þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um heimanám.

Hrönn Kærnested, Ólöf Harpa Gunnarsdóttir og Ölrún Marðardóttir

## Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk.

Nemendur í 6. bekk voru alls 56 í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Björk Ólafsdóttir, Lilja Karlsdóttir og Ólafur Pétursson. Agnes Kragh var stuðningsfulltrúi.

### Helstu áherslur árgangsins

Stuðst var við *Aðalnámskrá grunnskóla* við skipulagningu kennslunnar. Lögð var áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og að mæta þörfum hvers og eins nemanda með því að sníða kennslu og námsefni að þörfum hans.

### Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Kennsluhættir voru fremur fjölbreyttir. Nokkuð var um hefðbundna útlistunarkennslu, en einnig hópvinnu, paravinnu, samvinnunám o.fl. Kennsla í ensku og stærðfræði var færnimiðuð. Heimanám var samkvæmt samræmdum reglum í skólanum, eitt til tvö atriði daglega auk lesturs.

### Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var mjög fjölbreytt. Próf voru af ýmsum gerðum en einnig var ýmis vinna, vinnubrögð og vinnubækur metnar. Órfáir nemendur unnu eftir einstaklingsnámskrá. Nokkrir nemendur fengu aðstoð í prófum, ýmist við lestur eða ritun. Allir fá þann prófatíma sem þeir þurfa.

### Próunarstarf/Nýbreytni

Í vetur var haldið námskeið um útikennslu og náttúrufræði. Tengdist nýbreytnin í 6. bekk einkum þeirri vinnu. Á síðasta skólaári var byrjað að móta viðmiðunartöflur (rubrics) til að meta vinnu nemenda. Slíkir listar voru notaðir í 6. bekk í tengslum við ýmis verkefni. Þær eru mjög þægilegar og fljótlegar í úrvinnslu fyrir kennara, skýrar og leiðbeinandi fyrir foreldra og nemendur, en ánægja er almenn með notkun þeirra og verða þær útfærðar enn frekar á næsta skólaári.

Í samfélagsfræði var unninn sögurammi um *Snorra Sturluson* og gerðu nemendur mjög vandaða litla vinnubók með ýmsum ritunar- og myndrænum verkefnum. Unnar voru veggmyndir, persónur o.fl.. Þessi vinna gekk mjög vel.

Námsbókin *Auðvitað* er afar skemmtilegt námsefni sem býður upp á ýmis konar vinnu. Farið var í bókina með hefðbundnum hætti, glósað í vinnubók og gerðar tilraunir eins og venja er. Einnig var ákveðið að hafa tvö örverkefni tengd þessari vinnu sem voru hluti af námsmati. Eitt þeirra var lítið fönðurverkefni þar sem nemendur áttu að mæla pláneturnar í réttum hlutföllum, klippa út í mismunandi litum og setja fram á myndrænan hátt. Nemendum var svo skipt í hópa þar sem þeir áttu að taka eina plánetu fyrir og kynna fyrir bekknum. Heimildaöflun fór fram á netinu og á bókasafni.

### Útikennsla og umhverfisfræðsla

Stóra umhverfisverkefni 6. bekkjar er fræðsla um Vífilsstaðavatn. Var sú kennsla með hefðbundnu sniði eins og verið hefur undanfarin ár þ.e. námsbókin *Vífilsstaðavatn, Gersemi Garðabæjar* lesin og rædd og

síðan farið í skemmtilega ferð að vatninu. Þar tóku líffræðingar á mótí nemendum og þeir skoðuðu lífríkið og söfnuðu sýnum í hópum. Sýnin voru svo skoðuð og greind með ýmsum hætti í skólanum.



Gert að aflanum

Árgangurinn tók einnig þátt í alþjóðlegu vatnsverkefni sem tengt var degi vatnsins. Tekin voru sýni úr Vífilsstaðavatni og Arnarneslæk og þau skoðuð og mæld samkvæmt leiðbeiningum. Nemendur fóru einnig í vinnuferð í Húsdýragarðinn í nóvember þar sem þeir fræddust um dýrin og fengu að vinna ýmis verk tengd umhirðu þeirra. Nemendur 6. bekkja ásamt nemendum 2. bekkja fóru saman í það verkefni að hreinsa umhverfi skólans, meðfram Arnarneslæk niður að sjó á vordögum. Hver 6. bekkur fékk einn 2. bekk með sér og var þeim raðað saman í litla vinnuhópa sem hreinsuðu ákveðið svæði. Nemendur fengu umbun frá Garðabæ fyrir aðstoðina og tókst verkefnið afar vel.

### Lífsleikni

Lífsleiknitímar voru nýttir í ýmislegt eins og venja er. Nokkur tími fór í æfingar fyrir sal og þorablót. Nokkuð var unnið með samskipti, bekkjafundi, umræður um málefni dagsins, hrós, jákvæðni og vináttu. Nemendur fengu námskeið í kynfræðslu þar sem hjúkrunarfræðingur kom og fjallaði um helstu líkamlegu og andlegu breytingarnar á kynþroskaskeiði. Á vordögum fengu nemendur tóbaksvarnarfræðslu sem þeim fannst mjög skemmtileg. Farið var örlítið í umferðarfræðslu og mikilvægi öryggis í tengslum við hjóladaginn. Námsráðgjafi vann úr tengslakönnun sem lögð var fyrir bekkina á haustdögum. Einnig tók námsráðgjafi stúlkurnar í árganginum, hvern bekk fyrir sig, á námskeið þar sem fjallað var um sjálfsmýnd og reynt að byggja upp sjálfstraust og öryggi í samskiptum.

### Skemmtanir og félagslíf

Sameiginlegt diskótek var haldið að vori. Ýmist félagsvist eða bingó var í hverjum bekk fyrir sig með foreldrum. Hver bekkur fyrir sig fór með foreldrum í umbunarferð fyrir bætta hegðun eða vinnu. Hefðbundið þorablót var í janúar sem heppnaðist stórvel og sýndu nemendur einstaka samstöðu og skemmtu sér konunglega. Almennt þykir okkur félagsandinn góður í árganginum, nemendur vinna vel saman og eru góðir hver við annan.



Sundkappar í ölduróti



## Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var með nokkuð hefðbundnu sniði. Kosnir voru foreldrafulltrúar í öllum bekkjum. Bekkjarkvöld voru haldin þar sem sýnd voru skemmtiatriði nemenda sem sýnd höfðu verið á sal. Mjög góð þátttaka foreldra var á þorablóti 6. bekkja og var mikil ánægja með hvernig til tókst.

## Mat á starfi vetrarins

Vel gafst að hafa færnimiðað nám í ensku en ekki tókst að færa á milli hópa á miðjum vetri vegna mismunar í yfirferð og aðferðum.

Í ljóðum var farið í töluvert af hugtökum í tengslum við ljóðagerð og mörg ljóð samin. Nemendur lásu *Fólkið í blokkinni* og unnu vinnubók í tengslum við hana.

Ritun var fléttuð inn í hringekjutímana. Gafst það mjög vel og mælum við með að það verði endurtekið. Nemendur skiluðu kjörbókarritgerð sem vanalega hefur verið 100% af ritunarnámsmati. Í ár létum við kjörbókarritgerðina gilda helming á móti ritunarverkefnum í hringekjutímum og heimavinnu.

Björk Ólafsdóttir, Lilja Karlsdóttir og Ólafur Pétursson

## Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk

Nemendur í 7. bekk voru alls 59 í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Anna Magnea Harðardóttir, Bergljót Vilhjálmisdóttir og Erla Björk Pálsdóttir. Auk þess fylgdu árganginum Anna Laxdal stuðningsfulltrúi og Ragnhildur Sigurðardóttir þroskaþjálfari, sem sáu um nemanda með fötlun. Agnes Kragh og Sigurveig Björnsdóttir, stuðningsfulltrúar komu til aðstoðar í einum bekknum. Um sérkennslu sáu Soffía Fransiska Rafnsdóttir í íslensku og Margrét Einarsdóttir sá um færnimiðaðan hóp í stærðfræði. Jafnframt sá Brynja Jónsdóttir um námskeið í lesskilningi.

### Helstu áherslur árgangsins

Stuðst var við *Aðalnámskrá grunnskóla* og reynt að ná sem flestum markmiðum sem þar eru sett fyrir aldursstigið.

### Kennsluhættir/skipulag kennslu

Árganginum var skipt í þrjú bekki og kenndi umsjónarkennari sínum bekk allflestar námsgreinar. Skipt var eftir færni í stærðfræði og ensku og varð þá mikil blöndun milli bekkja. Jafnframt var hringekja í vélritun, tölvufærni, sögu (*Griðóthrága í hafinu*) og í eðlisvísindum og voru þá u.þ.b 15 nemendur í hverjum hópi í átta til níu skipti í tveimur samliggjandi kennslustundum. Einnig var um blöndun að ræða í list- og verkgreinum og sundi og var þá enn önnur hópaskipting í gangi og má því segja að árgangurinn hafi blandast töluvert og sé farinn að kynnast vel eftir þrjú ár í svipuðu kerfi.

Nokkuð er um að nemendur í árganginum eigi við námserfiðleika að stríða og voru sumir nemendur teknir út úr tímum í minni hópum í sérkennslu í lestri, lesskilningi, málfræði og stafsetningu. Einnig kom sérkennari inn í einn bekkinn hluta vetrar til að aðstoða þá sem þess þurftu með. Tveir nemendur voru með einstaklingsnámskrá og unnu alfarið út frá henni en fleiri nemendur tóku aðlöguð próf miðað við sína námsgetu.

Kennsluhættir voru nokkuð fjölbreyttir og námsmat einnig. Nemendur unnu oft einstaklingslega að verkefnum í vinnubókum, hlustuðu á kennara fræða þá um ýmis mál, en einnig unnu nemendur saman í pörum og hópum að verkefnum af ýmsum toga. Sem dæmi má nefna vinnu við *Vitahring* í bókmenntum en þar unnu nemendur verköppu með fjölbreyttum verkefnum t.d. ljóð, myndasögur, persónulýsingar, dagbækur, spurningar og bókrýni. Í Evrópu unnu nemendur hópverkefni í forritinu *Photostory* þar sem þeir

Þjuggu til fræðslumyndband um eitt Evrópulandanna. Nemendur sömdu þó nokkuð af ljóðum af ýmsum toga og fluttu fyrir bekkinn. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni úr frjálslestrarbókum sem komu afar vel út t.d. flettibækur, bréf til höfunda, fótspor eða pizzur úr atburðarásinni, þrívíddarkassa með umhverfi bókarinnar o.fl. Nemendur unnu ennfremur fjölbreytt ritunarverkefni t.d. um ferðina á Reyki, kjörbókarritgerð, skáldritun og minningar úr Hofsstáðaskóla. Í sögu (*Grjóthrúga í hafinu*) unnu nemendur í hópum að gerð námskynningar fyrir aðra hópa um valin kafla úr námsefninu. Námsmat var iðulega samsett úr mögum þáttum, prófum, könnunum, verkefnavinnu, sjálfsmati, vinnubókum og mati á virkni og vinnubrögðum.

### Heimanám

Heimanám var fyrir fjóra daga vikunnar. Lesa átti fyrir hvern dag og læra heima í mest tveimur fögum fyrir hvern dag en heimanámi var sleppt um helgar. Einnig var sett nemendum fyrir viku fram í tímann.

### Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var unnið með nokkuð fjölbreyttum hætti og oft var námsmat sett saman úr nokkrum þáttum, t.d. prófum, kannanir, og verkefnavinna, af einhverjum toga. Próf voru flest með hefðbundnum hætti, en einnig gagnvirk próf í tölvu þar sem mátti hafa námsgögn með sér í prófið og leita upplýsinga.

Unnin var verkefnavinna af ýmsum toga sem metin var sem hluti af námsmati. Í *Vitahring* unnu nemendur t.d. alls kyns fjölbreytt verkefni og söfnuðu saman í möppu sem metin var. Nemendur lásu sex kjörbækur sem þeir skiluðu fjölbreyttum verkefnum úr sem giltu sem hluti af námsmati í íslensku. Vinnubækur voru metnar sem hluti af námsmati í nokkrum námsgreinum. Í landafræði Evrópu unnu nemendur *Photostory* verkefni um eitt Evrópuland í litlum hópum. Í trúarbragðafræði unnu nemendur litlar bækur um hvert trúarbragð sem tekið var fyrir. Í ensku voru unnin ýmis konar verkefni og ritgerðir sem metnar voru. Í stærðfræði voru kannanir teknar reglulega og giltu þær ásamt sjálfsmati 50% á móti prófi.

Í árganginum eru nemendur sem eru að kljást við námserfiðleika af ýmsum toga og unnu eftir einstaklingsnámskrá. Nokkuð var um að próf voru einfölduð og aðlöguð að þeirra þörfum. Einnig fengu sumir nemendur lengri prófatíma, lesara eða skrifara til aðstoðar í prófum.

### Próunarstarf og nýbreytni

Starfið í 7. bekk er nú komið í nokkuð fastar skorður eftir þessi ár sem hann hefur verið hér í skólanum og kennsla með nokkuð fjölbreyttum hætti að mati kennara. Þó voru gerðar tilraunir í nokkrum námsgreinum og nýjar leiðir prófaðar.

Bókin *Vitahringur* hefur verið lesin í 7. bekk í nokkur ár og verkefni unnin úr henni en með mismunandi hætti ár hvert. Í ár unnu nemendur fjölbreytt verkefni t.d. svöruðu spurningum, skrifuðu dagbókarfærslur og persónulýsingar, teiknuðu myndir af ýmsum toga, teiknuðu myndasögur og skrifuðu atburðarás við þær, sömdu ljóð og síðast en ekki síst skrifuðu bókrýni um bókina. Þessum verkefnum var svo safnað saman í möppu sem giltu sem hluti af námsmati í bókmenntum. Þessi vinna þótti skemmtileg, fjölbreytt og nemendur voru almennt áhugasamir.

### Lestrarverkefni

Borið hefur við að það hafi verið vandasamt að fá ákveðinn hóp nemenda í eldri bekkjum til að lesa bækur sér til skemmtunar. Því var leitað leiða til þess að hvetja til lestrar. Að hausti var útbúinn hugmyndalisti fyrir nemendur með fjölbreyttum verkefnum sem þeir gátu valið úr. Nemendur áttu að lesa sex bækur að eigin vali yfir veturinn, þrjár á haustönn og þrjár á vorönn og vinna úr þeim skilaverkefni af listanum sem giltu sem hluti af námsmati í íslensku. Verkefni voru mjög mismunandi t.d. var hægt að vinna kassa með umhverfi sögunnar, skrifa höfundi bréf, gera flettibók, setja fram atburðarás sem "pizzu" eða fótspor, gera hefðbundna bókrýni o.fl. Nemendur máttu einungis skila einu verkefni af hverri gerð og þurftu því að vinna fjölbreytt verkefni yfir veturinn. Síðasta verkefnið var reyndar hefðbundin kjörbókarritgerð nema hvað að þessu sinni unnu nemendur hana alfarið sjálfir í skólanum.



Sögupersónur lifna við

Verkefnið heppnaðist betur en menn þorðu að vona og reyndist mjög skemmtilegt. Í byrjun voru nemendur tregir í taumi í en eftir því sem leið á veturinn og þeir sáu verk hinna, kom upp metnaður og hugmyndaauðgi jókst. Verkefnin urðu mörg afar vönduð og skemmtileg. Eftir á að hyggja hefði mátt gera enn meira úr þessari vinnu og láta t.d. nemendur flytja framsögn um verkefnið sín og kynna þannig áhugaverðar bækur fyrir bekknum. Stefnt er að því að halda svona vinnu áfram með næsta árgang og þá er hægt að bæta úr.

### Photostory

Forritið *Photostory* var prófað í tengslum við námsefnið Evrópa í samfélagsfræði. Þetta forrit hefur ekki verið notað í kennslu í Hofsstáðaskóla og voru tveir nemendur úr árganginum fengnir til þess að prófa að nota forritið við verkefnagerð og tókst það mjög vel. Forritið var síðan kynnt á námskeiði fyrir kennara og fóru flestir árgangar af stað með verkefni af þessu tagi.

Nemendum skipt í 2-3 manna hópa og drógu þeir eitt land í Evrópu, sem þeir unnu með. Unnið var í samstarfi við bókasafn og einnig hjálpaði Elísabet, kennsluráðgjafi mikið. Nemendur öfluðu sér heimilda, fundu myndir og texta og settu saman myndband um landið. Ætlunin er að setja myndböndin á vef skólans, en þar sem nemendur voru rétt að ljúka þeim þegar skóla lauk er því ekki lokið.

Vinnan við þetta var mjög skemmtileg, en þó komu upp nokkrir vankantar, eins og það að ekki var heppilegt að taka upp hljóð í tölvustofu þegar allir voru að vinna. Betra var að setja hópana afsíðis við hljóðupptökur. Eins vantaði á tímabili að uppsetning forritsins væri í lagi í þeim tölvum sem ætlunin var að vinna með, hljóðnemar voru of fáir o.fl. sem tafði. Þetta tók því miklu lengri tíma en áætlað var í fyrstu, en afraksturinn var samt góður, verkefnið komu vel út og voru mjög áhugaverð.

### Útikennsla og umhverfisfræðsla

Árgangurinn sinni þessum þætti ekki nægilega markvisst í vetur m.a. vegna þess að náttúrufræðin var ekki í höndum umsjónarkennara. Útikennslan og umhverfisfræðslan fór helst fram á vordögum, þá var aðeins rætt um umferðarreglur í tengslum við hjólaferðir og nokkuð var um útivist og leiki. Jafnframt fóru kennarar með sinn bekk eða færnimiðaðan hóp í stærðfræði í verkefni úti sem tengdust náminu.

### Lífsleikni

Nemendahópurinn gaf iðulega tilefni til umræðna um hin ýmsu mál er varðar samskipti, hegðun og lífsleikni almennt. Slíkar umræður og viðfangsefni tengdust ekki endilega alltaf þeim markmiðum og áætlunum sem lagt var af stað með að hausti. Ekki náðist því að ljúka því námsefni sem stefnt var að en margt annað gert í staðinn. Harpa Maren námsráðgjafi hélt stutt námskeið um einelti og einnig um námstækni. Hún hitti einnig suma nemendur einstaklingslega eða í minni hópum til að aðstoða við félagsfærni, námstækni eða önnur mál.

Hjúkrunarfræðingurinn kom í tvær heimsóknir og ræddi um tannheilsu, *H-in 6* og hugrekki og sjálfsmýnd. Páll Ólafsson unglingaráðgjafi ræddi við hópinn í heild og einnig við minni hópa um samskipti og unglingsárin. Foreldrum var jafnframt boðið á þann fund. Miklar umræður spunnust gjarnan í kringum vinnu við *Mannlíkamann* og viðfangsefni tengd henni. Jafnframt var fjallað um fíkniefni og forvarnir. Lögreglan hélt fyrirlestur um ýmis málefni sem tengjast þessum aldri t.d. útvistartíma, búðarhnupl, netnotkun og sakhæfi. Mikið var rætt við nemendur um netnotkun og öryggi á netinu og stuðst við námsefni *SAFT*.

Fulltrúi frá *Alþjóðahúsi* kom og ræddi við nemendur um fordóma og ranghugmyndir um fólk af öðru þjóðerni. Árgangurinn sá um jólaskemmtun og settur var upp stórskemmtilegur jólasöngleikur þar sem allir nemendur tóku þátt og fór mikill tími í undirbúning og æfingar. Einnig fór nokkur tími í umræður og undirbúning fyrir Reykjaferð og var sú ferð í heildina mikil lífsleikni og skemmtun fyrir nemendur.

### Skemmtanir og félagslíf.

Diskótek/Hrekkjavökuball, var haldið og nemendum Flataskóla og Sjálandsskóla boðið. Fenginn var utanaðkomandi diskótekari frá diskótekinu *Dísu*. Viðurkenningar voru veittar fyrir bestu búningana. Allir nemendur komu með eitthvað á hlaðborð. Þetta tókst að mestu leyti vel, en þó truflaði skemmtunina ásókn eldri nemenda sem reyndu að komast inn í húsið. Að öðru leyti var almenn ánægja með þessa skemmtun og barst skólanum m.a. bréf frá foreldri úr boðsskóla með þakklæti fyrir framtakið.

Fyrstu vikuna í nóvember var farið að Reykjum í Hrutafirði og dvalið þar í góðu yfirlæti í viku (fimm virkir dagar). Ferðin heppnaðist einstaklega vel og eru kennarar afar stoltir af framgöngu nemenda sinna þar. Í ferðinni sást vel hversu mikill félagslegur ávinningur er af því að blanda nemendum árgangsins í tímum (s.s. í list- og verkgreinum og færnimiðuðu námi). Þei þekktust vel innbyrðis og blönduðust í hópa óháð bekkjum og ekki var sjáanlegt að nokkur væri hafður útundan. Starfið á Reykjum er mjög fjölbreytt og skemmtilegt. Aðstaða og aðbúnaður var góður, maturinn frábær, starfsfólkið yndislegt og kvöldvökurnar eftirminnilegar. Fréttir og myndir voru settar inn á vef Hofsstáðaskóla reglulega meðan á dvöl stóð. Vakti það mikla ánægju hjá foreldrum, sem gátu þannig fylgst með barni sínu. Nemendur unnu ritgerð upp úr dagbók sem þeir héldu á Reykjum.

Árshátíðin var skv. venju haldin í apríl og var „Gala“ þema hátíðarinnar. Nemendur sáu um allan undirbúning hennar undir stjórn kennara og deildarstjóra og buðu foreldrum sínum til veislu. Byrjað var á hæfileikakeppni, síðan var borinn fram mexíkóskur matur og að lokum dönsuðu nemendur en foreldrar fóru heim.

### Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf gekk ágætlega í vetur og voru foreldrar viljugir til að mæta þegar þeim var boðið í skólann. Bekkjarfulltrúar voru fengnir í ýmis hlutverk á skemmtunum s.s. á árshátíðinni og á hrekkjavökudiskótekinu. Bekkjarvöld voru haldin í bekkjunum og voru með misjöfnu sniði. Misjafnt var eftir bekkjum hversu oft nemendur hittust með foreldrum og gerðu eitthvað saman, en þau fóru t.d. í lazer-tag, skíði, keilu o.fl. Í einum bekk keyptu foreldrar stutt námskeið sálfræðings til að efla bekkjaranda.

### Mat á starfi vetrarins

Nú þegar fjórða vetri í kennslu 7. bekkjar í Hofsstáðaskóla er lokið virðist vera komið nokkuð gott lag á skipulag, námsefni og félagslíf árgangsins. Nokkuð er orðið til af efni og áætlanir komnar í fastar skorður og hægt að nýta tímann í að finna nýja og skemmtilega hluti og breyta því sem betur má fara.

Kennurum finnst almennt námsefnið í árganginum frekar skemmtilegt og mörg áhugaverð viðfangsefni sem hægt væri að vinna endalaust með t.d. *Evrópa*, *Mannlíkaminn* og *Vitahringur*. Reynt var að halda því sem þótti takast vel af því sem áður hefur verið gert en finna einnig nýjar leiðir að hluta til.

Íslenskan og stærðfræðin þyngist nokkuð mikið í 7. bekk. Skynsamlegt þykir að fara heldur hægar og betur yfir en ella. Margt nýtt kemur inn sem vefst nokkuð fyrir nemendum. Starfið þykir almennt hafa tekist ótrúlega vel og flest viðfangsefni gengið upp eins og lagt var að stað með þótt krefjandi væru. Sérstaklega minnisstæð er ferðin í skólabúðirnar að Reykjum. Um krefjandi árgang er að ræða og áttu kennarar von á

Því að gengi á ýmsu. En nemendur komu sannarlega skemmtilega á óvart og blómstruðu í þessu umhverfi og nutu þess að vera saman og kynnst nýjum félögum. Þykir það mjög miður ef komandi árgangar fá ekki að njóta þess að fá að fara í slíka ferð.



Í hattasafni Nóbelskáldsins á Gljúfrasteini

Það sem helst má gera betur er að verja fleiri tímum í öll skemmtilegu verkefni sem áhugi er á að gera! Því miður kemur sú staða upp að kennurum finnst þeir vera í kappi við tímann og þeir vera komnir á eftir áætlun. E.t.v. hefði mátt skera niður áætlanir og einfalda hlutina. Erfitt getur verið að velja úr margvíslegum, mikilvægum og skemmtilegum verkefnum. Jafnframt hefði þurft að byrja fyrr á vinnu með trúarbragðafræði og e.t.v. hægt að prófa aðrar leiðir eða bjóða upp á val um leiðir. Viðfangsefnið er áhugavert og mjög þarft því nemendur eru ansi illa að sér um aðrar þjóðir og önnur trúarbrögð og töluvert ber á fordómum hjá þeim.

Undanfarin ár hefur 7. bekkur notið þeirra fríðinda að fá að vera inni í öðrum frímínútum dagsins. Þeir hafa verið inni í hádegisfrímínútum sem eru lengri, en í ár var lagt af stað með að hafa þau inni í fyrri frímínútum. Opið var inni í kennslustofur og nemendur gátu einnig verið á göngum og í sófum þar og spjallað. Þetta gekk afar vel í fyrstu en eftir því sem leið á árið og „gelgjan“ jókst fór að halla verulega undan fæti. Á endanum var ákveðið að hætta að reyna þetta. Í lok vetrar voru nemendur 7. bekkjar úti í öllum frímínútum eins og aðrir nemendur og stefnt er að því að halda því áfram.

Anna Magnea Harðardóttir, Bergljót Vilhjálmisdóttir og Erla Björk Pálsdóttir.



7. bekkingar að leik

## Skýrsla um kennslu í erlendum tungumálum

### Enska

Árgangur	Kennslustundir á bekk allan veturinn	Kennslustundir á árgang, kennt á námskeiðum
1. bekkur	1 stund á viku	1 x 20 mín á viku í 6-7 vikur
2. bekkur	1 stund á viku	2x 20 mín á viku í 6-7 vikur (LV skipulag)11 nemendur í senn
3. bekkur	1 stund á viku	
4. bekkur	1 stund á viku	
5. bekkur	3 stundir á viku	
6. bekkur	3 stundir á viku	Færni miðaðir hópar
7. bekkur	3 stundir á viku	

Enska er kennd í öllum bekkjum í Hofsstáðaskóla. Á síðasta skólaári var kennsla í ensku fyrir yngra stigið, 1.-4. bekkur þróunarverkefni við skólann. Á þessu skólaári var því markmiðið að halda áfram þeirri góðu vinnu sem lagður var grunnur að. Fagstjóri í ensku hélt utan um starfið og fundaði reglulega með kennurum í hverjum árgangi.

#### Kennsla árganga og námsmat

**1. bekkur:** Meginmarkmiðið var að nemendur fengu að kynna enskunn. Kennarar hafa unnið út frá plakati með frönskum rennilásum. Út frá umræðum kennara fengu nemendur að líma á plakatið miða með myndum sem áttu við hverju sinni. Má þar nefna árstíðir, fatnað, daga, mánuði, tölur og liti. Í kennslu voru einnig notuð ýmskonar spil og einföld verkefni. Að auki var notast við geisladiska og DVD-myndbönd með *Dora the Explorer* ásamt námsefninu *Big Books*.

**2. bekkur:** Byrjað var á upprifjun frá því í fyrsta bekk. Að því loknu var farið í námsefnið *Right On* og svo *Muzzy in Gondoland*. Á miðju skólaári kom út námsefnið *Adventure Island of English Words* og fengu þá nemendur tækifæri til að spreyta sig á því.

**3. bekkur:** Nemendur unnu ýmis fjölbreytt verkefni í ensku. Þegar líða tók á veturinn voru notuð verkefni úr námsefninu *Muzzy in Gondoland*. Kennarar nýttu sér einnig margskonar aukánámsefni.

**4. bekkur:** Nemendur héldu áfram með námsefnið *Right on* frá því á fyrra skólaári. Nemendur fengu svo möppu með ýmsum verkefnum til að vinna úr. Einnig var *Muzzy in Gondoland* og *Hickory, Dickory and Dock* notað.

**5. bekkur:** Nemendur voru með námsefnið *Hickory, Dickory and Dock*. Einnig voru leyst fjölbreytt verkefni sem tengdust ákveðnum þemum. Fyrir hvert þema var gefin einkunn. Í lok skólaárs var lagt fyrir verkefni sem nemendur fengu einkunn fyrir. Lokaeinkunn var byggð á mati úr þemum og verkefni. Stuðst var við einkunnir við skiptingu í hópa fyrir komandi skólaár.

**6. bekkur:** Í þessum árgangi var nemendum skipt eftir getu hvers og eins í þrjá hópa (blár, rauður, og gulur). Nemendur unnu ýmis þemaverkefni yfir veturinn. En einnig var námsefnið *Hickory, Dickory and Dock* notað. Nemendur fengu einkunnir fyrir þemaverkefnið og tóku svo stutta könnun í janúar og maí. Lokaeinkunn var byggð á einkunnum úr þemaverkefnum og könnun.



7. **bekkur:** Nemendum var skipt eftir getu í fjóra hópa (gulur, rauður, grænn og blár). Unnin voru ýmis þemaverkefni ásamt öðrum fjölbreyttum verkefnum. Nemendur fengu einkunn fyrir lokaverkefni í hverju þema. Einnig voru próf í janúar og maí. Lokaeinkunn var byggð á einkunn úr þemaverkefnum og prófi.

Kennsla í ensku gekk almennt vel í flestum bekkjum. Kennarar nýttu sér það námsefni sem í boði var og leituðu til fagstjóra eftir þörfum. Haldnir voru fundir með yngra og eldra stigi þar sem fjallað var sérstaklega um enskukennslu og það sem henni tengdist.

Erla Björk Pálsdóttir fagstjóri í ensku

## Danska

### Markmið

Dönskukennsla hefst í 7. bekk og þess vegna er markmið að kynna tungumálið fyrir nemendum og byggja upp ákveðinn grunn á málinu sem unnt er að byggja á síðar. Eins er lögð áhersla á að kynna Danmörku og menningu landsins.

### Uppbygging kennslunnar

Kenndar voru þrjár kennslustundir í viku í dönsku þar sem hver kennslustund var 40 mínútur. Ester Jónsdóttir kenndi AMH bekknum og Lilja Karlsdóttir kenndi BV og EP bekknum.

### Kennsluaðferðir

Notast var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en í upphafi var mikið stuðst við bókina og hlustun úr bókinni. Þegar nemendur höfðu svo náð ákveðnum grunni í dönskunni var breytt til og farið í hópavinnu, unnið verkefni í tölvum, hópverkefni: *Mig selv, Danmark* og ýmsa aðra vinnu.

### Námsefni

Bókin *Klar Parat* var kennd og teknir fyrir kaflar 1 til 7 fyrir jól og auk þess sem unnið var stórt verkefni um Mig selv og Danmörku. Eftir jól voru teknir 8 til 12 en einungis var prófað úr köflum 1 til 10. Minni áhersla var lögð á hlustun eftir jól og reynt að leggja áherslu á sjálfstæð vinnu og önnur verkefni.

### Námsmat

Nemendur tóku jólapróf og vorpróf en þess á milli voru unnin verkefni sem voru hluti af símati.

Ester Jónsdóttir og Lilja Karlsdóttir dönskukennarar





## Skýrsla bókasafns

### Húsnæði

Húsnæði safnsins er 94 fermetrar auk 30 fermetra leslofts en þar eru 12 tölvur sem nýtast nemendum í námi. Á síðastliðnum vetri fékk safnið þrjár tölvur sem ætlaðar eru nemendum til upplýsinga- og heimilda-leitar, nemendur komu einnig og unnu smærri verkefni í samráði við starfsmann safnsins.

### Starfsmenn


Á safninu starfar einn starfsmaður sem er bókasafns- og upplýsingafræðingur í 75 % starfi ásamt því að fá aðstoð frá skólaliða 8 klst. á viku. Starfssvið hans er: kennsla, útlán, aðföng og allt það sem til fellur á safninu.

### Bókakostur

Í dag eru um það bil 11.800 skráð eintök á safninu sem skipast niður í um 10.400 bækur og 1.400 eintök af annars konar efni eins og tímaritum, geisladiskum og hljóðbókum. Á síðastliðnu ári voru lánaðar út um 12.750 bækur og er örlítill aukning á útlánum frá fyrra ári.

### Starfssemi

Á síðastliðnu ári voru lánaðar út að meðaltali 75 bækur á dag og þegar mest var voru lánaðar út 234 bækur á dag. Bókasafnið var hluti af hringekju í 2. bekk og kennsla fór fram á safninu einn tíma í viku. Markmið kennslunnar var að fara yfir helstu umgengisreglur safnsins og einnig var þemavinna í gangi. Þema vetrarins var kynning á danska rithöfundinum H.C. Andersen og sögunum hans. Nemendur unnu vinnubók upp úr völdum sögum.



Á síðasta ári var skipaður starfshópur til að vinna tillögur um hvernig mætti gera gott bókasafn betra. Í vetur var byrjað að vinna eftir tillögum hópsins. Bókasafnið kom að kennslu í hringekju hjá 2. bekk. Starfsmaður safnsins aðstoðaði nemendur við upplýsingaleit og verkefnavinnu ásamt öðrum kennurum.

Breytt var um fyrirkomulag á opnunartíma safnsins þ.e.a.s. að útlánatíminn var stytur og hægt var að panta safnið undir hina ýmsu vinnu í samráði við starfsmenn. Þetta fyrirkomulag gafst vel og býður upp á hina ýmsu möguleika varðandi betri nýtingu á safninu og samstarf við nemendur og kennara. Samstarfið eflist jafnt og þétt þegar kom að þemaverkefnum hjá árgöngunum.

Ákveðið var að safnið fengið aukastarfsmann, skólaliða sem aðstoðaði á safninu alls átta klukkustundir á viku. Það munaði mikið um þessa aðstoð. Mikil vinna hefur verið lögð í að endurskipuleggja safnið, ganga frá gömlu efni og hreinsa til.



Bangsadagur á bókasafninu

Foreldrafélag skólans gaf safninu stóra bókagjöf á vordögum 2008 og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Þessi veglega gjöf mun koma til með að nýtast í skólstarfinu um ókomin ár.

Í byrjun vetrar tók safnið þátt í Alþjóðlegu barnabókahátíðinni „Draugar út í mýri“, þema þessa árs voru draugasögur. Hingað komu þrír gestafyrirlesarar og lásu fyrir nemendum í 7. bekk.

Unnið er að því markvisst að gera safnið meira aðlaðandi og á næsta vetri stendur til að við verðum í meira sambandi við bæjarbókasafnið í Garðabæ. Útbúið verður viðburðardagtal yfir starfsemi safnsins og markmiðið er að gera safnið meira lifandi og slái þannig í takt við það er að gerast hverju sinni í skólstarfinu.

Á skólasafninu gilda ákveðnar umgengnisreglur:

- Öllum er frjálst að skoða og lesa bækur á safninu.
- Ætlast er til að nemendur gangi hljóðlega um og séu ekki með háreysti.
- Það á að fara vel með bækur og önnur gögn. Verum hrein á höndum og flettum rólega.
- Setja skal bækur og tímarit aftur á sinn stað í hillur eftir notkun.
- Það má ekki borða eða drekka á skólasafninu.
- Mælst er til þess að kennarar sendi ekki fleiri en þrjá til fjóra nemendur í einu úr hverjum bekk.

Gréta Björg Ólafsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur



Lesið úr norrænum bókum fyrir nemendur

## Skýrslur kennara í list- og verkgreinum

Nemendur í 1.-7. bekk fá kennslu í list og verkgreinum í 10 - 12 manna hópum. Kennt er í lotum u.p.b. fimm til sjö vikur í einu og skipta nemendur um námsgrein 4 - 6 sinnum á vetri. Undantekning á því er kennsla í tónmennt. Í 1.-4. bekk er hún kennd í heilum bekkjum tvær stundir á viku. Í 6. og 7. bekk er boðið upp á valgreinar tvær stundir á viku, hálfan vetur. Í ár gátu nemendur valið sér heimilisfræði, myndmennt, textílmennnt, stafræna myndvinnslu, stuttmyndagerð og smíði. Fengu nemendur að velja sér tvær greinar. Í 5. bekk er nýsköpun kennd í Hringekju eina og hálfra stund á viku. Í 3. bekk og í 5.-7. bekk er sundkennsla sett inn í lotur með list- og verkgreinum. Sjá nánar í umfjöllun um hverja grein fyrir sig. Á vorönn var hrundið í framkvæmd því að merkja listaverk nemenda sem prýða skólann. Sólrún Guðbjörnsdóttir annaðist verkið og útbjó upplýsingaspjöld þar sem sagt er frá því hvenær verkin voru unnin og af hverjum. Merkingarnar eru mikilvægar heimildir um listsköpun í skólanum og gefa verkunum aukið gildi.

### Sýningin Hönnunar mars 2009

Nemendur í smíði, textíl og myndmennt tóku þátt í sameiginlegri sýningu á Garðatorgi í Garðabæ. Sýningin sem var í umsjá kennsluráðgjafa í hönnun var síðan flutt í anddyri IKEA. Skólinn er afar stoltur af framlagi nemenda og þakkar kennurum alúð við uppsetningu og eftirfylgni með verkunum.



Lokaverkefni 7. Bekkinga

## Heimilisfræði

### Helstu markmið

*Aðalnámsskrá grunnskóla* er höfð til hliðsjónar. Að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að borða fjölbreyttan og hollan mat. Átti sig á því að hreinlæti við matargerð sé mikilvægt. Kunni skil á fæðu-hringnum. Kunni að mæla með desilítramáli og mæliskeiðum. Að þeir geti gengið frá eftir sig og verið sjálf-þjarga heima fyrir og temji sér góða siði. Að námið verði heilsteypt.

### Uppbygging kennslunnar

Alltaf er byggt ofan á kunnáttu nemenda og farið þrep af þrepi. Það sem nemendur læra í fyrsta bekk er í fullu gildi í sjöunda bekk. Verkefni verða flóknari og nemendur eldri bekkja gera mest allt sjálfir, paraverkefni, einstaklingsverkefni, meðan yngstu nemendurnir vinna að mestu í hópvinnu með kennara, sérstaklega þegar hóparnir eru stórir.



Reynt á bragðskynið á fjölgreindaleikum

### **Kennsluaðferðir**

Munnleg innlögn í hverjum tíma. Sýnikennsla í sumum verkefnum. Nemendur vinna í hópum, tveir og tveir saman eða einir. Verklegr kennsla er í fyrirrúmi en bóklegri kennslu blandað við.

### **Námsefni/gögn**

Námsefnið fyrir heimilisfræði í 1.-7. bekk og *Næringarfræði matvæla. Fæðuhringurinn. Með allt á hreinu í eldhúsinu* og krossgátur.

### **Námsmat**

Símat. Í 2.-7. bekk er umsögn og einkunn í orðum gefin í lok námskeiðs. Í 1. bekk er eingöngu umsögn í lok námskeiðs.

### **Hvað hefur gengið vel – illa**

Veturinn hefur í stórum dráttum gengið vel. Nemendur eru allflestir yfirleitt ánægðir þegar þeir yfirgefa kennslustofuna. Það sem hefði mátt ganga betur var hegðun sumra nemenda í 7. bekk

### **Húsnæði – aðstaða**

Kennari hefur slæma vinnuaðstöðu. Gott væri að hafa sér þvottahús og þ.h. Það truflar kennslustundir að hafa þvottavél og/eða þurrkara í gangi.

Aðstaða til að matast gæti verið ákjósanlegri. Gott væri að hafa almennilega aðstöðu fyrir tölvu og fá stóra og góða veggstöflu. Eldhúsið er bjart og mikil og góð lýsing sem væri gott að geta dempað aðeins niður suma daga.

### **Annað**

Hafa þarf í huga að þegar verið er að hanna heimilisfræðistofu eða annað sérhæft vinnusvæði þá er gott að hafa fagaðila með í ráðum. Það er einnig komið að vissu viðhaldi. Eldavélar og vaskar eru þannig fest í borðin að undir þau safnast óhreinindi sem illviðráðanlegt er að hreinsa burtu. Lagt er til að vaskar og eldavélar verði losuð upp, allt þrifið og fest betur, þannig að óhreinindi komist ekki undir. Þetta er mikið hreinlætismál.

Áslaug Þorgeirsdóttir

## Myndmennt

### Uppbygging kennslunnar

Myndmennt hefur verið kennd í námskeiðaformi eins og aðrar verklegar greinar í vetur. Nemendur hafa mætt tvisvar í viku, tvo tíma í senn, flestir í sex vikur. Námskeiðaformið hefur reynst mjög vel, sérstaklega vegna þess að nemendur koma tvisvar í viku og góð kynni skapast á milli kennara og nemenda. Nemendur eru líka fljótir að koma sér að vinnu þegar líður ekki lengri tími á milli kennslustunda.

Kennsluáætlanir í myndmennt reyndust raunhæfar, allir nemendur náðu að skila fyrirfram ákveðnum verkefnum og margir náðu að gera aukaverkefni. Í öðrum bekk byrjar kennslan á að nemendur læra að byggja upp mynd með hjálp grunnformanna, myndbygging skipar stóran sess. Í þriðja bekk er haldið áfram og farið lengra með efnið og litum og litafræði bætt við. Fjórði bekkur fer dýpra í litafræðina og meira er farið í uppbyggingu. Þannig er haldið áfram að leiða nemendur áfram með það í huga að byggja ofan á fyrra nám.

Nemendur fá líka eitt verkefni í mótun í leir og er sami grundvöllur hafður í huga, þ.e.a.s byggja á fyrri reynslu og bæta sífellt við.

Boðið var upp á val í myndmennt 6. og 7. bekk. Nemendur í 7. bekk voru fyrir áramót í tvískiptum hópum einu sinni í viku. Nemendur unnu með leir og gler. Grímur voru gerðar í leir en ýmsir nytjahlutir og skraut úr bræddu gleri.

Nemendur í 6. bekk komu eftir áramót líka í tvískiptum hópum einu sinni í viku. Nemendur unnu grafíkverk sem þeir skáru út í dúk og þrykktu myndverk sem þeir unnu eftir ljóðum Tómasar Guðmundssonar.

Á Fjölgreindarleikum sem var þemaverkefni vetrarins unnu nemendur myndverk sem samanstendur af 500-600 litlum eplum sem límd eru í hringlaga form og prýðir myndverkið skólann á list- og verkgreinagangi.

Verðlaunagripir, tveir „Gullskór“ voru gerðir af myndmenntakennara. Um er að ræða farandverðlaun fyrir eldri og yngri árganga sem voru duglegastir að ganga í skólann í vetur.

Þorablót 6. bekkinga var haldið með stæl að vanda. Hlutverk nemenda í myndmennt var að skreyta salinn með litskrúðugum furðurollum og borðum til að bjóða gesti velkomna. Árshátíð 7. bekkinga er einnig orðinn árlegur viðburður. Nemendur skreyttu salinn í anda Hollywood. Í myndmennt unnu nemendur með auglýsingaspjöld og þemað var: *Stjörnur í heimi kvikmyndanna*.

Á haustönn voru tveir nemar af Menntavísindasviði HÍ í vettvangsnámi í myndmennt og stóðu þeir sig afar vel.



Vinkonur í myndmennt

## Námsmat

Öll verkefni eru metin til einkunna, líka hópverkefni. Einkunn er gefin í bókstöfum. Vinnusemi, samvinna og hegðun er einnig stór þáttur í einkunnagjöf.

## Húsnæði -aðstaða

List og verkgreinar eru nú allar á sama gangi sem er vel. Þörf fyrir að stækka rýmið fyrir myndmennt er orðið nokkuð brýnt, t.d. bráðvantar þurrkherbergi fyrir leir og myndir. Erfiðleikarnir felast meðal annars í því að smíði og myndmennti deila herbergi þar sem leirofn, glerofn, sagir, borvélar og geymsla fyrir timbur, frauð, málma, gler, leir o.fl. er allt saman í litlu rými. Ekki fer vel að fá sag og ryk í glervinnu og hitinn af ofnum, ásamt ólofti er ekki æskilegt fyrir smíðakennara og nemendur.

Sólrún Guðbjörnsdóttir

## Textílmennt

Helstu markmið með kennslu í textílmennt eru:

- Að nemendur njóti sín í tímum
- Læri á þau verkfæri sem notuð eru tímum
- Byggi ofan á fyrri reynslu
- Ljúki verkefnum sem unnið er að

## Uppbygging kennslunnar

Innlögn er í byrjun hvers hóps. Farið er yfir verkefnið sem vinna á með nemendum, efni og verkfæri sem þeir koma til með að nota og hvernig þeir nota það. Hver og einn nemandi vinnur á sínum hraða sem hentar hverjum og einum. Kenna þarf nemendum samvinnu, tillitsemi, hjálpssemi og þolinmæði. Hver nemandi fær aðstoð eftir þörfum. Mikil áhersla er lögð á að nemendur ljúki verkefnum sínum.

## Kennsluaðferðir

Áhersla er lögð á samvinnu nemenda og samvinnunám. Tveir eða fleiri nemendur vinna saman, sá nemandi sem er á undan með verkefnið hjálpar þeim sem er á eftir. Byrjað er á þessu strax í fyrsta bekk. Í textíl fer fram bæði félagskennsla og einstaklingsmiðað nám. Hver og einn nemandi fær leiðsögn eftir þörfum.

## Námsefni/gögn

Verkefni og sýnishorn frá kennara, ýmsar bækur og blöð.

## Námsmat

Námsmatið er fólgið í símati á sjálfstæði í vinnubrögðum, vandvirkni, hegðun, hirðusemi, vinnusemi. Einkunn er gefin í lok áfanga í bókstöfum, nema í fyrsta bekk en þar er gefin umsögn.

## Hvað hefur gengið vel – illa

Yfir höfuð hefur kennsla gengið vel og markmiðum verið náð.

## Annað

Þorrrablót 6. bekkinga gekk vel að vanda. Nemendur í textíl sáu um borðdúka og borðskraut í samvinnu við hóp nemenda í smíði. Árhátíð 7. bekkjar er einnig orðin árlegur viðburður. Nemendur í textíl og smíði sáu um borðskraut og borðdúka.





Fagurlega skreyttur salur

## Val

Boðið var upp á val í textíl í 6. bekk eftir áramót. Nemendur komu í tvískiptum hópum einu sinni í viku. Nemendur saumuðu koddaver eftir eigin útfærslu.

Einnig var boðið upp á val í 7. bekk fyrir áramót og komu nemendur í tvískiptum hópum einu sinni í viku. Nemendur hönnuðu lampa og skerm í samvinnu við smíðaval. Unnið var með krossvið, ýmis efni, ull og allt það sem nemendum datt í hug að nota í þessa lampagerð. Allir lampar fóru í lampasamkeppni 7. bekkjar. Veitt voru 1., 2. og 3. verðlaun fyrir fallegasta lampana. Skólinn keypti verðlaunapeninga.

Ester Jónsdóttir

## Smíði

### Helstu markmið

Að nemendur gangi um smíðastofuna af virðingu, læri að umgangast og nota ákveðin verkfæri m.t.t. aldurs, vandi sig og fari stoltir og ánægðir heim með verkefni sem þeir hafa unnið.

### Uppbygging kennslunnar

Innlögn er í byrjun hvers tíma. Farið er með nemendum yfir hvaða verkfæri eða efni þeir koma til með að nota og hvernig þeir nota það. Hver og einn nemandi vinnur að sýnu verkefni og á þeim hraða sem hentar hverjum og einum. Samvinnunám á stundum við, þá miðlar sá nemandi sem kominn er lengra til annarra nemenda. Hver og einn nemandi vinnur á sínum hraða og fær aðstoð eftir þörfum. Mikil áhersla er lögð á að í sem flestum verkefnum geti nemendur ráðið hugmynd og útliti verkefnisins og gert það að sýnu.

### Kennsluaðferðir

Sýnikennsla. Í byrjun hvers verkefnis fá nemendur að sjá sýnishorn af fullbúnu verkefni, hlut sem þeir eru að fara að búa til. Mikil áhersla er lögð á að nemendur setjist niður áður en þeir byrja á nýju verkefni og þeir skissi upp hugmyndir og útlit áður en hafist er handa. Þeir geri sér grein fyrir því hvað þeir eru að fara að gera og hvernig þeir vilja að hluturinn líti út. Í smíði fer fram einstaklingsmiðað nám. Hver og einn nemandi fær leiðsögn eftir þörfum.



## Námsefni/gögn

Verkefni og sýnishorn frá kennara.

### Námsmat

Símat er allsráðandi í smíði. Þeir þættir sem einkum eru hafðir til grundvallar eru: sjálfstæð vinnubrögð, vandvirkni, hegðun, hirðusemi og vinnusemi. Einkunn er gefinn í bókstöfum nema í 1. bekk þar er gefin umsögn.

### Árangur

Verkefnaval fyrir hvern árgang fyrir sig hentaði vel og gekk upp samkvæmt kennsluáætlun. Mikill áhugi er og aukning á að nemendur sendi inn hugmyndir í Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna. Góður árangur var í Lampakeppni Hofstaðaskóla og miklar framfarir hjá nemendum. Ikea og Marel gáfu vegleg verðlaun í Nýsköpunarkeppni og Lampakeppni skólans.



Einbeittar við að saga út

## Húsnæði – aðstaða

Mikil þrengsli eru í smíðastofunni t.d. er lélegt aðgengi að vélum, sem skapar mikla hættu og óþægindi þegar verið er að vinna við tækin. Tækjakostur af skornum skammti. Vegna þrengsla vantar t.d. borðsög, rennibekk o.fl. Efnisgeymsla er ófullnægjandi, efni er stafað upp við vegg og byrgir sýn inn í smíðastofuna auk þess sem erfitt er að nálgast innstu plöturnar. Oftar en ekki hrynur eitthvað þegar á að nálgast efni sem ekki er fremst. Geymslurými fyrir smærri verkfæri og aukahluti er einnig ábótavant. Smáverkfæri eru farin að ganga úr sér og týna tölunni. Loftræsting er og léleg og vantar útsog frá sög. Loftpressu vantar tilfinnanlega. Hún er notuð til þess að blása ryki af hlutum áður en málað er og af fatnaði áður en farið er út úr smíðastofunni. Ennfremur þarf að bæta lýsingu, einkum við vélar.

List og verkgreinar eru nú allar á sama gangi og hentar það vel. Það auðveldar samvinnu á milli list- og verkgreinakennara og gerir það að verkum að þeir geta sameinast um efni þegar það á við. Þörf er á að stækka rýmið fyrir smíði eins og kom fram hér á undan. Oft er erfitt að finna pláss fyrir þá starfsemi sem þar á að fara fram auk þess sem fjölga mætti tækjum. Smíðin og myndmenntin deila með sér herbergi þar sem leirofn, glerofn, sagir, borvélar og geymsla fyrir timbur, frauð, málma, gler leir o.fl. er allt saman í litlu rými. Ekki fer vel að fá sag og ryk í glervinnu og hitinn af ofnum, ásamt ólofti sem frá þeim kemur leggur inn í smíðastofuna og er ekki æskilegt fyrir lungu kennara né nemenda.

## Annað

Þorrablót 6. bekkinga var haldið með stæl að vanda. Hlutverk nemenda í smíði var að sjá um borðdúka og borðskraut í samvinnu við hóp nemenda úr textíl. Árshátíð 7. bekkinga er einnig orðinn árlegur viðburður og sáu nemendur í smíði og textíl um borðskraut og borðdúka.

## Val

Nemendur í 6. bekk komu í valhópa í smíði eftir áramót í tvískiptum hópum einu sinni í viku. Nemendur bjuggu til lampa. Í lampann fengu nemendur 20 ljósa seríu og endurnýttu ýmislegt dót og drasl. Að lokum fóru allir lamparnir í Lampakeppni Hofstaðaskóla. Veitt voru 1. 2. og 3. verðlaun auk þess var kosinn *Hönnuður Hofstaðaskóla*. *Marel* og *Ikea* gáfu verðlaun í þessa keppni.

Nemendur í 7. bekk komu í valhópa í smíði fyrir áramót í tvískiptum hópum einu sinni í viku 80 mínútur í senn, átta skipti á hvern nemanda. Nemendur hönnuðu lampa og skerm í samvinnu við val í textíl. Unnið var með krossvið, efni, ull og allt það sem nemendum datt í hug að nota í þessa lampagerð. Allir lampar fóru í Lampakeppni 7. bekkjar. Veitt voru 1., 2. og 3. verðlaun fyrir fallestu lampana. Verðlaunapeningar voru veittir af skólanum.

## Nýsköpun

Í 5. bekk var kennd nýsköpun og fá nemendur 60 mínútur vikulega níu skipti. Nemendur vinna hver og einn að sinni hugmynd, vinna veggspjalds og gera jafnvel sýnishorn af hugmyndinni. Að vori er haldin Nýsköpunarkeppni Hofstaðaskóla og í ár gefa *Marel* og *Ikea* vegleg verðlaun fyrir bestu hugmyndirnar.

Nýsköpun er auk þess kynnt fyrir öllum nemendum skólans. Ef nemendur eiga afgangstíma í smíði vinna þeir hugmynd í nýsköpun og senda hugmyndina sýna í Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna. Í ár var þátttakan mjög góð.

Sædís S. Arndal



Sýnishorn af útfærslu í nýsköpun

## Tónmennt

Unnur Þorgeirsdóttir tónmenntakennari kenndi tónmennt 1.-4. bekk og hringekju í 6. bekk. Hún sá einnig um samsöng í 1.-4. bekk. Soffía Fransíska Rafnsdóttir Hede tónmenntakennari og músíkþerapisti kenndi 1.ÞÞ, 3.US og hringekju í 5. bekk.

### Helstu markmið:

Unnið er samkvæmt *Aðalnámsskrá grunnskóla* og skólanámsskrá sem birtist í námsvísium.

### Uppbygging kennslunnar

Mikil áhersla er lögð á söng, hreyfingu og hljóðfæraleik.

### Kennsluaðferðir

Kennsluhættir eru fjölbreyttir. Einstaklingsverkefni eru unnin og síðan er talsvert um samvinnunám. Áhersla er lögð á söng, nótnaskrift í vinnubók, hreyfingu og hljóðfæraleik. Hljóðfæraplaköt, skapandi hljóðfærasmiði, skapandi þemavinna eru meðal verkefna sem hafa verið unnin.

### Námfefni/gögn

Námsefni í tónmennt frá Námsgagnastofnun, efni úr smiðju kennara, tónlist af diskum, myndbönd o.fl.

### Námsmat

Matið er innbyggt í vinnuferlið, og framlag nemanda er metið jafnóðum. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat þannig að endurgjöf til nemenda er tíð. Tekið er tillit til virkni, samvinnuhæfni og árangurs. Vitnisburður að vori er gefin í orðum í yngri bekkjum og í tölum í eldri bekkjum og byggir á símati vetrarins auk lokakönnunar í sumum tilvikum.

### Húsnæði – aðstaða

Aðstaðan er góð, gott pláss er fyrir hljóðfæraleik og dans. Huga þarf að því að setja upp hljóðeinangrað hljóðfæra/hljómsveitarherbergi í skólanum. Því miður verður skorið niður í tónmenntinni á næsta skólaári, kennd verður ein stund á viku í 2.-7. bekk í stað tveggja stunda í 2.-4. bekk og hálftrar annarrar stundar í 5. og 6. bekk.



Samsöngur á sal

## Kórstarf

Kórinn hóf starfsemi sína í september, æft var tvisvar í viku og oftast þegar þörf krafði. Unnið var að því að byggja upp söng og sönggleði og þjálfva hlustun á sjálfan sig og aðra. Einnig var unnið með samvinnu, að vera í hóp, framkoma þjálfuð og sungnir keðjusöngvar og tveggja radda lög. Sungin er tónlist frá öllum tímum og á nokkrum tungumálum. Kórinn syngur hreint og sönggleði er nokkuð mikil. Ekki er gefin einkunn fyrir þátttöku í kórnum.

Á haustönn söng kórinn við fjölskyldumessu í Vídalínskirkju, leiddi söng í jólamessu Hofsstaðaskóla og söng þegar kveikt var á jólatrénu Garðatorgi.

Kórinn fór á Landsmót íslenskra barnakóra í apríl þar sem eldri nemendur æfðu gospelsöngva, yngri nemendur tóku þátt í skapandi kórastarfi auk þess æfð voru sameiginleg lög.

Settur var upp söngleikurinn *Ávaxtakarfan* á vorönn og fékk hann frábærar viðtökur. Kórinn tók þátt í kórahátíð sem haldin var í Garðabæ í maí.

Aðstaðan er mjög góð, æft var í tónmenntastofunni og í salnum þegar *Ávaxtakarfan* var sýnd. Því miður er ekki ljóst hvort tekst að halda uppi kór á næsta skólaári vegna niðurskurðar.

Unnur Þorgeirsdóttir, Soffía Fransiska Rafnsdóttir Hede



Frá uppsetningu á *Ávaxtakörfunni*



Blásarasveit skólans leikur fyrir góða gesti



## Íþróttir

### Helstu markmið

Nemendur læri helstu grunnhreyfingar, nái færni í að vera þátttakendur í leikjum og upplifi tap og sigra. Að nemendur upplifi hreyfingu á jákvæðan hátt og allir taki þátt og fái útrás fyrir hreyfipörf. Að nemendur tileinki sér helstu reglur í leikjum og gildandi umgengnisreglur í íþróttahúsi.

### Uppbygging kennslunnar

Allir nemendur fá tvisvar sinnum 40 mínútur á viku í íþróttum. Kennt er í Mýrinni, en úti að hausti og vori.

### Kennsluaðferðir

Kennsla fer aðallega fram í leikjaformi, hring- og stöðvaþjálfun og sýna- herma aðferðinni.

### Námsefni/gögn

Allt það sem er til í íþróttahúsinu.

### Námsmat

Námsmat er byggt á símati þar sem virkni í tímum, hegðun, áhugi, samskiptafærni í leikjum (huglægt mat) gildir 80% af annareinkunn. Almennir þættir hreyfifærni þ.e. samhæfing, jafnvægi, þol, kraftur og liðleiki eru metnir og gilda 20% af annareinkunn.

### Húsnæði – aðstaða

Íþróttakennsla fer fram ýmist fram í hálfum eða heilum sal Mýrarinnar. Salurinn er stór og góður en það glymur mikið og kom hann ekki vel út úr hávaðamælingu sem gerð var á vegum Vinnueftirlitsins. Hægt er að nota hljóðnema við kennslu sem er stundum kostur þegar ná þarf til alls hópsins sem er dreifður um salinn. Hátalarakerfi nýtist vel við notkun tónlistar í kennslu.

### Annað

Hreyfiproskaprófið "MOT 4-6" eftir *Zimmer* og *Volkamer* frá árinu 1984 var lagt fyrir 1. bekk á haustdögum. Prófið mælir hreyfiproska barna á aldrinum 4-6 ára. Það inniheldur 18 verkefni sem kanna líkamsliðleika, samhæfingu, færni, fínhreyfingar, jafnvægi, viðbragðshæfni, stökkkraft, hraða og nákvæmni hreyfinga. Niðurstöðum úr prófinu var komið áfram til deildarstjóra sérkennslu. Það gekk ágætlega að framkvæma prófið með hjálp stuðningsfulltrúa og umsjónarkennara. Foreldrar fengu að vita niðurstöður hreyfiproska-prófsins í foreldraviðtölum í lok október.



Jafnvægislistir

Danskennsla var í íþróttum í þrjár vikur eftir áramót. Í lok kennslunnar var haldið þorrablot 6. bekkinga, þar sem nemendur gátu nýtt kunnáttu sína og sýnt foreldrum. Mjög vel gekk og væri mjög þarft að setja danskennslu reglulega inn í stundaskrá nemenda.

Hið árlega *Vímuvarnarhlaup Lions* var haldið á vordögum og kepptu 5. bekkingar innbyrðis. 5. ÓHG sigraði þetta árið. Lions konur koma og eru viðstaddir hlaupið ásamt því að þær veita verðlaunabikar.

Íþróttadagur var haldinn 4. júní og gekk mjög vel. Í ár var íþróttadeginum skipt niður á sex stöðvar fyrir yngri hópinn, 1.-4. bekk og sex stöðvar fyrir eldri hópinn 5.-7. bekk. Hver stöð tók 20 mínútur og fengu nemendur fimm mínútur til þess að skipta um stöð. Dagurinn endaði síðan með samveru allra nemenda og kennara í íþróttahúsinu þar sem fram fór keppni milli kennara og nemenda í 7. bekk.

Nemendur í 6. og 7. bekk tóku þátt í *Skólapripraut FRÍ* og *Iceland Express* í ár. Keppt var í 200 metra hlaupi, hástökki og kúluvarpi og voru greinarnar stundaðar í íþróttatímum. Árangurinn var skráður á heimasíðu FRÍ. 16 bestu nemendurnir á landinu tóku síðan þátt í mótí sem haldið var 31. maí í Laugardalshöllinni. Sigurvegarar í keppninni fara svo áfram á Gautaborgarleika í Svíþjóð í júní. Í ár kepptu þrír nemendur á vegum Hofstaðaskóla og stóðu þær sig með þryði. Guðrún Georgsdóttir úr 6. BÓ (5. sæti), Arna Dís Arnþórsdóttir 6. ÓP (8. sæti) og Harpa Guðrún Hreinsdóttir 7. BV (12. sæti).



Friðsliþróttakonur

Tinna María þjálfari frá Taekwondodeild HK í Kópavogi heimsótti skólann. Hún kynnti íþróttina og sumarnámskeið sem haldið verður í Ásgarði í Garðabæ í lok júní.

Kennarar hafa lagt fyrir *píptest* sem mælir hámarkssúrefnisupptöku nemenda síðustu ár. Þeir hafa á tilfinningunni að árangur væri lakari í ár en undanfarin ár. Við nánari athugun fengust ekki marktækar niðurstöður vegna skorts á gögnum en áhugavert væri að halda þeim til haga og kanna næstu á komandi árum hver þróunin er og hvort nemendum fer fram eða aftur.

Í ár var þremur bekkjum kennt saman í einu tvisvar í viku. Þetta er fjölmennur hópur 5. bekkinga með hin ýmsu frávik í hegðun. Til þess að láta tímana ganga þannig að allir fengu sitt út úr tímum höfðu kennarar minni yfirsýn yfir hvern nemenda og að þeirra mati gátu þeir ekki haldið nægilega vel utan um hvern og einn og verið vakandi yfir öllu sem að gekk á í tímum.

Hreinn O. Karlsson og Ragnheiður Þ. Ragnarsdóttir

## Sundkennsla

### Helstu markmið

Að nemendur ná færni í öndun, köfun, floti og sundtökum í helstu sundgreinum.

### Uppbygging kennslunnar

1. bekkur: Nemendum var skipt í fimm 10 – 12 mann hópa sem fengu 20 – 21 skipti hver. Kennt var þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur.
2. bekkur: Nemendum var skipt í fimm 10 – 12 manna hópa sem fengu 19 – 21 skipti hver. Kennt var þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur.
3. bekkur: Nemendum var skipt upp í fimm 12 – 13 manna hópa sem fengu 13 – 14 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 50 mínútur.
4. bekkur: Nemendum var skipt upp í þrjá 14 – 15 manna hópa sem fengu 22 – 23 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 40 mínútur.
5. bekkur: Nemendum var skipt í fjóra 10 – 12 manna hópa sem fengu 13 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 60 mínútur.
6. bekkur: Nemendum var skipt í fimm 10 - 12 manna hópa sem fengu 13 - 14 skipi hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 60 mínútur.
7. bekkur: Nemendum var skipt í fimm 11 – 13 manna hópa sem fengu 12 – 13 skipti hver. Kennt var tvisvar í viku í 60 mínútur.

### Kennsluáferðir

Kennsla fór fram með hefðbundnum hætti. Æfingar í leikjaformi og niðurbrot sunds þar sem að einstaka þættir sundsins voru þjálfaðir.

### Námsefni/gögn

Allt það dót sem fylgir sundlauginni í Mýrinni.

### Námsmat

Nemendur voru prófaðir eftir samræmdum sundstigum úr námsskrá.

### Húsnæði – aðstaða

Sundlaugin í Mýrinni er lítil kennslulaug 10 x 16 metrar. Hún er búin hinum ýmsu tækjum sem hægt er að nota til aðstoðar við sundkennslu. Laugin hentar mjög vel til kennslu en er þó helst til lítil fyrir elstu nemendurna.

Hreinn O. Karlsson og Ragnheiður Þ. Ragnarsdóttir



Brosildar boltastelpur



## Skýrsla sérkennslunnar

Í vetur voru þrjár sérkennarar starfandi við sérkennslu, þær Margrét Einarsdóttir deildarstjóri sérkennslu sem kenndi aðallega í 4. og 7. bekk. Anna Eymundsdóttir sem kenndi í 3., 4., 5. og 6. bekk og Guðrún Dögg Jóhannsdóttir sem kenndi í 2. bekk ásamt því að halda utan um nám nemanda í 5. bekk. Þrjár kennarar voru í sérkennslunni en það voru þær Ásta Kristjánsdóttir í 3., 4. og 5. bekk, Soffía F. Rafnsdóttir í 6. og 7. bekk og Brynja Jónsdóttir eftir áramót í 7. bekk. Sérkennsla fór bæði fram inn í bekkjarstofum og í sérkennslustofum. Fjórir þroskajálfar voru starfandi við skólann, þær Ragnhildur Sigurðardóttir, Guðný Sigurjónsdóttir Bryndís Guðmundsdóttir og Vigdís Agnarsdóttir. Fimm stuðningsfulltrúar voru starfandi við skólann, þær Agnes Kragh, Anna Laxdal, Sólborg Pétursdóttir, Sigríður Kragh og Sigurveig Björnsdóttir. Harpa Maren Sigurgeirsdóttir hefur verið námsráðgjafi við skólann. Gréta E. Pálsdóttir talmeinafræðingur og Trausti Valsson skólasálfræðingur komu a.m.k. vikulega í skólann.

Viðfangsefni sérkennslunnar eru einkum kennsla, stuðningur, ráðgjöf, samstarf við nemendur, foreldra, bekkjarkennara og aðra sérfræðinga innan og utan skólans (teymisvinna). Þroskajálfar og sérkennarar vinna í samvinnu við kennara einstaklingsnámskrár og aðlögun námsefnis/prófa. Þroskajálfar og sérkennarar sjá einnig um greiningu námserfiðleika og stöðumat nemenda.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda þeirra nemenda sem fengu þjónustu sérkennslunnar og í hverju sú þjónusta fólst. Í sumum tilvikum er um að ræða sama nemandann sem fær mismunandi þjónustu.

### Sérkennsla og sérfræðiþjónusta á skólaárinu

Árgangur	Íslenska		Stærðfræði		Nýbúa- þjónusta		Greining sérkennara				Greining/ þjónusta sálfræðings			Talkennari	
	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Íslenska		Stærðfræði		Dr.	St.	Í bið	Dr.	St.
							Dr.	St.	Dr.	St.					
1.	7	9	1	0	1	0	0	0	1	0	0	1	0	5	4
2.	4	3	3	2	2	1	0	1	0	0	3	1	1	2	0
3.	7	8	4	7	0	1	0	2	0	1	5	1	1	5	4
4.	2	7	3	5	1	0	1	3	0	0	1	2	1	0	0
5.	7	8	3	2	3	1	3	3	0	0	2	4	0	0	0
6.	10	6	3	1	2	0	3	2	1	0	0	1	1	2	0
7.	7	4	6	5	1	0	1	1	0	0	5	2	0	0	0
Alls	44	45	23	22	8	3	8	12	2	1	16	12	4	14	8

### Önnur þjónusta

Frávíkþjónusta í prófum hefur verið veitt hjá sérkennurum. Hún felur í sér m.a. lengri tími, lesara, skrifara, munnlegt próf, aðlagð próf, sérpróf, notkun hjálpargagna s.s. upptökutæki, tölvu, vasareikni o.fl. Hafi nemandi notið frávika í prófum kemur það fram á vitnisburðarblaði og gerð grein fyrir því um hvers konar frávík var að ræða. Sérkennarar koma að aðlögun námsefnis fyrir nemendur í bekkjaraðstæðum þar sem

Það á við, í samvinnu við umsjónarkennara. Þroskaþjálfar koma að aðlögun náms- og vinnuumhverfis fyrir nemendur í samvinnu við kennara þar sem það á við.

### Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt lögum. Nemendaverndarráðsfundir voru haldnir einu sinni í viku allan veturinn. Deildarstjóri sérkennslu, deildarstjórar yngra og eldra stigs, námsráðgjafi, skólastjóri og sálfræðingur sátu alla fundina. Þegar mál ákveðinna nemenda voru rædd voru umsjónarkennarar látnir vita og þeim boðið að sitja fundinn. Oft höfðu umsjónarkennarar frumkvæði að því að mál nemenda þeirra væru tekin fyrir. Anna Karin Júlíussen félagsráðgjafi og Jóhanna Mjöll Þórhallsdóttir hjúkrunarfræðingur komu mánaðarlega á fundi í allan vetur. Helga Ágústsdóttir fulltrúi frá Heilsugæslunni mætti einu sinni í mánuði frá því í janúar.

### Samráðsfundir

Sérkennarar funduðu a.m.k. einu sinni í viku. Deildarstjóri sérkennslu og stuðningsfulltrúar funduðu hálfmánaðarlega. Deildarstjóri sérkennslu og þroskaþjálfar funduðu fimm sinnum á skólaárinu. Reglulegir fundir voru með kennurum sem kenndu sérkennslu og deildarstjóra sérkennslu.

### Lestrarpróf

Allir nemendur skólans voru lestrarprófaðir þrisvar sinnum á árinu og þeir sem voru undir viðmiðum árgangs voru prófaðir fimm til sex sinnum. Sérkennarar skólans sáu um að raddlestrarprófa alla nemendur í 2.-7. bekk að hausti og í maí og nemendur undir viðmiðum í mars. Umsjónarkennarar sáu um að lestrarprófa alla nemendur undir viðmiðum í október og alla nemendur í janúar. Umsögn er gefin með lestrinum í janúar og maí fyrir alla nemendur skólans. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfall þeirra nemenda sem ná viðmiðum hvers árgangs í lestri undanfarin 3 ár, en viðmiðin breyttust talsvert í 5. til 7. bekk skólaárið 2007-2008.

Fjöldi nemenda sem náðu viðmiðum árgangs í lestri ( atkvæðum á mínútu).  
Skólaárin 2007 – 2009

		1.b	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7. b.
Viðmið	Atkv/mín	60	134	170	200	230	270	300
Hlutfall nemenda í maí 2009		62%	61%	48%	45%	53%	23%	16%

		1.b	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7. b.
Viðmið	Atkv/mín	60	134	170	200	230	270	300
Hlutfall nemenda í maí 2008		58%	41%	50%	42%	44%	23%	22%

		1.b	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7. b.
Viðmið	Atkv/mín	60	134	170	200	200	200	200
Hlutfall nemenda í maí 2007		30%	61%	57%	55%	64%	82%	79%

## Einstaklingsnámskrágerð

24 nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámsskrá í vetur. Þverfagleg samvinna var á meðal umsjónar- kennara, sérkennara og þroskaþjálfara. Miðað var við að þeir nemendur fengju einstaklingsnámsskrá sem vikju verulega frá í allt að þremur námsgreinum og/eða nemendur sem voru með veruleg frávik í hegðun. Allar einstaklingsnámsskrár voru gerðar með samþykki og samvinnu við foreldra. Lokaskýrslur voru unnar fyrir alla nemendur sem unnu samkvæmt einstaklingsnámsskrám.

### Yfirlit yfir starf með hverjum árgangi

#### 1. bekkur

Í fyrsta bekk var lögð áhersla á undirstöðupætti lestrarkennslunnar. Bekkjarkennarar skiptu í hópa í „Markvissri málörvun“ í samráði við talmeinafræðing og deildarstjóra sérkennslu og fór hluti kennslunnar fram hjá fjórða kennaranum. Hóparnir voru fjórir fram í lok nóvember en þá var þeim skipt aftur niður á bekki en einn hópur úr öllum bekkjum hélt áfram í sérkennslu hjá fjórða kennaranum daglega. Sérkennari tók stafa og lestrarkönnun á þeim nemendum sem ekki voru orðnir öruggir á lestrinum í október. Allir nemendur í 1. bekk voru raddlestrarprófaðir í janúar og að vori, gefin voru atkvæði með umsögn.

Talmeinafræðingur lagði fyrir lestrarskimun *LES I* í maí 2007. Bekkjarkennarar lögðu lestrarskimunarpróf fyrir nemendur; *Læsi I* í nóvember, *Læsi II* í febrúar og *Læsi III* í maí. Veitt var ráðgjöf varðandi námsefni o.fl. Einn nemandi fékk nýbúakennslu. Einn nemandi var með einstaklingsnámsskrá.

#### 2. bekkur

Sérkennsla í 2. bekk miðaði að því að halda áfram þar sem frá var horfið í lestrarkennslu í 1. bekk. Lögð var áhersla á lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og vori. Bekkjarkennarar lögðu lestrarskimunarpróf fyrir nemendur *Læsi I* í nóvember og *Læsi II* í febrúar. Sérkennari sá um prófafrávik í árganginum. Þrír nemendur fengu nýbúakennslu. Lestraráttak „*Lesum saman*“ (samstarf foreldra og nemenda) var í gangi á vorönn fyrir 13 nemendur. Foreldrar voru boðaðir á kynningarfund og stóð verkefnið yfir í 6 vikur. Fjórir nemendur voru með einstaklingsnámsskrá.

#### 3. bekkur

Sérkennslan í 3. bekk fór fram í sérkennslustofu og inni í bekk. Lögð var áhersla á lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund ásamt stærðfræði. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og vori og málþroskaþróf *TOLD-2P* var lagt fyrir nokkra nemendur. Einn nemandi fékk nýbúakennslu. Sérkennari sá um prófafrávik í árganginum. Lestraráttak (samstarf foreldra og nemenda) var í gangi á vorönn fyrir 21 nemenda. Foreldrar voru boðaðir á kynningarfund og stóð verkefnið yfir í 5 vikur. Einn nemandi var með einstaklingsnámsskrá.

#### 4. bekkur

Sérkennsla í 4. bekk fór fram í sérkennslustofu og inni í bekk. Lögð var áhersla á lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund í íslensku. Í stærðfræðihópunum var lögð áhersla á að efla skilning og sjálfstraust, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð í að finna sem fjölbreyttastar leiðir til að skilja og finna lausnir. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og vori. Sérkennari árgangsins sá um öll prófafrávik í árganginum. Samræmd próf í íslensku og stærðfræði voru tekin í október. Deildarstjóri sérkennslu í samráði við bekkjarkennara og forráðamenn nemenda sá um að meta og sækja um fráviksþjónustu. Sótt var um undanþágu fyrir tvo nemendur í íslensku og einn í stærðfræði. Sótt var um frávik fyrir þrettán nemendur að þessu sinni níu stúlkur og fjóra drengi og reyndist það auðsótt. Fleiri nemendur fengu séraðstæður en engin frávik. Lestraráttak (samstarf foreldra og nemenda) var í gangi á vorönn fyrir 14 nemendur. Foreldrar voru boðaðir á kynningarfund og stóð verkefnið yfir í 7 vikur. Sex nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámsskrá.

#### 5. bekkur

Sérkennsla í íslensku fór einkum fram í sérkennslustofu. Unnið var með lestur, lesskilning, hljóðkerfisvitund og stafsetningu. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti. *LH 40*

(lestrarhæfnisathugun) var lögð fyrir alla nemendur í 5. bekk að hausti, þeir sem komu illa út fengu auka heimanám í lestri í 12 vikur og voru prófaðir aftur í desember. Þeir sem ekki höfðu sýnt nægilegar framfarir fengu sérkennslu frá janúar til maí þar sem áhersla var lögð á lesskilning. Fjórir nemendur í árganginum fengu nýbúakennslu. Nokkrir nemendur fengu auka heimanámsverkefni, verkefni þjálfuðu stafsetningu, lesskilning og leshraða.

Í 5. bekk var færnimiðað nám í stærðfræði. Nemendum var skipt í fjóra færnimiðaða hópa. Námsefni, próf og kannanir voru aðlagðar að þörfum sérhvers nemanda. Nemendur fengu að hafa hjálpargögn í könnunum og prófum. Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Fjórir nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá.

## 6. bekkur

Stuðningur í íslensku fór einkum fram í sérkennslustofu. Unnið með lestur, lesskilning, hljóðkerfisvitund og stafsetningu skv. lestrarstefnu skólans. Fjórtnán nemendur sem voru nokkuð undir viðmiðum árgangs fengu hraðlestrarverkefni til að vinna heima og stóð það yfir í sex vikur. Tveir nemendur fengu nýbúakennslu.

Stafsetning (*Aston Index*) stakra orða var lögð fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst. Boðið var upp á færnimiðað nám í stærðfræði og ensku. Sérkennari vann með nemendum í stærðfræði og kennari í ensku þar sem kennslan var aðlöguð persónulegum þörfum nemenda. Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Fjórir nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá.

## 7. bekkur

Stuðningur í íslensku fór fram í sérkennslu- og bekkjarstofum. Unnið var með lestur og lesskilning, stafsetningu, málfræði, setningarfræði og málnotkun. Unnið var í samvinnu við bekkjarkennara (innlögn, upprifjun) og tekið mið af stöðu nemenda hverju sinni. Stafsetning (*Aston Index*) stakra orða var lögð fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst. Einn nemandi fékk nýbúakennslu.

Boðið var upp á færnimiðað nám í stærðfræði. Sérkennari vann með nemendum „græna hópans“ þar sem kennslan var aðlöguð persónulegum þörfum nemenda. Kannanir og próf voru unnin úr kennsluefni hópans.

Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Samræmd próf í íslensku og stærðfræði voru tekin í október. Deildarstjóri sérkennslu í samráði við bekkjarkennara og forráðamenn nemenda sá um að meta og sækja um frávíkspjónustuna. Sótt var um undanþágu fyrir tvo nemendur í íslensku og einn í stærðfræði. Sótt var um frávík fyrir þrettán nemendur að þessu sinni níu drengi og fimm stúlkur og reyndist það auðsótt. Fjórir nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá.

Margrét Einarsdóttir deildarstjóri sérkennslu

## Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Skólaárið 2008-2009 var námsráðgjafi í 80% starfshlutfalli. Boðið var upp á eftirfarandi þjónustu hjá námsráðgjafa: Einstaklingsráðgjöf, hópráðgjöf, aðstoð við bekkjarfundi, vinahópa, námstækninámsskeið/ráðgjöf, sjálfsstyrkingarnámsskeið, heimanámsaðstoð og ráðgjöf vegna prófkviða. Einnig var mikil samvinna við foreldra, kennara og annað starfsfólk skólans.

Ástæður tilvísana eða þess að nemendur leituðu til námsráðgjafa voru margs konar s.s. námsvandi, félagslegur vandi, tilfinningalegur vandi, prófkviði, bekkjarvandi, fjölskylduvandi, vinavandi o.fl. Aðstoðar námsráðgjafa er ýmist óskað af nemanda, forráðamönnum, umsjónarkennurum eða öðrum.

## Fjöldi nemenda sem fengu aðstoð námsráðgjafa

Nemendur sem leituðu til eða var vísað til námsráðgjafa í vetur voru 100 en það er 26% af nemendum skólans. Þar af voru drengir 37 talsins eða 37% og stúlkur 63 talsins eða 63%. Hér eru þó ekki taldir með einstaka bekkjarfundir eða fræðsla sem námsráðgjafi tók þátt í eða þegar nemendur hafa komið einu sinni til námsráðgjafa. Að auki eru ekki taldir með þeir nýnemar sem bættust í nemendahópinn á skólaárinu. En námsráðgjafi hefur hitt hvern nýnema tvisvar sinnum.


### Skipting nemenda eftir þjónustu

Einstaklingsráðgjöf	44 nemendur
Hópráðgjöf	44 nemendur
Sjálfsstyrkinganámskeið	12 nemendur
<b>Alls</b>	<b>100 nemendur</b>
Bekkjarráðgjöf	4 bekkir
Námstækninámskeið	9 bekkir

Hér sést hlutfall þeirra nemenda sem fengu aðstoð námsráðgjafa í hverjum árgangi. Aðeins er verið að telja upp þegar nemandi kemur oftari en einu sinni til námsráðgjafa. Ekki var unnt að taka saman fjölda nemenda sem koma einu sinni til námsráðgjafa. Í þessari töflu er því aðeins um að ræða frekari aðstoð námsráðgjafa.

### Skipting nemenda eftir árgöngum

Árgangur	Fjöldi nemenda	Hlutfall af heildarfjölda
1. bekkur	0	0%
2. bekkur	15	25%
3. bekkur	18	28%
4. bekkur	6	14%
5. bekkur	23	44%
6. bekkur	19	34%
7. bekkur	19	33%



## Önnur verkefni námsráðgjafa

- Námsráðgjafi hefur tekið á móti nýjum nemendum sem koma úr öðrum skólum. Þessa nemendur hittir hann einu sinni í byrjun og svo aftur þegar tvær til þrjár vikur eru liðnar af skólavistinni. Þetta ferli hefur gefist vel.
- *Tengslakönnun* er framkvæmd í öllum bekkjum skólans, en það er greiningartæki til að kanna félagatengsl í afmörkuðum hópum. Námsráðgjafi hefur umsjón með fyrirlögn könnunarinnar og les úr niðurstöðum ásamt því að taka þátt í aðgerðum sem fylgja í kjölfarið ef þurfa þykir.
- Í skólanum er starfandi eineltisteymi, sem í sitja námsráðgjafi og deildarstjórar. Ef eineltismál koma upp hefur umsjónarkennari samband við aðila úr eineltisteyminu. Námsráðgjafi hefur verið virkur í þessu vinnuferli og fylgt eftir þeim nemendum sem hafa orðið fyrir einelti. Teymið tekur þátt í verkefninu *Gegn einelti í Garðabæ*.
- Nemendur í 5.-7. bekk fengu kennslu í námstækni. Í 5. og 6. bekk fengu nemendur eina kennslustund þar sem helmingur hvers bekkjar kom í einu til námsráðgjafa. Með þessu gafst gott tækifæri til þess að ná vel til nemenda. Í 7. bekk fengu nemendur þrjár kennslustundir í námstækni. Þá fór námsráðgjafi inn í hvern bekk.
- Stúlkum í 6. bekk var boðið upp á sjálfsstyrkingarnámskeið, en það sóttu þær stúlkur sem höfðu sem mesta þörf fyrir slíkt.
- Nemendaverndarráðsfundir eru haldnir hvern mánudag. Námsráðgjafi er hluti af því og sat alla fundina.
- Námsráðgjafar í grunnskólum Garðabæjar hittast reglulega yfir veturinn á faglegum samráðs- og handleiðslufundum.
- Samvinna við kennara, starfsfólk skólans, foreldra, nemendur og annarra hefur falist í fundarhöldum, símaviðtölum og tölvupóstsamskiptum. Einnig hafa foreldrar notað foreldraviðtalsdaga til að hitta námsráðgjafa.
- Útbúin hefur verið skýrsla um þá nemendur sem hafa komið reglulega til námsráðgjafa.

## Eineltismál í Hofsstáðaskóla 2008-2009

Breytingar hafa orðið á undanförunum árum á meðhöndlun eineltismála eftir að eineltisteymi tók til starfa og verkefnið *Gegn einelti í Garðabæ* hófst, en það er samstarfsverkefni grunnskóla Garðabæjar. Það er skýr stefna grunnskólum Garðabæjar að taka strax á eineltismálum. Markviss vinna fer í gang þegar eineltismál koma upp.

Við skólann er starfandi eineltisteymi, sem í sitja deildarstjórar og námsráðgjafi. Eineltisteymið fundar reglulega með slíkum teyimum úr öðrum grunnskólum Garðabæjar. Þegar eineltismál koma upp hefur umsjónarkennari samband við aðila úr teyminu og haft er samráð um viðbrögð og aðgerðir. Í meðferð eineltismála er starfað eftir *Handbók starfsmanna* þar sem skilgreindar eru vinnureglur í eineltismálum. Deildarstjórar héldu fræðslufund með starfsfólki á haustmánuðum um einelti og meðferð slíkra mála. Lögð er áhersla á að allir starfsmenn skólans séu meðvitaðir um hvernig eigi að bregðast við.

Í mörgum tilfellum, þegar grunur leikur á einelti, er hægt að koma í veg fyrir einelti með ýmsum úrræðum. Þar má nefna vinnuhópa eftir skóla, reglulega bekkjarfundir með nemendum og umsjónarkennurum, fundir með deildarstjórum eða námsráðgjafa og nemendum. Einnig hafa verið bæði vinnuhópar og félagsfærnihópar hjá námsráðgjafa. Með þessum úrræðum er oft hægt að taka á málum er tengjast samskiptum nemenda áður en þau verða að eineltismálum.

Eineltismál eru mismunandi og haga ber vinnu hvers máls eftir eðli þess. Aðgerðir miðast af því hvort um sé að ræða *grun um einelti* eða *sannanlegt einelti*. Öll mál sem koma upp eru skráð.



## Fjöldi skráninga á skólaárinu

Grunur um einelti	9 tilkynningar
Sannanlegt einelti	3 tilvik staðfest

Nauðsynlegt er að vinna áfram í málum er tengjast einelti, fræða starfsfólk um einelti sem og nemendur. Forvarnarvinna er einnig mikilvæg eins og bekkjarfundir, vínahópar bæði utan skólatíma og í skólanum, félagsfærniþópar og námskeið til að styrkja tengsl nemendanna. Einnig getur ráðgjöf við nemendur gagnast með aðstoð kennara, deildarstjóra, námsráðgjafa eða sálfræðings. Með aukinni þekkingu nemenda á einelti, áhrifum þess og aukinni virðingu nemenda gagnvart sjálfum sér og öðrum er mögulegt að vinna að bættri líðan nemenda í Hofsstáðaskóla.

Harpa Maren Sigurgeirsdóttir náms- og starfsráðgjafi

## Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni

### Starf kennsluráðgjafa

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með uppbyggingu og þróun tölvu- og upplýsingatækni við skólann. Hann vinnur með nemendum, starfsfólki og foreldrum. Hann vinnur einnig með tölvuumsjónarmanni skólans og er í nánú samstarfi við kennsluráðgjafa í UT í hinum grunnskólum Garðabæjar. Upplýsingamiðlun er stór hluti af starfi kennsluráðgjafa því hann hefur umsjón með vef skólans og aðstoðar kennara við upplýsingamiðlun á vefinn og í Mentor. Í vetur hafði kennsluráðgjafi umsjón með rafrænum könnunum sem framkvæmdar voru í tengslum við sjálfsmat skólans, var hópstjóri í verkbeiðnahópi sem var eitt af umbótaverkefnum á vegum bæjarins í tengslum við stofnun tölvudeildar og tók þátt í þróunarverkefni ásamt umsjónarkennurum 4. bekk um notkun gagnvirkra kennslutafna. Kennsluráðgjafi tók tímabundið að sér kennslu í 2. bekk vegna forfalla kennara. Á vorönn tók kennsluráðgjafi á móti og hafið umsjón með kennaranemum frá H.Í. sem voru í 30 stunda vettvangsnámi við skólann. Þeir hafa upplýsingatækni sem valgrein í kennaranáminu.

Kennsluráðgjafar í tölvu- og upplýsingatækni funduðu reglulega í vetur og samræmdu kennsluáætlanir. Eftirfarandi atriði voru m.a. rædd á fundum kennsluráðgjafa:

- Vefir skólanna og ýmis atriði sem þeim tengjast s.s. umferð um vefina, aðgangsstýringar
- vélritunarkannanir
- stofnun tölvudeildar við bæinn
- aðgangur kennara að nemendasvæðum
- reglur varðandi netið, tölvupóst og aðgengi að tölvukerfi skólans
- öryggisreglur
- heimasvæði og vinnudrif nemenda og starfsmanna
- námskeiðahald fyrir starfsmenn skólanna
- hugbúnaður, fóru yfir ókeypis hugbúnað s.s. Freemind, Sketchup o.fl.
- nýjungar í Mentor s.s. Námsáætlanir, leiðsagnarmat og námsframvinda
- samstarfsverkefni Etwinning og Comenius
- Office 2007 og íslenska
- nýtt vefpóstkerfi

## Aðstaða til kennslu

Í tölvustofu skólans eru 26 nemendavélar og kennaratölva sem tengd er við gagnvirka töflu. Auk þess er prentari í tölvustofunni. Stefnt var að því að koma upp myndlesara í stofunni en það gekk ekki eftir í vetur. Almenn ánægja er með tölvustofuna.

Á bókalofti voru í vetur 14 nemendatölvur og 1 kennaratölva sem tengd er við skjávarpa. Tölvurnar á bókaloftinu hafa leikið okkur nokkuð grátt í vetur. Þær hafa bilað mikið og telur tölvuumsjónarmaður miklar líkur á að þær komi til með að týna tölunni á komandi vetri vegna galla í þétti og fyrir aldurssakir. Ekki var hægt að hafa kennsluforritin öll inn á tölvunum heldur var eingöngu sett upp það sem þótti nauðsynlegast vegna kennslunnar.

Kennarar höfðu einnig aðgang að fartölvuvagni með 15 vélum. Skólinn er að mestu leyti orðinn þráðlaus.



Úr tölvustofunni

## Nám og kennsla

Allar kennsluáætlanir voru uppfærðar fyrir skólaárið 2008-2009. Teknir eru fyrir mismunandi þættir í hverjum árgangi og þannig myndaður góður grunnur og samfella tryggð í tölvunámi nemenda. Kennarar eru einnig hvattir til að samþætta markmið upplýsingatækninnar og annarra námsgreina (sjá nánar í kennsluáætlunum). Við gerð kennsluáætlana fyrir skólaárið 2008-2009 lögðu kennsluráðgjafar sérstaka áherslu á að efla margmiðlun í skólafarinu.

Í vetur fékk hver bekkur eina kennslustund á viku með umsjónarkennara í tölvuveri. Kennarar báru ábyrgð á skipulagi kennslunnar og vali á viðvangsefnum. Þeir höfðu til hliðsjónar kennsluáætlanir frá kennsluráðgjafa. Auk þess fengu allir nemendur kennslu í tölvufærni í smærri hópum. Kennslan fór fram í lotum og var kennslufyrirkomulagið eftirfarandi:

1. og 2. bekkur: Ein kennslustund á viku í 8 vikur
3. bekkur: Ein og hálf kennslustund á viku í 12 vikur
4. bekkur: Ein og hálf kennslustund á viku í 12 vikur.
5. bekkur: Ein og hálf kennslustund á viku í 8 vikur
6. bekkur: Ein og hálf kennslustund á viku í 8 vikur.



Í kennsluáætlunum er lögð áhersla á fræðslu um öryggi á netinu. Í vetur komu upp nokkur tilfelli þar sem ástæða þótti til að fjalla sérstaklega um þennan þátt. Sendar voru tilkynningar til foreldra og umfjöllun um netöryggi ásamt fræðslu um *MSN*-notkun og stillingar. Aðgangi að vafasömum síðum er lokað með *Websense* vefsíu.

### 6. bekkur-val

Auk þess var í 6. bekk boðið upp á stafræna ljósmyndun í vali. Nemendur lærðu að meðhöndla stafrænar myndavélar, lærðu um helstu hluti sem tengjast þeim og samskipti við tölvu s.s. að flytja myndir á milli og flokka. Nemendur lærðu að nota forritin *Paint.net* og *Picture Manager* til að vinna með myndir: Minnka, snúa, lýsa, skyggja, skerpa liti, velja hluta úr mynd (crop), fjarlægja rauð augu, breyta í svart/hvítt, brúntóna o.s.frv. Þeir lærðu einnig að búa til myndasýningar í *Photo Story* þar sem stuðst var við myndir, texta, upptökur og tónlist.

## 7. bekkur

Nemendur í 7. bekk fengu annars vegar tvær samliggjandi stundir á viku, í alls tíu vikur en hins vegar tvær kennslustundir á viku í sex vikur.

Kennslunni var tvískipt: Annars vegar kenndi Erla Björk Pálsdóttir nemendum að nota töflureikninn *Excel* en Anna Magnea Harðardóttir kenndi vélritun með *Ritfinni* og ritvinnslu. Auk þessa var bókaloftið notað til að vinna verkefnið *Grjóthrúga í hafinu* undir stjórn Bergljótar Vilhjálmisdóttur. Það verkefni byggir að miklu leyti á upplýsingatækni. Nemendur unnu auk þess ýmis smærri verkefni þar sem þeir notuðu þekkingu sína í upplýsingatækni. Verkefnin kynntu þeir fyrir bekkjarfélögum og völdu þá gjarnan kynningaraðferð sjálfir.

### 7. bekkur – val

Fyrir áramót var nemendum í 7. bekk boðið upp á stuttmyndagerð. Um var að ræða valnámskeið sem kennt var tvisvar sinnum yfir önnina. Alls tóku um 24 nemendur þátt í því. Um kennsluna sá Anna Magnea Harðardóttir og naut hún aðstoðar og leiðsagnar kennsluráðgjafa. Á námskeiðinu unnu nemendur í litlum hópum. Þeir gerðu handrit, tóku upp efni, fluttu í tölvu og klipptu. Í lok námskeiðs sýndu nemendur afraksturinn á sal skólans. Aðstaðan sem við höfðum í vetur fyrir myndbandavalið voru þrjár tölvur í tónmenntastofunni. Forritið sem notað er heitir *Uled Video Studio 10* og á skólinn alls fimm leyfi. Skólinn á þrjár myndbandstökuvélar.

### Gagnvirkar kennslutöflur-þróunarverkefni

Umsjónarkennarar 4. bekkja ásamt kennsluráðgjafa hlutu 100.000 kr. styrk til að þróa notkun gagnvirkra kennslutafna í kennslu. Styrkurinn var nýttur til að sækja námskeið, kynningar og vinna að verkefnagerð. Verkefnið fór hægt af stað og var síðan afmarkað við framleiðslu á námsefni og verkefnum í tengslum við náttúrufræði og íslensku.


Það er samdóma álit okkar að tilkoma gagnvirkra kennslutafna hefur auðgað starfið. Möguleikar í innlögn og nýtingu á stafrænu efni hafa aukist til muna. Á skjótan og auðveldan hátt er hægt að nálgast efni af netinu:

Myndbönd, glærur, efni af geisladiskum og nota allan þann hugbúnað og aðgerðir sem tölvun og taflan búa yfir. Þannig má segja að auðvelt sé að „flytja heiminn inn í kennslustofuna“. Betur hefur tekist að auka áhuga nemenda og virkja þá til umræðna og þátttöku. Á það sérstaklega við um þá nemendur sem oft hafa verið fremur vanvirkir eða eiga erfitt með einbeitingu. Það virðist henta þeim hópi vel að höfðað sé til sem flestra skilningarvita; að gefa þeim tækifæri til að sjá, heyra og snerta. Nemendur tóku verkefninu mjög vel, fannst þetta skemmtileg viðbót og urðu óhræddari að taka þátt og urðu virkari eftir því sem á verkefnið leið. Til nánari upplýsingar er hægt að nálgast lokaskýrslu um þróunarverkefnið á vef skólans.

### Margmiðlun og myndbandavinnsla

Áherslan á margmiðlunin í kennsluáætlunum skilaði sér mjög greinilega í vetur. Nemendur í yngri bekkjum voru duglegir að nota *2Create a Story* til að búa til sögur með texta, myndum, hreyfingum og hljóði. Algjör sprengja varð í notkun *Photo Story* en fjöldi bekkja notaði forritið til að gera einhvers konar kynningar í tengslum við námsefnið sem í sumum tilfellum rataði svo á sýningar í sal. Allir nemendur í 5. bekk gerðu kynningu í tengslum við landafræði Íslands og nemendur í 7. bekk gerðu kynningar í tengslum við *Evrópu*.

Í vetur var mikið tekið upp á myndbandsupptökuvélar skólans. Allnokkuð af því efni var klippt og búin til myndbönd sem sýnd voru á sal skólans. Kennsluráðgjafi aðstoðaði alla 5. bekki skólans við myndbandagerð fyrir skemmtun á sal. Sú vinna var tímafrek en ákaflega skemmtileg. Stefnt er að því að hægt verði að nálgast öll þessi verkefni á vef skólans undir *Verk nemenda*.



## Skemmtanir á sal og tæknistjórn

Salur skólans hefur tekið miklum stakkaskiptum. Nú er hægt að stjórna tækjum af sviðinu og af „tækjasvölunum“. Einfalt og gott aðgengi er að helsta búnaði s.s. skjávarpa, tjalldi, mynd, og hljóðbúnaði. Skemmtanir á sal hafa greinilega þróast í takt við breyttar aðstæður því metnaður bæði kennara og nemenda hefur aukist í tengslum við skemmtanir. Í vetur voru nokkrir nemendur, þá aðallega í 7. bekk, virkjaðir til aðstoðar við tæknistjórn, myndtökur og klippingar. En óhætt er að tiltaka Jóhann Hinrik Jónsson sem aðaltæknimann úr röðum nemenda. Jóhann varði miklum tíma hjá kennsluráðgjafa þar sem hann fékk tækifæri til að rækta hæfileika sína. Jóhann hefur gríðarlegan áhuga og þekkingu á öllu því sem lítur að tölvum og tækni. Jóhann var duglegur að taka ljósmyndir af atburðum, taka myndbönd og aðstoða við tæknistjórn í sal o.fl. Jóhann fékk við útskrift sérstaka viðurkenningu fyrir störf sín. Hann mun án efa eflast og blómstra í Garðaskóla.



Tækniamaður við störf


## Ritþjálfí – vélritun

Nemendur í 3.-7. bekk fengu kennslu í vélritun. Kennt er á *Ritþjálfá* í Hofi 5 en þar eru tæki fyrir heilan bekk sem tengd eru við kennaratölvu. Kennt var í heilum bekkjum að 3. og 7. bekk undanskildum en þar var kennt í smærri hópum í tengslum við list- og verkgreinaskipulag. Nemendur í 7. bekk fóru ekki í Ritþjálfastofu. Þeir notuðu forritið *Ritfínn* á námskeiði í hringekju.





Í Ritþjálfá eru nemendur með skráningarblöð þar sem þeir skrá sjálfir frammistöðu sína og taka próf í lok hvers áfanga. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám í vélritun þ.e. hver nemandi vinnur á sínum hraða og fær verkefni við hæfi. Í vetur tóku nemendur í 5. og 6. bekk tvö vélritunarpróf annað á haustönn (október) og hitt undir lok vorannar (maí). Kennsluráðgjafi tók saman niðurstöður úr prófunum og flokkaði

nemendur í 4 mismunandi hópum eftir frammistöðu. Umtalsverðar framfarir áttu sér nær undantekningarlaust stað í öllum hópum bæði hvað varðar tók á réttri fingrasetningu og hraða. Niðurstöðurnar voru skráðar í dagbækur á *Mentor* hjá hverjum nemanda og foreldrum sendur tölvupóstur með ábendingum um hvar væri hægt að nálgast verkefni til þjálfunar.



Samantekt: vérlitunarpróf hjá 5. Ó.H.G. haust og vor skólaárið 2008-2009





### Fartölvuvagn fyrir nemendur

Fartölvuvagninn er nú kominn úr rekstrarleigu og er kominn nokkuð til ára sinna. Hann nýtist engu að síður nokkuð vel ennþá og geta kennarar almennt ekki hugsað sér að vera án hans. Í vetur varð skólinn þráðlaus að mestu leyti en það hefur gefið okkur aukna möguleika til notkunar á vagninum. Þegar notkun á vagninum er skoðuð eftir árgöngum fyrir skólaárið 2008-2009 kemur í ljós að eldri deildir skólans eru mun duglegri að nýta vagninn en yngri deildirnar. Þar liggja ýmsar ástæður að baki en ástæða er til að kynna notkun á fartölvuvagninum betur í yngri deildum og hvetja kennara til að skipuleggja kennsluna með það að



leiðarljósi að gefa nemendum tækifæri til að vinna t.d. í smærri hópum að verkefnum þar sem fartölvuvagninn er nýttur.

Á súluritinu hér fyrir neðan má sjá fjölda þeirra kennslustunda þar sem fartölvuvagninn var í notkun síðastliðin tvö skólaár.



## Búnaður og umgengni

Í vetur var öllum árgöngum í skólanum úthlutað myndavél ásamt hleðslutæki og aukarafhlöðu. Kennarar í árganginum sáu sjálfir um myndavélarnar og flutning mynda inn á myndadrif. Myndbandstökuvélar og skjávarpar voru enn í umsjón kennsluráðgjafa en bókanir fóru fram á sameign. Umgengni um búnað hefur verið þokkaleg í vetur.

## Samskipti heimila og skóla

Mikil áhersla er lögð á öflug og góð samskipti heimila og skólans. Ýmsar leiðir eru notaðar til samskipta s.s. fundir með nemendum og foreldrum, símhringingar, tölvupóstur, vefur skólans og *Fjölskylduvefur Mentor.is*. Í vetur fólust skyldur kennarar í tengslum við *Mentor.is* í:

- Skráningu á ástundun (fjarvist, veikindi, leyfi, seint)
- dagbókarskráningum
- heimavinnuáætlun í hverri viku (birt á Fjölskylduvef)
- tölvupóstsamskiptum (svara erindum og senda a.m.k. eitt bréf á viku til foreldra)
- einkunnaskráningu

Skólaritari er miðpunktur í ástundunarskráningu nemenda. Hann tekur við innhringinum og skráir veikindi og leyfi. Í vetur gátu foreldrar einnig tilkynnt og skráð veikindi sjálfir inn á *Fjölskylduvef Mentor*. Næsta vetur er stefnt að því að innleiða notkun á tveimur nýjum einingum í Mentor, Leiðsagnarmat og Námsframvindu.


## Vefur skólans

Vefur skólans (<http://hofsstadaskoli.is>) gegnir mjög mikilvægu hlutverki í upplýsingamiðlun. Á vefnum er lögð áhersla á að birta allar helstu upplýsingar um skólastarfið ásamt fréttum og myndum úr daglegu starfi. Kennsluráðgjafi hefur umsjón með vefnum. Mikil áhersla er lögð á að birta myndir úr skólastarfinu því þær eru mjög góð heimild um það sem gerist í skólastarfinu, veita foreldrum tækifæri til að tengjast skólanum og ræða við nemendur um það sem er að gerast hverju sinni. Skólastjórnendur og kennarar hafa tekið virkan þátt í upplýsingamiðluninni. Kennarar hafa tekið myndir og skrifað stuttar fréttir í tengslum við starf sitt með nemendum. Myndirnar hafa þeir flutt inn á sameign þar sem kennsluráðgjafi hefur komið upp ákveðnu skipulagi á myndasafnið. Mikilvægt er að huga vel að skipulagi og varðveislu myndasafnsins. Þörf er á e.k. forriti sem aðstoðar við skrásetningu og utanumhald um allan þann fjölda mynda sem bætist í safnið á hverju ári.

Innleiðing á nýju vefumsjónarkerfi hélt áfram þetta skólaár. Hægt hefur gengið að dreifa skrifum á vef skólans. Umsjónarmaður tómsundaheimilisins hefur séð um að koma myndum og fréttum sem tengjast tómsundaheimilinu á vefinn. Auk þess var fulltrúum úr foreldrafélagi og foreldraráði veittur aðgangur að kerfinu en sá aðgangur var lítið nýttur. Markmiðið er að virkja og efla sem flesta til að koma að miðlun efnis á vef skólans. Stjórnendur sóttu námskeið á skólaárinu en það mun vonandi verða þeim hvatning til að skrifa fréttir og skrá atburði. Stefnt er að því á næsta skólaári að virkja ritara skólans t.d. til að skrá atburði í atburðadagatal o.fl.

Í desember 2008 var tekin upp vefmæling en það er fyrirtækið *Modernus* sem sér um mælinguna. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir síðuflettingar á vef Hofsstaðaskóla frá því í desember 2008 til júní 2009 sem tekið er úr skýrslu frá *Modernus* þann 15. júní 2009. Samtals voru síðuflettingarnar þann 15. júní orðnar 156.842. Mánaðarlegir notendur voru þá að meðaltali 1959 eða alls 30.194 yfir umrætt tímabil. Hver notandi er aðeins talinn sem nýr notandi einu sinni í mánuði. Mest skoðuðu síðurnar á vefnum eru forsíðan og fréttirnar, krækjusafnið og myndasíðurnar. Fast á hæla þeim kemur svo atburðadagatal skólans og myndasíður árganganna. Nemendur og starfsfólk skólans nýta vefinn mikið því helmingur af umferðinni um hann er frá skólanum.





### Ráðstefna, Námskeið, kynningarfundir o.fl.

Kennsluráðgjafi sótti námskeið og ýmsar kynningar á skólaárinu:

- Kynning á námsefni frá Námsgagnastofnun haldið í Árbæjarskóla í ágúst
- Kynning á *Snjalltöflum* hjá Nýherja í september
- Heimsókn Hörðuvallaskóla í Kópavogi í september
- Ráðstefna um rafræn próf á Grand Hótel 29. september-1.október
- Kynning á *Smartboard* hjá Varmás í október
- Fundur með Guðríði Skagfjörð ritstjóra námsefnis í upplýsinga- og tæknimennt í nóvember
- Málþing um rafrænt einelti í Skriðu í febrúar
- Smartboard* námskeið í Hofsstaðaskóla í febrúar
- Örugg netnotkun fundur haldin í sal Hofsstaðaskóla á vegum SAFT í mars
- Málstofa í HÍ-Röksemdir Ragnheiðar á vegum *Rannum*, Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun.
- Námskeið í jafningjastjórnun 30. mars -1. apríl
- Kynning á *Office 2007* hugbúnaðinum hjá Nýherja í apríl
- Ráðstefna *Mentor* um nýju eininguna Námsframvindu í Laugarlækjarskóla í apríl.
- Kynning á *Sunflower* hugbúnaðinum í Álftanesskóla í júní.

Auk ofangreindra ráðstefna, námskeiða og kynningarfunda sótti kennsluráðgjafi fjölda funda sem haldnir voru á vegum bæjarins bæði vegna vefmála og í tengslum við umbótarverkefnið sem getið var um í upphafi skýrslunnar.

Kennsluráðgjafi hélt auk þess sjálfur og ásamt öðrum stuttar kynningar fyrir kennara, fulltrúa foreldra, kennaranema og aðra gesti sem sóttu skólann heim.

- Mentornámskeið fyrir nýtt starfsfólk og þá sem þurftu upprifjun
- Kynning á upplýsingatækni í Garðabæ á fundi í MMR með fulltrúum OECD
- Kynning á upplýsingatækninni í skólanum fyrir starfsfólk Selásskóla
- Kynning á upplýsingatækninni í skólanum fyrir starfsfólk Varmalandsskóla
- Fyrirlestur í HÍ um upplýsingatæknina í grunnskólum Garðabæjar
- Örnámskeið fyrir kennara í margmiðlun þar sem tekið var fyrir *Picture Manager* og *Photo Story*
- Kynning á *ReNet* fyrir kennara skólans
- Kynning á *ReNet* fyrir Eyjólf Má í tungumáladeild HÍ

Örnámskeið fyrir yngri deildar kennara þar sem farið var yfir *2Create a Story* og lauslega *Kidpix* Örnámskeið í námstækni og hugarkortagerð. Kennt á forritið *Freemind* PowerPoint námskeið fyrir starfsfólk á bæjarskrifstofum Garðabæjar

## Framtíðarsýn

Allnokkrar breytingar verða næsta vetur á tölvukennslunni og fyrirkomulagi varðandi umsjón með tölvukerfi skólans. Stofnuð hefur verið tölvudeild við bæinn og tók hún til starfa vorið 2009. Á haustmánuðum verður lögð vinna í að slípa til verkferla og samskipti við nýstofnaða tölvudeild. Fjárfest var í *S5 verkbeidnakerfi Kögunar* og á öllum starfsmönnum að vera kleift að skrá verkbeidnir í kerfið. Mikilvægt er að leggja góðan tíma og vinnu í innleiðingu á nýja kerfinu og breyttum verkferlum.

Kennslufyrirkomulagi í tölvukennslunni verður breytt næsta vetur. Ekki verður lengur kennd tölvufærni í smærri hópum þar sem hringekju og List- og verkgreinahóparnir hafa verið skornir niður að miklu leyti. Allir árgangar fá einn tíma í tölvustofu ásamt umsjónarkennara að undanskildum 2. bekk en hann fær að auki eina stund. á viku í tölvufærni og 7. bekkur fær tvær stundir á viku í hringekju. Kennsluráðgjafi mun óska eftir að kennarar geri sjálfir kennsluáætlanir með hliðsjón af þeim áherslum sem lagaðar verða fyrir skólaárið. Þeir munu hafa fyrri áætlanir til hliðsjónar.

Kennsluráðgjafi hefur skráð skólann á *Etwinning* og hefur fengið væntanlega umsjónarkennara í 5. bekk til að taka upp fjölþjóðlegt samstarf undir merkjum *Comeniusar*. Skólinn á vonandi eftir að taka þátt í nokkrum fjölþjóðlegum verkefnum á komandi árum.

Nokkuð var rætt um aðgengis- og öryggismál í vetur. Mikilvægt er að ljúka þeirri umræðu sem fyrst, samþykka og birta aðgengis- og öryggisreglur bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Nemendur í 1. og 2. bekk hafa haft sameiginlegt aðgangs- og leyniorð að tölvukerfinu en í 3.-7. bekk hafa nemendur haft eigið heimasvæði til afnota. Nemendum hefur tekist ágætlega að fóta sig í þessu „nýja umhverfi“. Stefnt er að því að breyta örlítið reglum um aðgengi og vistun gagna. Það hefur verið ósk kennsluráðgjafa og

kennara að þeir hafi aðgang að öllum gagnasvæðum nemenda.

Starfsfólk skólans er alltaf að verða meira sjálfbjarga hvað varðar myndatökur, flutning mynda og flokkun á sameign. Auk þess hefur útlán á skjávörpum, hátölurum og öðrum jaðarbúnaði aukist. Áfram verður unnið í að gera starfsfólk enn meira sjálfbjarga hvað varðar tölvur og tæknina. Auk þess verður áfram unnið að því að dreifa meira skrifum á vef skólans.



Námskeið í vefumsjón

Kennsluráðgjafi mun ásamt verðandi umsjónarkennara í 4. bekk halda áfram að þróa notkun gagnvirku kennslutöflunnar í kennslu. Sótt var um styrk í styrktarsjóð *Brunabótar* (EBÍ). Það er von okkar að stefnt verði að því að nútímavæða kennslustofurnar smátt og smátt þannig að nemendur fái aðgang að heiminum á skjótan og skemmtilegan hátt og að sama skapi að mögulegt sé að miðla efni á skilvirkan og lifandi hátt úr kennslustofunni.

Margmiðlun og myndbandavinnsla hefur verið nokkuð blómleg undanfarin skólaár. Nemendur hafa búið til myndbönd í vali, í tengslum við skólastarfið og vegna skemmtana á sal. Stefnt er að því að koma tölvunum sem notaðar eru til klippinga í herbergi tölvuumsjónarmanns í 7. bekkjar álmunni til að skapa aðstæður til vinnu. Ekki er sérstök aðstaða til mynd- eða hljóðvinnslu í skólanum. Í framtíðinni væri æskilegt að koma upp slíkri aðstöðu. Fullur hugur er á að halda þessari vinnu áfram og sækja fram. Því þurfum við aðstöðu þar sem mögulegt er að koma 12-15 nemendum fyrir við 3-4 tölvur, nettenging þarf að vera til staðar og þokkaleg hljóðeinangrun. Einnig þurfa einstaklingar og hópar að hafa nokkuð rúmt aðgengi að stofunni (ekki mikið bundin í annarri kennslu) vegna þess að ofangreind vinna er mjög tímafrek.

Hvað varðar kennsluna og innra starf skólans er mikilvægt að halda námskeið fyrir kennara, ritara og skólastjórnendur og veita áframhaldandi stuðning. Vinna þarf markvisst að því að kennarar geri ráð fyrir upplýsingatækni í kennsluáætlunum.

Í könnun sem kennsluráðgjafar í UT í Garðabæ lögðu fyrir í lok skólaárs 2007-2008 um tölvu- og upplýsingatækni kom m.a. fram hjá kennurum Hofsstaðaskóla að þeir töldu sig nokkuð vel í stakk búna til að nýta sér tölvu- og upplýsingatækni í kennslu. Sú aðstoð sem þeir töldust nýtast sér best var að fá kennsluráðgjafa í samstarf um afmörkuð verkefni. Einnig töldu þeir að kennsla á ákveðin forrit kæmi til með að gagnast þeim vel sem og fundir með kennsluráðgjafa.

Eins og fram hefur komið í skýrslunni þá tók kennsluráðgjafi þátt í ýmsum verkefnum með kennurum og nemendum á skólaárinu þá sérstaklega í tengslum við margmiðlun og myndbandavinnslu. Auk þess hélt kennsluráðgjafi nokkur örnámskeið fyrri starfsfólk og var þátttaka ágæt. Vonandi hefur það eitthvað komið til móts við þarfir skólans og starfsfólks. Næsta skólaár stefna kennsluráðgjafar að því að sameinist um námskeiðahald.

Elísabet Benónýsdóttir kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni

## Skýrsla kerfisstjóra Hofsstaðaskóla

Starf kerfisstjóra felst í því að setja upp tölvubúnað skólans og halda honum gangandi. Að setja upp ný forrit á vélar þegar þau eru keypt og halda utan um aðgangsstýringar notenda. Þá hefur kerfisstjóri aðstoðað kennara og nemendur við notkun á tækjum í sal sem og á skjávörpum, ljósmynda- og myndbandstökuvélum. Þá fer alltaf einhver tími í endurmenntun í einni eða annarri mynd, m.a. námskeið og kynningar, lesa um þau tæki og tól sem verið er að nota og átta sig á því hvernig ný forrit virka o.s.frv.

Í vetur var stofnuð tölvudeild hjá Garðabæ. Þeir þrjú sem hafa starfað sem kerfisstjórar grunnskólanna í Garðabæ, auk yfirmanns tölvumála hjá Garðabæ, mynda hina nýju tölvudeild. Þetta hefur í för með sér að viðvera kerfisstjóra í skólanum minnkar en á móti kemur að þeir, kerfisstjórnarnir, koma til með að sinna öllum stofnunum bæjarins í sameiningu. Þá er ætlunin að hvert þeirra fyrir sig sérhæfi sig í tilteknum þáttum starfseminnar, með það að markmiði að auka kunnáttu og getu hópsins til þess að sinna sem flestum þáttum tölvumála hjá Garðabæ.

## Námskeið og kynningar

Nánast ekkert hefur verið um námskeið á þessum vetri og kynningar fáar. Þannig að endur- og símenntun hefur meira og minna verið í eigin höndum kerfisstjóra. Nýja Vista stýrikerfið frá Microsoft hefur verið til athugunar í nokkra mánuði og liggur sú niðurstaða fyrir að það muni ekki henta skólanum að taka það upp. Hinir kerfisstjórar bæjarins komust að sömu niðurstöðu og mun því Windows XP vera notað áfram þangað til annað og betra stendur til boða. Ásókn kennara í að fá Office2007 uppsett á vélarnar hjá sér hefur aukist verulega og því hefur verið brýnt að kynna sér vel hvernig hlutirnir virka í þessum nýja Office pakka. Í vor var síðan tekin ákvörðun um að setja Office2007 upp á allar vélar skólans, bæði nemenda- og kennaravélar.

## Salur Hofsstaðaskóla

Sumarið 2008 var að mestu lokið við útlitslegar framkvæmdir við sal skólans með byggingu svala gegnt sviðinu. Einungis er eftir að huga betur að myrkvun salarins. Um haustið var síðan hafist handa við að koma stjórnstækjum fyrir á svölunum og setja upp skjávarpa og tjald auk þess sem sett var upp stjórnstöð fyrir tækin og með henni snertiskjáiur bæði á svölum og sviði. Með snertiskjánum er hægt að kveikja og slökkva á skjávarpa, setja tjald upp og niður og stýra tveimur hljóðnemum. Er núna hægt að stýra bæði hljóði og mynd frá svölunum, jafnframt því sem hægt er að gera einföldustu aðgerðir með snertiskjá á sviðinu sjálfu. Foreldrafélag skólans færði skólanum að gjöf fullkomin „DJ“ tæki, þ.e. tæki til að spila danstónlist í salnum. Þá keypti skólinn BlueRay spilara sem tengdur er við skjávarpann og hann, ásamt skjávarpa og hljómtækjum salarins, gera mögulegt að vera með „alvöru“ bíósýningar í salnum. Þau tæki sem eftir á að fá í salinn eru sviðsljós, þau kaup frestast eitthvað vegna sparnaðaraðgerða.

Í örkönnun sem gerð var meðal kennara um notkun á salnum kom fram almenn ánægja með þær breytingar sem gerðar hafa verið. Var það samdóma álit að það væri bæði hægt að gera meira í salnum, t.d. vera með myndbandasýningar, og eins að auðveldara væri að stýra tækjunum frá svölunum heldur en frá hliðarvæng sviðsins. Þau vandamál sem upp hafa komið hefur reynst auðvelt að leysa og ber ekki á öðru en að almenn ánægja ríki með orðnar breytingar. Þá sjá kennarar fram á nýja möguleika varðandi sýningar á sal þegar væntanlegur ljósabúnaður verður kominn.

## Tölvumál starfsmanna

Litlar sem engar breytingar urðu á tölvumálum starfsmanna, þar sem skólinn er enn með vélarnar frá 2007. Þó stækkaði örlítið sá hópur sem fær tölvur frá skólanum, aðallega vegna fjölgunar starfsmanna sem sinna nemendum með fötlun og aðrar sérþarfir.

## Tölvumál nemenda

Sömu sögu er að segja varðandi tölvumál nemenda; litlar breytingar hafa orðið þar sem engar nýjar vélar voru teknar inn á síðasta ári. Lokið var við að setja upp vélar í allar bekkjarstofur. Hafa þær vélar verið í mismikilli notkun, sumstaðar hafa þær verið í gangi nánast allan daginn og sumstaðar hefur varla hefur verið kveikt á vélum. Þá var vélum á bókasafnsloftinu fjölgað um tvær, þrjár vélar voru settar upp á bókasafninu sjálfu, fyrir nemendur til gagnaöflunar. Einnig voru settar upp tvær vélar í „Kastalanum“ og fjórar fartölvur, fyrir utan fartölvuvagninn, voru nýttar af nemendum, þ.e. ein var notuð á svölunum í salnum, einn var notuð í ljósmyndavinnslu og gerð kynningarefnis, ein var fyrir nemendur í sérkennslu á fyrstu hæð vesturálmú og loks var ein vél notuð af blindum nemanda í skólanum. Í vetur fóru elstu vélarnar á bókaloftinu að hökta og eftir langa leit kom í ljós að „þétta“ í móðurborði vélanna eru að gefa sig sem þýðir að þessar vélar koma væntanlega til með að geispa golumni næsta vetur, ein af annarri. Til að leysa það vandamál sem af því hlýst gæti komið til greina að flytja vélar úr þeim bekkjarstofum þar minnst notkunin er.

## Prentarar og ljósritunarvélar

Ljósritunarvélnar sem teknar voru á rekstrarleigu árið 2007 voru keyptar fyrir áramótin 2008-2009. Eftir bankahrúnið varð hagstæðara fyrir skólann að eiga vélarnar frekar en að vera með þær á rekstrarleigu. Til að draga sem mest úr rekstrarkostnaði vélanna er litavélin stillt þannig að svart/hvít prentun er sjálfgefin og báðar vélar eru með prentun báðum megin á blaðið sem sjálfgefna stillingu. Xerox prentarinn er á leiðinni

út þar sem rekstrarkostnaðurinn á honum hefur rokið upp. Aðeins einn bleksprautuprentari er eftir í öllum skólanum og er hann eingöngu notaður til að prenta á geisladiska og geisladiska hulstur. Í fyrrahaust hóf blindur nemandi nám við skólann og var fenginn blindraletursprentari fyrir hann. Það gekk treglega að fá hann til að virka eins og til var ætlast en það tókst þó fyrir rest og var m.a. prentað út vitnisburðarblað fyrir nemandann með honum.

### Þráðlaust net

Á undan förnnum árum hafa verið settir upp einn og einn þráðlaus punktur í skólanum á hverju ári. Í vetur var nokkrum bætt við og með því náðist að gera skólann nánast allan þráðlausan. M.a. eru komnir punktar í salinn, kaffistofu starfsmanna, vinnu- og fundarherbergi, hofin, báðar hæðir vesturálmunnar og efri hæð austurálmu. Einungis vantar tvo litla senda til að ná öllum skólanum þráðlausum. Þetta hefur aukið þægindi bæði kennara og nemenda þar sem ekki þarf lengur að tengja fartölvur með snúru til að ná netsambandi né þarf að eltast við að tengja fartölvuvagninn þegar nemendur eru að nota vélar úr honum. Þetta þýðir loks að fartölvurnar bera nafn með rentu.

### Framtíðin

Eins og fram kemur hér að framan, var stofnuð töludeild hjá Garðabæ nú í vetur og hóf hún formlega starfsemi 1. júní 2009. Deildin hefur aðsetur á 6. hæð í turninum við Garðatorg, auk þess verður áfram starfsaðstaða fyrir kerfisstjóra í skólunum. Með þessari breytingu minnkar viðveran í skólunum en á móti kemur að „allir sinna öllum“ sem vonandi vegur upp á móti minni viðveru. Þá er það markmið deildarinnar að hvert og eitt sinni ákveðnum sérverkefnum og sérhæfi sig í tilteknum þáttum starfseminnar sem vonandi leiðir einnig til bættrar þjónustu. Kerfisstjóri telur tölvmál Hofsstáðaskóla vera í góðu lagi í dag. Vegna samdráttar hjá Garðabæ verða engar tölur keyptar eða teknar á leigu á þessu ári og líklega ekki heldur á því næsta. Vonandi tekst að halda þeim vélum sem skólinn er með í nothæfu ástandi út þessar þrengingar. Vitað er að elstu vélarnar, þ.e. þær á bókaloftinu, eru á síðasta snúning og spurning hvornig það mál verður leyst. Hvort það verði gert með því að færa til vélar eða hvort fjárveiting fæst til að uppfæra gömlu vélarnar er ekki ljóst á þessari stundu.

Hans Gústafsson kerfisstjóri Hofsstáðaskóla



Allir hjálpast að við grillveisluna

## 5. TÓMSTUNDAHEIMILI

Í þessum hluta skýrslunnar er gerð grein fyrir því starfi sem fram fór í tómstundaheimili Hofstaðaskóla veturinn 2008-2009, innra starfi, starfsmannamálum, fjöldatölum og ferlinu sem fylgdi nýju aðstöðunni sem hefur verið hönnuð og útbúin í skólabyggingunni sjálfri.

### Nýr umsjónarmaður

Í haust tók nýr yfirmaður við tómstundaheimili Hofstaðaskóla. Greta Sverrisdóttir er með M.A. gráðu frá Bandaríkjunum í rekstrarfræði, í tómstundamálum ásamt því að vera með kennsluréttindi frá Kennaraháskóla Íslands. Greta er með átta ára reynslu í vinnu að tómstundamálum fyrir börn á ýmsum aldri. Hún tók við starfi umsjónarmanns tómstundaheimilis Hofstaðaskóla þann 15. ágúst 2008.

### Innra starf

Í vetur var lögð áhersla á að hafa fjölbreytni í starfinu með börnunum svo að allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi. Boðið var upp tómstundir sem hvöttu börnin til hreyfingar, svo sem leiki í sal og útiveru. Einnig var í boði skapandi starf s.s föndur af ýmsu tagi. Börnin gátu einnig valið að lita, spila, kubba eða lesa, auk þess unnu nemendur heimanám ef foreldrar óskuðu þessu. .

Ýmsar uppákomur voru í starfinu í vetur sem féllu utan hefðbundins starfs. Söngvakeppnin *Idol-tómstund* var haldin við mikla kátínu allra, bæði keppenda og áhorfenda. Hópförð var farin í hátíðarsal skólans og horft var á bíómynd á stóra tjaldinu. Á skipulagsdögum var farið í ýmsar vettvangsferðir. Sem dæmi má nefna að farið var á Náttúruminjasafn Kópavogs, Þjóðminjasafnið og Hellisgerði í Hafnarfirði.

Þegar hallaði undir vorið var ákveðið að kominn væri tími til að tómstundaheimili Hofstaðaskóla fengi formlegt nafn. Ákveðið var að leyfa börnunum að taka þátt í valinu og lögðu þau til ýmsar tillögur að nafni. Starfsmenn lögðu einnig nokkur nöfn í púkkið og að því loknu var efnt til kosninga. Heil vika fór í kosningarnar svo að sem flestir gætu lagt sitt atkvæði á vogaskálarnar. Niðurstaðan varð sú að heimilið fékk nafnið *Regnboginn* og var nafnið tilkynnt við formlega athöfn í tómstundaheimilinu að skólastjórnendum viðstöddum. Boðið var upp á veitingar og skemmtu allir sér konunglega.

Námskeið í Legókubbasmiðum var haldið á vormánuðum og komust færri að en vildu. Jóhann Breiðfjörð, sem vann sem hönnuður hjá *LEGO* í Danmörku í mörg ár kenndi á námskeiðinu. Námskeiðið mæltist vel fyrir og mætti gjarnan halda á hverri önn.

Stór hluti starfsins í tómstundaheimilinu er að senda börn á hinar ýmsu æfingar og má þá einu gilda hvort það séu íþróttæfingar eða tónlistartímar. Sum barnanna fóru á æfingar í Mýrinni eða innan Hofstaðaskóla, aðrir gengu í Tónlistarskóla Garðabæjar og enn aðrir tóku strætó á æfingar.




Jólasveinaskórinn útbúinn



Mikið var lagt upp úr því að koma öryggismálum á hreint. Börnin voru skráð þegar þau komu inn í heimilið og einnig er þau voru sótt eða send heim. Þess var gætt að fá öll skilaboð staðfest frá foreldrum en að taka ekki bara á móti munnlegum skilaboðum frá foreldrum í gegnum börnin. Einnig var ítrekað við foreldra að allar breytingar og sem flestar tilkynningar kæmu til umsjónarmanns í gegnum tölvupóst fyrir klukkan 13:00 hvern dag. Þetta kom í veg fyrir að þess konar upplýsingar töpuðust eða gleymdust í dagsins önn. Ef börnin skiluðu sér ekki innan viss tíma var hringt í foreldra þeirra til að athuga hvort einhver breyting hefði orðið.


### Skráning og fjöldi

Í ágúst höfðu borist um fjörutíu umsóknir fyrir vetrarstarfið en þeim fjölgaði ört og flest voru börnin 140. Fyrir áramót fækkaði nokkuð í hópnum að hluta til vegna efnahagsástandsins. Í lok skólaárs eru um 100 börn í tómsundaheimilinu Regnboganum.




Í vetur voru drengir fleiri en stúlkur í tómsundaheimilinu. Endurspegladist það í þeim áhugamálum sem voru áberandi í vali barnanna á tómsundum. Íþróttir voru vinsælastar hjá drengjunum, fótbolti og handbolti einna helst, einnig voru drengirnir ríkjandi í húsasmíði úr kaplakubbum og svo völdu þeir tölvurnar oftast en stúlkurnar tóku frekar þátt í fönðurhópum, þær vildu frekar perla, lita, og vera í hlutverkaleikjum en drengirnir. Drengir og stúlkur sóttust álíka jafnt í að fara út á leikvöll og í hina ýmsu spilamennsku og borðleiki.

Hlutfall kynjanna í tómsundaheimilinu veturinn 2008-2009





Tómstundaheimilið var opið alla starfsdaga, skipulagsdaga og aðra frídaga sem féllu á almenna vinnudaga. Nauðsynlegt var fyrir foreldra að skrá börnin sérstaklega fyrir þessa daga og þó nokkur þátttaka var alla slíka frídaga í vetur. Í október voru tveir slíkir dagar, bæði skipulagsdagur og foreldradagur. Foreldrar virðast ekki alltaf átta sig á að það þarf að skrá börnin sérstaklega þessa daga þó alltaf sé sendur tölvupóstur þar um. Á skipulagsdegi í október voru 43 börn, í jólaeyfi voru 22 börn á foreldradegi í janúar mættu 32 börn. Í vetrarleyfi voru börnin 24 og páskaleyfi 21 barn.



### Starfsmannamál

Nokkur hreyfing var á starfsmönnum í tómstundaheimilinu eins og oftast. Starfsmenn komu og fóru. Auk umsjónarmanns starfa þarf þrír kennarar nokkra tíma á viku og fjórir til sex aðrir starfsmenn. Tveir nemendur fá sérstakan stuðning, en tveir starfsmenn til viðbótar eru ráðnir til að vinna með þeim. Bókasafnsfræðingur vinnur einn dag í viku í tómstundaheimilinu.

Nauðsynlegt er að fá meiri stöðugleika í starfsmannahaldið, t.d. með því að bjóða upp á símenntun og meiri samskipti við aðra starfsmenn skólans.



Sköpunargleði í fyrirrúmi

## Húsnæði

Tómstundaheimilið í Hofstaðaskóla hefur verið í lánshúsnæði í anddyrinu á íþróttahúsinu Mýrinni sem stendur á milli Hofstaðaskóla og Fjölbrautaskóla Garðabæjar. Þar hefur farið þokkalega um starfssemina en samt hefur ekki verið hægt að gera það að notalegu og heimilislegu húsnæði fyrir börnin þar sem nauðsynlegt er að draga allt fram úr geymslum í upphafi dags og pakka síðan öllu aftur niður að degi loknum. Aðstaðan samanstendur af anddyri/holi og fjórum mjög litlum herbergjum sem nýttust undir daglegt starf heimilisins. Tómstundaheimilið hefur haft aðgang að íþróttasal í Mýrinni, tölvustofu skólans, bókasafni skólans ásamt leikvelli skólans.

Ekki var hægt að hanna eða skreyta tómstundaheimilið að vild þar sem húsnæði Mýrarinnar er íþróttahús og þar fara fram íþróttæfingar og kappleikir. Í aðstöðu tómstundaheimilisins var einnig kaffisala fyrir áhorfendur leikjanna. Samstarf við starfsmenn Mýrarinnar var farsælt og kom sér mjög vel, en það var samt nauðsynlegt og tímabært að tómstundaheimilið fengi sitt eigið húsnæði. Haustið 2008 var hafist handa við að hanna húsnæði fyrir tómstundaheimilið í kjallara Hofstaðaskóla. Reiknað er með því að tómstundaheimilið muni taka nýju aðstöðuna í notkun í upphafi skólaársins 2009-2010.

## Framtíðarsýn

Tómstundaheimilið *Regnboginn* í Hofstaðaskóla er stærsta tómstundaheimilið í Garðabæ og sem slíkt þarf það aðrar áherslur en hin tómstundaheimilin. Mjög mikilvægt er að þar sé umsjónarmaður í 100% starfi til að sinna skipulagsvinnu og til að geta sinnt samskiptum við foreldra og samstarfsaðila innan og utan skólans. Áriðandi er að húsnæðið bjóði upp nægilegt rými fyrir öll börnin. Framtíðarsýn Regnbogans er björt. Stefnt er að því að vinna með börnunum á lýðræðisgrundvelli þannig að þau hafi val um hvað þau taka sér fyrir hendur. Mikilvægt er að hvetja þau til þess að hafa sjálfstæða hugsun, taka ábyrgð á ákvörðunum sínum og taka tillit til annarra í starfinu. Í svona stórum hóp, er mikilvægt að kenna börnunum tillitsemi, þolinmæði og samvinnu svo að öllum líði vel.



Góðir leikfélagar

Í starfi með börnum er mikilvægt að bjóða upp á sambland af skapandi starfi, hreyfingu og afþreyingu. Börnin hafa verið í skipulagðri vinnu allan daginn og þurfa á því að halda að fá að tjá sig í sköpun, að hreyfa sig og einnig að slaka á í rólegu umhverfi. Í eins barnmörgu tómstundaheimili og *Regnboginn* er þá er hætta á því að sumir verði undir eða tynist í hópnum. Því er mjög mikilvægt að reyna að vinna með einstaklingunum eins og hægt er, finna styrkleika þeirra og veikleika og byggja svo ofan á þá með því að hvetja þau áfram í starfi.

Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru um starfið skólaárið 2008-2009 í tómstundaheimilinu Regnboganum, Hofstaðaskóla. Stefnt er að því að gera næsta vetur enn betri í nýju húsnæði og með úrvalstarfsmönnum sem munu sumir halda áfram og öðrum sem koma nýir inn.

Greta Sverrisdóttir, umsjónarmaður Regnbogans.